




Samstarf og vinátta **fótbolti 24**



Svipmyndir úr Landsdómi **dómsmál 30**



spottið **12**

Ný Bjalla frumsýnd í dag



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

10. mars 2012
60. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Fram í kastljósið

Sagan er jafnan hliðholl sitjandi Bandaríkjaforseta þegar kemur að kjördegi.

stjórnsmál 36



Embla ársins

Ruth Snædahl var nýlega heiðruð fyrir sjálfboðastörf sín í hjálparsamtökunum Enza í Afríku.

höfðaborg 34

Mennirnir í næsta húsi

Eftirminnileg illmenni úr íslenskri kvikmyndasögu.

bíó 38

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Fólk | Atvinna | Heilsa



DÝRIN VEKJA LUKKU Fríða Björnsdóttir og hundurinn Mandla hófu nýverið að heimsækja heimilisfólkið á Hrafnistu í Kópavogi á vegum hundavina Rauða krossins. Valentínus Guðmundsson er einn þeirra sem hefur fengið að kynnast Möndlu undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjórsá klýfur Samfylkingu

Leggja átti lokaútgáfu rammaáætlunar fyrir ríkisstjórnina í gær en hætt var við á síðustu stundu. Spurningin hvort setja eigi neðri hluta Þjórsár í biðflokk klýfur Samfylkingu. Málið er á borði iðnaðarráðherra.

STJÓRN MÁL Þingflokkur Samfylkingarinnar er klofinn í afstöðu sinni til þess hvort færa beri neðri hluta Þjórsár úr virkjanaflokki í biðflokk í rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Enn er jafnframt deilt innan stjórnarflokkanna um stöðu nokkurra virkjanakosta á miðhálandinu í rammaáætlun.

Til stóð að leggja endanlega þingsályktunartillögu um rammaáætlun fyrir ríkisstjórn-

ina á fundi hennar í gærmorgun en málinu var frestað á síðustu stundu, þar sem Samfylkingin var ekki reiðubúin að taka lokaafstöðu til málsins.

Sumir þingmenn flokksins taka undir þá skoðun Vinstri grænna að endurskoða eigi neðri hluta Þjórsár sem virkjanakost í ljósi þess að fram séu komnar nýjar upplýsingar um viðgang laxastofnsins í ánni. Frekari rannsóknir kalli á að Þjórsá fari í bið-

flokk. Hluti þingflokksins vill hins vegar ganga lengra í virkjanamálu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er þó almenn samstaða innan umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um að breyta upprunalegum drögum að rammaáætlun eins lítið og mögulegt er. Innan Samfylkingarinnar er það sjónarmið uppi að ekki eigi að hreyfa mikið við virkjanakostum, þar sem áætlunin sé lögð

fram til framtíðar og verði að geta staðið af sér ríkisstjórnarskipti.

Samkvæmt þingmálaskrá átti að leggja rammaáætlun fram í byrjun febrúar, en málið er enn á borði Oddnýjar G. Harðardóttur iðnaðarráðherra. Til stendur að taka málið upp á þingflokksfundum Samfylkingar á mánudag. Samkvæmt þingsköpum verður að leggja fram frumvörp fyrir 1. apríl til að þau verði tekin á dagskrá.

-sv

Gull á CenterHotel Klöpp
Skoðið nánar bls. 13
12.-14. mars
GREITT FYRIR GULLIÐ Á STAÐNUM!

Kringlan
Ferming
TÍSKUSÝNING Í DAG KL. 14
Ópið 10-18

Ópið til 18 í dag
Allt fyrir ferminguna
Smáralind

SPURNING DAGSINS



Helgi, andaði köldu á milli ykkar?

„Nei, það var svo funneitt á milli okkar að maður varð að vera verulega svalur til að kæla þetta niður.“

Bandaríski söngvarinn John Grant hefur samið og tekið upp nýtt lag með Helga Björnssyni. Grant segir það hafa verið virkilega svalt að vinna með Helga.

Varasamt litarefni:

Kók og Pepsi breyta uppskriftunum

NEYTENDAMÁL Gosrisarnir Coca-Cola og Pepsi ætla að breyta uppskriftunum að drykkjum sínum til þess að þurfa ekki að setja viðvörðun á umbúðirnar. Fréttavefur BBC greinir frá því að rannsóknir á músom og rottum hafi leitt í ljós að efnið 4-metylimidazol, sem gefur drykkjunum lit, geti valdið krabbameini. Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið segir að drekka þurfi innihald úr eitt þúsund dósom til þess að fá í sig sama skammt og tilraunadýrunum var gefinn. Í nýju uppskriftunum verður minna af fyrrgreindu efni. - ibs

Fjölskylduféður afhjúpaðir:

Kynferðisbrot gegn stúlkum

FINNLAND Finniska lögreglan hefur handtekið tju karlmenn, þar á meðal nokkra fjölskylduféður, vegna gruns um kynferðisbrot og tilrauna til kynferðisbrots gegn stúlkubörnum.

Talið er að mennirnir hafi frá árinu 2009 haft samskipti við hundruð stúlkna á aldrinum níu til 15 ára á samskiptasíðum, samkvæmt frásögn á vef Hufvudstadsbladet.

Karlarnir, sem villtu á sér heimildir, greiddu stúlkunum með smávegis af peningum, áfengi eða sigarettum.

Hinir grunuðu, sem þekkjast ekki, eru á aldrinum 20 til 46 ára. Sumir þeirra hafa brotið gegn sömu stúlkunum. - ibs

ÍSRAEL

Fjórir drepnir í loftárásum

Fjórir létu lífið í loftárásum Ísraels hers á Gaza í gær. Meðal þeirra sem féllu var Zohair al-Qaisi, forspraki andspyrnuhóps Palestínumanna. Talsmaður hersins fullyrðir að hann hafi verið að undirbúa hryðjuverkaárás í Ísrael.

Salan á Iceland Foods til Malcolm Walker og félaga hans frágengin:

Tugmilljarða auiking á virði Iceland

VIÐSKIPTI Raunaukning á áætluðum endurheimtum vegna sölu Skila-stjórnar Landsbanka Íslands (LBI) á bresku verslanakeðjunni Iceland Foods nam um 85 milljörðum króna, að því er kemur fram í áætlun sem birt var á vef LBI í gær. Þá var tilkynnt um að endanlega hafi verið gengið frá sölnunni á öllum hlut LBI í Iceland til félags í eigu Malcolm Walker forstjóra og fleiri stjórnenda fyrirtækisins.

Heildarsöluverðmæti hlutarins í Iceland er tæpar 200 milljarðar króna og er greitt fyrir hlutinn í reiðufé að mestu, en bankinn lánar



SELT Gengið hefur verið frá sölnunni á hlut gamla Landsbankans í Iceland Foods. Áætlað er að endurheimtur í þrotabú Landsbankans muni verða um 1.440 milljarðar króna.

kaupendum um 50 milljarða vegna kaupanna. Endurheimtur í þrotabú Landsbanka Íslands eru nú áætlaðar nærri 1.440 milljörðum króna sem er um 121 milljarði króna hærri en sem nemur heildarfgangskröfum.

Hluturinn í Iceland var langstærsta einstaka eign LBI en eftir standa meðal annars eignir í verslanakeðjunum Hamley's, House of Fraser og Aurum auk 18,7% hlutar í nýja Landsbankanum. Greiðslur úr búi gamla Landsbankans hófust í desember á síðasta ári þegar slitastjórn LBI greiddi út samtals 432 milljarða króna til kröfuhafa. - þj

Árásarmaður áfram í haldi:

Gæsluvarðhald framlengt í gær

LÖGREGLUMÁL Guðgeir Guðmundsson var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 4. apríl. Guðgeir stakk Skúla Eggert Sigurur, framkvæmdastjóra Lagastöðar, og særði hann lífshættulega á mánudaginn. Annar starfsmaður lögmennstofunnar særðist einnig í árásinni. Guðgeir var upphaflega úrskurðaður í gæsluvarðhald til föstudags á grundvelli rannsóknarhagsmuna, en lögregla fór fram á áframhaldandi varðhald á grundvelli almannahagsmuna. Honum er gert að sæta geðrannsókn. - sv

Aðstoða Norðmenn vegna hættuástands

Íslenskir sérfræðingar á sviði almannavarna og rýmingaráætlana aðstoða Norðmenn vegna hættu sem þar er til staðar vegna berghruns í sjó. Þar gæti þurft að forða fleiri þúsund manns vegna hruns og hættu á flóðbylgjum.

JARÞVÁ Norskir sveitarstjórnarmenn horfa til reynslu Íslendinga af viðbúnaðar- og rýmingaráætlunum. Í kjölfar nýrrar skýrslu norskra jarðfræðinga hefur vaknað á ný umræða í landinu um hættuástand sem skapast getur vegna bergskriðs. Bæði er horft til hættunnar af skriðum yfir byggð og flóðbylgjum sem myndast geta þegar gríðarmagn af bergstáli hrynur ofan í þröngan fjöð.

Í júní stendur til að Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli, og Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarna-deildar Ríkislögreglustjóra, fari til Tromsø Kommune og aðstoði við gerð rýmingaráætlana þar. Þar snúa áhyggjur manna helst að byggð í grennd við Lyngen-fjörðinn, austur af Tromsø.

Í vikunni kynnti Norska jarðvísindastofnunin (NGU) hins vegar skýrslu um Storhaugen-bergið í Mandalen í Norður Noregi sem talið er að geti hrunið hvað úr hverju. Sveitarstjórn Kåfjord fundaði um málið á miðvikudagskvöld.

Þá fjölluðu fjölmiðlar í Noregi nú í vikunni um hættuna á risavaxinni flóðbylgju í Storfjorden, skammt frá Álasundi, í vesturhluta landsins.

Þar er bergstál í stóru fjalli, Ákneset, talið geta hrunið niður í fjörðinn með litlum fyrirvara. Bergið er um 54 milljónir rúmmetra og gæti valdið 85 metra háa flóðbylgju, að því er fram kom í umfjöllun norska ríkisútvarpsins, NRK.

Þar er reiknað með því að rýma þurfi svæði þar sem búa 5 til 7 þúsund manns. Vonir standa til þess



SÉÐ YFIR TROMSØ Langir mjórir firðir og há fjöll geta skapað hættu á nokkrum stöðum í Noregi, bæði vegna hruns og svo vegna flóðbylgja sem geta myndast. Flóðbylgja í mjóum firði getur orðið margir tugir metra á hæð falli mörg þúsund tonn af bergi í sjóinn. MYND/TROMSØ KOMMUNE



ÁLASUND Byggðarlög nærri Álasundi í V-Noregi eru í hættu vegna yfirvofandi berghruns. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

að allt að þriggja daga fyrirvari verði áður en að hruni kemur, en það gæti hvort heldur sem er orðið á morgun eða eftir 20 ár.

Mælingar hafa að jafnaði sýnt

um 15 sentimetra skrið á berginu síðustu ár. Síðustu ár hefur skriðið hins vegar aukist og ekki stoppað að vetri líkt og verið hefur.

Sveinn Kristján segir fyrirhugaða ferð þeirra Víðis til komna vegna áhuga sveitarstjórnarmannsins Sveins Ludvigsen í Tromsø. „Þeir komu hingað í haust frá Tromsø til að kynna sér rýmingar og hvernig að þessum málum er staðið hér,“ segir Sveinn. Þar er litið til þess hvernig til tókst vegna eldgosa í Eyjafjallajökli og svo Grímsvötnum, sem og til áætlana sem til eru vegna Kötlugoss.

„Þeir vilja fræðast um hvernig við nálgumst fólkið og læra að fræða án þess að hræða,“ segir Sveinn. olikr@frettabladid.is



MEÐ FÁNANN Íslendingarnir báru íslenska fánann í eyðimörkinni.

Íslenskir hlaupagarpar:

Hlupu 112 kílómetra í Sahara

FÓLK Arnaldur Birgir Konráðsson, framkvæmdastjóri og annar eigenda Boot Camp, og Ágúst Guðmundsson, slökkviliðsmaður á höfuðborgarsvæðinu, luku í dag eyðimerkurhlaupi í Sahara-eyðimörkinni fyrstir Íslendinga. Það má segja að þetta hafi ekki verið neitt skemmtiskokk hjá félögnum en hlaupið er 112 kílómetrar.

Um 160 manns tóku þátt í hlaupinu. Lagt var af stað frá Túnis á þriðjudaginn og tók hlaupið fjóra daga. Á fyrstu dögum var hlaupið 23 kílómetra og í fyrradag var hlaupið heilt maraþon. Hlaupinu lauk í dag með 23 kílómetra hlaupi.

Ólafur og Dorrit til Noregs:

Heimsækja Holmenkollen

BESSASTADIR Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þekkt boð Haraldar Noregskonungs og Sonju drottningar um að vera nú um helgina gestir konungshjónanna á Holmenkollen skíðahátíðinni.

Í tilkynningu segir að Holmenkollen hátíðin sé einn helsti skíðaviðburður Noregs og fjölsóttur af almenningi enda fara þar fram Heimsleikar í norrænum greinum, svo sem í göngu og stökki.

Slitastjórn Landsbanka Íslands stefnir endurskoðunarfyrtækinu PwC:

Sagðir hafa fegrað stöðu bankans

FJÁRMÁL Slitastjórn gamla Landsbanka hefur stefnt endurskoðunarfyrtækinu PricewaterhouseCoopers (PwC) fyrir að hafa fallist á ranga ársreikninga sem hafi blekkst markaði með því að gefa villandi mynd af stöðu Landsbankans fyrir hrun. RÚV sagði frá þessu í kvöldfréttum í gær, en bótakrafan á hendur PwC hleypur á hundudum milljóna króna.

Í frétt RÚV kom jafnframt fram að endurskoðendur frá PwC, sem voru ytri endurskoðendur Landsbankans á árunum fyrir hrun, eru taldir hafa vitað af bágrri stöðu bankans í árslok 2007.

Þá hafi endurskoðendur vitað af því að veð sem lágu að baki lánunum til fyrirtækjanna Eimskips, Icelandic Group, FL-Group og tengdum félögum upp á tæpa 200 millj-



ENDURSKOÐENDUM STEFNT Slitastjórn gamla Landsbanka hefur stefnt endurskoðunarfyrtækinu PricewaterhouseCoopers fyrir að hafa vísvitandi fegrað stöðu bankans í aðdraganda hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

arða króna, hafi verið ótrygg eða engin.

Í frétt RÚV segir jafnframt að í stefnu slitastjórnar sé því haldið fram að PricewaterhouseCoopers hafi engu að síður ákveðið í samráði við stjórnendur bankans að birta röng uppgjör ársreikninga 2007 og árshlutareikninga 2008.

Leiða megli líkur að því að ef réttir reikningar hefðu verið lagðir fram hefði Landsbankinn misst starfsleyfi sitt, Icesave-innlánasöfnun í Bretlandi hefði stöðvast og aldrei hafist í Hollandi. Þar af leiðandi hefði umfang banka hrunsins orðið mun minna. - þj

Hugarrækt á Grænlandi

KMS

Langar þig til að fá meira út úr lífinu?
Draga úr áhyggjum, streitu og leiða?

Fjórðan tíma námskeið í Kulusuk dagana 21.-25. apríl nk þar sem sálfræðingar kenna aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar og árvekni til að óðlast jafnvægi og vellíðan

Hundasleðaferð um náttúruperfur svæðisins og heimboð til innfæddra innfalið

Svalaðu ævintýrarápránni og nærðu andann

Sérstakt kynningarverð á aðeins 140.400 krónur*

Skráningarfræstur er til 17. mars, frekari upplýsingar á www.kms.is eða í síma 534-0110

*Námskeið, flug, gisting, morgunverður, ganga um náttúruperfur svæðisins og heimboð til innfæddra innfalið

VERKFAERA MARKAÐUR

Húsasmiðjunnar um land allt um helgina

verkfaerasett

**25%
afsláttur**



Hand-
verkfaeri

**25%
afsláttur**



Greina- og
hekkklippur*

**25%
afsláttur**



Black&Decker
rafmagnsverkfaeri

**20%
afsláttur**



Hillurekkar

**15%
afsláttur**



Verkfaera-
töskur

**25%
afsláttur**



**LJÓS
RÝMINGAR
SALA
SKÚTUVOGI**

**50-70%
afsláttur**



SOFTSHELL
RÝMINGAR
SALA
SKÚTUVOGI

**2.990
~~8.590~~**



Bílavörur

**20%
afsláttur**



Kaffi Garður Skútuvogi opið til kl. 17 um helgar.

Pylsa eða pizza **199** kr. og kók

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.



HÚSASMÍÐJAN

GENGIÐ 10.03.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	124,94	125,54
Sterlingspund	197,13	198,09
Evra	165,24	166,16
Dönsk króna	22,221	22,351
Norsk króna	22,21	22,34
Sænsk króna	18,573	18,681
Japanskt jen	1,5273	1,5363

SDR 192,65 193,79

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
227,1664

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



ÞÓR SAARI

MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

Þingmenn Hreyfingarinnar:

Biðja hlutaðeigandi afsökunar

STJÓRN MÁL Þór Saari og Margrét Tryggvadóttir báðust í gær afsökunar á því ef skrif þeirra um hnífaárás á lögmansstofu fyrr í vikunni hafi verið særandi eða meiðandi fyrir þá sem eiga um sárt að binda.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá þingmönnum, sem báðir hafa verið gagnrýndir fyrir framgöngu sína í tengslum við málið. Í yfirlýsingu segja Þór og Margrét umræðuna óvægna og ítreka að ofbeldi sé aldrei réttlætunlegt og þau fordæmi það í öllum birtingarmyndum.

- þeb

Endurvinnsla í Mosfellsbæ:

Flokkunartunnur við heimilin

MOSFELLSBÆR Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hvetur íbúa bæjarinnar til að auka flokkun sorps.

Í byrjun júní verður endurvinnslutunnum fyrir pappírsúrgang dreift til allra íbúa bæjarinnar. Bærinn áætlað að spara um 25 prósent kostnaðar við urðun sorps með aukinni endurvinnslu. Mosfellsbær verður þar með annað sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu á eftir Kópavogi til að endurvinnna úrgang frá hverju heimili. Hvern mánuð fara tæp 130 tonn í förgun frá bænum.

- gs

4

Grikkir losna við nærri þriðjung ríkisskuldanna sinna á einu bretti:

Venizelos fagnar nýju tækifæri

GRIKKLAND „Í fyrsta sinn í sögu landsins höfum við tækifæri á að draga verulega úr skuldum ríkisins,“ sagði Evangelos Venizelos, fjármálaráðgjafi Grikklands, þegar hann kynnti niðurstöður viðræðna við helstu lánardrottna ríkisins úr einkageiranum í gærmorgun.

Niðurstaðan varð sú að nærri 86 prósent þeirra banka og vögunarsjóða, sem eiga samtals 177 milljarða evra af alls 206 milljarða heildarskuld gríska ríkisins við einkafyrirtæki, ætla að fella niður 53,5 prósent skuldanna.



EVANGELOS VENIZELOS

fellingunni, verða þvinguð til að taka þátt.

Par með losna Grikkir á einu

Þetta þýðir að gríska stjórnin getur beitt þvingunarákvæði í lögum, sem reyndar voru sett eftir á, og fela í sér að þau fjármálafyrirtæki, sem ekki vildu vera með í skuldaniðurfellingunni, verða þvinguð til að taka þátt.

bretti við 107 milljarða evra af 350 milljarða heildarskuldum gríska ríkisins.

„Í dag er búið að leysa þetta vandamál,“ voru viðbrögðin frá Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, sem sagðist afar kátur með að vera laus við gríska vandann.

Aðrir hafa þó varað við of mikilli bjartsýni, og benda á að líklega þurfi Grikkir á frekari aðstoð að halda innan nokkurra mánaða. „Það eru mistök að halda að búið sé að leysa gríska vandann.“

- gb

Miðlanotkun ungmenna:

Halda sig við gömlu miðlana

SVIÐJÓÐ Börn og ungmenni verja meiri tíma í hefðbundna miðla en netið, samkvæmt sænskri rannsókn. 75 prósent af tímanum sem börn á aldrinum 9 til 14 ára verja í miðla fer í að horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp, tónlist og hefðbundinn lestur. Í aldurshópnum 15 til 24 ára er hlutfallið 60 prósent.

Lestur hefur minnkað undanfarin 30 ár, einkum lestur fag- og kennslubóka. Facebook höfðar til fleiri ungmenna en dagblöð. Tilförlulega fá ungmenni nota spjaldtölvur, rafbækur og twitter.

- ibs

Rúmur þriðjungur hefur íhugað sjálfsvíg

45 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta í fyrra höfðu gert tilraunir til sjálfsvígs og rúmur þriðjungur hafði íhugað það. Flestir upplifa skömm og sektarkennd því ábyrgðin er ekki lögð á ofbeldismenn, segir talskona samtakanna.

SAMFÉLAGSMÁL Rúmur þriðjungur þeirra sem leituðu sér hjálpar á Stígamótum í fyrra vegna kynferðisofbeldis höfðu verið í sjálfsvígshugleiðingum. Sextán prósent, eða 45 einstaklingar, höfðu gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. Þetta kemur fram í ársskýrslu Stígamóta.

„Við vitum auðvitað að sjálfsvígshugleiðingar eru þekktar almennt í samfélaginu en ég er alveg viss um að það er ekki þannig að meira en einn þriðji Íslendinga er að gæla við sjálfsvíg,“ segir Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta.

Algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis eru léleg sjálfsmýnd, kvíði, skömm, depurð og sektarkennd samkvæmt fólki sem kom í viðtöl á Stígamót í fyrra. Yfir sjötíu prósent viðmælenda upplifðu þessar tilfinningar. Flestir, eða 78,8 prósent höfðu upplifað lélega sjálfsmýnd og kvíða og 77 prósent upplifðu skömm. Tæplega sjötíu prósent höfðu upplifað svipmyndir, sem eru myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega upp kollinum og valda hugarangri. Þá eru reiði, erfið tengsl við maka eða vini, ótti og tilfinningalegur doði meðal algengra afleiðinga.

„Okkar fólk er að dröslast í gegnum lífið með skömm og sektarkennd yfir mannréttindabrotum sem einhverjir aðrir frömdu á þeim. Það er eitthvað óskrandi rangt við það,“ segir Guðrún. „Þetta eru ansi langlífar ranghugmyndir sem við erum að eyða miklu þúðri í að breyta vegna þess að það er enn svo ríkjandi fordómar um það fólk



Á STÍGAMÓTUM 313 ný mál komu til kasta Stígamóta í fyrra. Rúmur þriðjungur fórnarlamba hafði hugleitt sjálfsvíg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sem er beitt ofbeldi og vegna þess að ábyrgðin á ofbeldinu er ekki sett þar sem hún á heima, nefnilega hjá þeim sem beita ofbeldi.“

Tæp fjórtíu prósent þeirra sem leituðu til Stígamóta, eða 109 einstaklingar, höfðu ekki rætt ofbeldið við neinn fagaðila áður. 27 prósent höfðu rætt við sálfræðing, sextán prósent við lækni og þrettán prósent geðlækni. Flestir höfðu þó sagt einhverjum frá ofbeldinu áður en leitað var til Stígamóta. Algengast er að vini eða vinkonu hafi verið sagt frá ofbeldinu, en í 180 skipti hafði vini verið sagt frá því. 130 höfðu sagt maka frá, 127 sögðu móður frá og 121 hafði sagt fagaðila frá ofbeldinu.

thorunn@frettabladid.is

Ástæður fyrir komu á Stígamót 2011

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	103	17%
Grunur um sifjaspell	5	0,8%
Nauðgun	143	23,6%
Grunur um nauðgun	12	2%
Nauðgunartilraun	29	4,8%
Klám	23	3,8%
Vændi	12	2%
Kynferðisleg áreitni	101	16,6%
Andlegt ofbeldi	89	14,7%
Líkamlegt ofbeldi	63	10,4%
Ofsóknir ofbeldismanns	20	3,3%
Annað	3	0,5%
EKKI VISS	4	0,7%

*Fólk sem kemur til Stígamóta er oft að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið mörg. Þess vegna eru ástæður komu mun fleiri en einstaklingarnir.

Sala Fjölskylduhjálparinnar:

Dugar fyrir einni mjólkurúrúthlutun

SAMFÉLAGSMÁL Fjölskylduhjálparinnar Íslands safnaði um 280 þúsund krónum með sölu á fatnaði í Kola-portinu um síðustu helgi. Þessi upphæð dugir þó einungis fyrir einni mjólkurúrúthlutun í Reykjavík og Reykjanesbæ, að sögn Ásgerðar Jónu Flosadóttur, formanns Fjölskylduhjálparinnar.

„Söfnunin gekk vel en þetta er samt eins og dropi í hafið. Þeir sem þurfa aðstoð skipta þúsundum,“ segir hún.

Fjölskylduhjálpin ætlar að vera með fatamarkað í Kola-portinu nú um helgina. Fatnaður er einnig seldur í húsakynnum hennar í Eskihlíð.

- ibs

Nýr framkvæmdastjóri:

Brynjólfur til Framtakssjóðs

VIÐSKIPTI Brynjólfur Bjarnason, fyrrum forstjóri Símanum og Skipta, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands.

Hann var hjá Símanum og Skiptum frá 2002 til 2010, forstjóri Granda hf. 1984-2002 og framkvæmdastjóri Almenna Bókafélagsins frá 1976-1983.

Brynjólfur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk MBA prófi frá University of Minnesota.

Framtakssjóður Íslands er í eigu sextán lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS. Sjóðurinn á eignarhluti í sjö fyrirtækjum.



BRYNJÓLFUR BJARNASON

SIEMENS

Sölusýning í dag!

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins.
Opíð frá 10 til 16.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

ÁFRAM S-ÁTTIR Í dag snýst vindur í S- og SV-átt og hversir, fyrst vestantil en síðan í öðrum landshlutum. Á morgun verður strekkingur eða allhvasst framan af degi en lægir síðdegis og á mánudaginn hversir á ný er liður á daginn. Hlýnar tímabundið í dag.

Á MORGUN 8-16 m/s Hægast syðst.

MÁNUDAGUR Snýst í S- og SA-átt og hversir.

HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	13°
Berlín	9°
Billund	9°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	21°
London	16°
Mallorca	11°
New York	6°
Orlando	25°
Ósló	5°
París	14°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

20% afsláttur af öllum
afskornum blómum
í tilefni af blómasýningu

ÍSLENSK RÆKTUÐ BLÓM

Á STÓRRI BLÓMASÝNINGU

UM HELGINA

Nú er tækifærið til að velja réttu
blómin í brúðarvöndinn

Tilboð

25% afsláttur
af öllum fræjum



Svona gerum við
sýnikennsla í gerð brúðarvanda úr
íslenskum blómum kl. 14.00 og 16.00
laugardag og sunnudag

Lukkupottur!
Kjóstu uppáhalds blómið þitt
og þú getur unnið veglegan
blómvönd með þeim blómum!



ÖLL blómabúnt
990kr



Matlaukarnir komnir!

Tertusneið
að eigin vali
og kaffi

690kr



spíran
bistro á 2. hæð

Grillskóli Garðheima og Weber

Raukt [fullbókað]
28. mars kl. 18:00

Raukt
18. apríl kl. 18:00

Hvitt með vínunum
3. maí kl. 18:00

Hvitt
12. apríl kl. 18:00

Raukt með vínunum [fullbókað]
26. apríl kl. 18:00

Raukt með vínunum
10. maí kl. 18:00

Ræktunarnámskeið garðyrkjudeildar

Ræktun kryddjurta
14. mars kl. 17:30

Trjáklippingar
20. mars kl. 17:30

Grænmetisrækt
11. apríl kl. 17:30

Ávaxtaræktun
2. maí kl. 17:30



Opið til kl. 21:00 öll kvöld



Hefur þú áhyggjur af umsvifum glæpagengja á Íslandi?

Já	61,2%
Nei	38,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með fréttum af Landsdómi?

Segðu þína skoðun inni á Vísí.is



Segir fyrirætlanir bandaríska sorpeyðingarfyrtækisins Triumvirate ólögmetar:

Ólögmett að flytja inn sorp

ÍDNADUR Ólöglegt er að flytja inn sorp og spilliefni frá Bandaríkjunum, að mati Árna Finnssonar, formanns Náttúruverndarsamtaka Íslands. Í bréfi sem Árni hefur sent þingmönnum kemur fram að ákvæði Basel-samningsins komi í veg fyrir slíkan innflutning.

Bréfið sendi Árni í kjölfar þess að Fréttablaðið greindi frá því að bandaríska sorpeyðingarfyrtækið Triumvirate Environmental hefði lagt fram kauptilboð í sorpeyðingarstöðina Kólku á Suðurnesjum. Kauptilboðið lagði Triumvirate fram með það fyrir augum að flytja úrgang

frá Norður-Ameríku til Íslands og brenna í sorpeyðingarstöðinni, sem er í Helgufvík.

Basel-samningurinn svokallaði er alþjóðasamningur sem hefur það að markmiði að draga úr flutningi spilliefna á milli landa. Þá er honum sérstaklega ætlað að koma í veg fyrir að spilliefni frá ríkum löndum séu losuð í fátækum löndum.

Í bréfi Árni er vísað til tveggja greina í samningnum. Samkvæmt þeirri fyrri er aðildarríki að samningnum ekki leyfilegt að flytja inn sorp frá ríki sem hefur ekki aðild að honum en Bandaríkin hafa



ÁRNI FINNSSON

ekki staðfest samninginn. Greinin gildir nema Ísland og Bandaríkin geri með sér sérstakan tvíhliða samning sem þó má ekki ganga skemur en ákvæði Basel-samningsins gera. Segir Árni að slíkur samningur hafi ekki verið gerður og því sé fyrirhugaður innflutningur óheimill samkvæmt lögum.

Skiptir um forstjórastól:

Frá Norðurorku til Jarðboranna

VÍÐSKIPTI Væntanleg starfslok forstjóra Norðurorku voru kynnt starfsmönnum fyrirtækisins á fundi í gærmorgun.

Fram kemur í tilkynningu stjórnar Norðurorku að fráfarandi forstjóri, Ágúst Torfi Hauksson, hafi sagt upp starfi sínu. „Ágúst mun að eigin ósk hverfa til annarra starfa,“ segir þar.

Í annarri tilkynningu frá Jarðborunum kom svo fram að Ágúst Torfi hefði verið ráðinn þar sem forstjóri og hefji störf á næstunni.

- ók

Stjórnvöld vísa kröfu ESA alfarið á bug

Í málsvörn íslenskra stjórnvalda vegna Icesave-málsins er því haldið fram að tilskipun um innistæðutryggingar hafi verið rétt innleidd og engin mismunun hafi átt sér stað varðandi meðferð íslenskra og erlendra innistæðueigenda.

ICESAVE Tilskipun um innistæðutryggingar var rétt innleidd hér á landi og engin mismunun átti sér stað innan innistæðutryggingakerfisins milli íslenskra og erlendra innistæðueigenda. Þetta kemur fram í greinargerð vegna málsvarnar íslenskra stjórnvalda í Icesave-málinu sem var til EFTA-dómstólsins í fyrradag og gefin var út í gær.

Stjórnvöld vísa því kröfu Eftirlitsstofnunnar EFTA (ESA) alfarið á bug, eins og segir í tilkynningu og krefjast þess að dómstóllinn hafni kröfu ESA.

ESA telur að íslenska ríkið hafi brotið gegn fyrrnefndri tilskipun með því að íslenska innistæðutryggingakerfið hafi hyllað innistæðueigendum í íslenskum bönkum með því að færa þær innistæður inn í nýja banka án þess að tryggja greiðslur til innistæðueigenda Icesave-reikninga í Bretlandi og Hollandi.

Hvað varðar brot á innistæðutryggingartilskipuninni segir í málsvörninni að ekki hafi verið brotið gegn henni, enda sé hvergi kveðið á um að íslenska ríkinu hafi borið að leggja tryggingarsjóðnum til fjármuni ef eignir hans dygðu ekki til. Ekkert slíkt tryggingakerfi geti staðist allsherjar bankahrun og hvergi sé til þess ætlast.

Þá hafi innistæðueigendur í Hollandi og Bretlandi fengið greitt úr tryggingarsjóðum sinna ríkja og þeir sjóðir fái greiðslur úr búi Landsbankans. Allir innistæðueigendur, hvort sem er í innlendum eða erlendum útibúum gömlu bankanna, hafi fengið forgangsrétt við skipti úr búum bankanna. Því sé tryggt að enginn muni skadaast og enginn innistæðueigandi sé því lakar settur en annar.



EFTA-DÓMSTÓLLINN Íslensk stjórnvöld krefjast þess í málsvörn sinni að dómstóllinn hafni kröfu ESA í Icesave málinu. MYND/YAPH

Enginn innistæðueigandi lakar settur

„Ekkert innistæðutryggingakerfi stenst allsherjar bankahrun og ljóst er af lögskýringargögnum og ýmsum úttektum að ekki er til þess ætlast. Við hrun bankakerfis þarf að grípa til annarra aðgerða. Það var gert á Íslandi með því að setja neyðarlögin og stofnsetja á grundvelli þeirra nýja banka. Allir innistæðueigendur í innlendum sem erlendum útibúum fengu forgangsrétt við skipti á búum gömlu bankanna. Með því hefur verið tryggt að enginn innistæðueigandi varð lakar settur.“

Úr málsvörn stjórnvalda í Icesave-málinu


Ef dómstóllinn mun fallast á að brotið hafi verið gegn tilskipuninni byggja íslensk stjórnvöld á því að um óviðráðanlegar aðstæður hafi verið að ræða og því skuli skylda ríkisins falla niður. Tryggingafjárhæðin sem um ræðir nemi 650 milljörðum króna, sem jafngildi skatttekjum íslenskra ríkisins í hálf tanna ári og þess háttar fjármunir hafi ekki staðið Íslandi til boða á þeim tíma sem um ræðir.

Hvað varðar mismunun milli innistæðueigenda segir í málsvörn stjórnvalda að kröfur ESA séu á misskilningi byggðar. Hvorki íslenska innistæðutryggingakerf-

id né íslenska ríkið hafi greitt íslenskum innistæðueigendum. Eignir Landsbankans greiði kröfur bæði innlendra og erlendra innistæðueigenda. Mismunandi aðferðir við endurskipulagningu bankakerfisins hafi verið „fullkomlega réttlætlanlegar“ og það sé viðurkennt af ESA og Hæstarétti.

ESA fær frest til að bregðast við þessari greinargerð stjórnvalda og leggja fram sín andsvör, sem stjórnvöld hyggjast svara áður en málflytningur hefst á síðari hluta ársins. Tim Ward fer fyrir málsvörn íslenskra stjórnvalda.

thorgils@frettabladid.is



Hópadeild Iceland Express
Fáðu tilboð fyrir hópinn þinn!

Settu upp sólgleraugun fyrir sumarið!

Við ætlum að elta góða veðrið í allt sumar og bjóðum flug á frábæru verði til **Barcelona** á Spáni, **Bologna** á Ítalíu og **Basel** í Sviss. Hafðu sólarolíuna til taks og bókaðu sól og sumaryl á www.icelandexpress.is

Verð frá

25.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Iceland Express

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

BYLGJAN
989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálapáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



Hundavinir hjá Rauða krossinum heimsækja fólk í hverri viku og vekja lukku:

Ofboðslega gefandi fyrir alla

FÓLK „Ég er búin að eiga hunda síðan 1983 og þetta er held ég það allra skemmtilegasta sem ég hef kynnst í sambandi við hunda,“ segir Brynja Tomer, sem átti hugmyndina að því að hundar bættust í hóp heimsóknarvina Rauða krossins, sem heimsækja ýmsa samfélagshópa í hverri viku.

Brynja hafði verið á ráðstefnu í Svíþjóð árið 2005 þar sem umfjöllunarefnið var hvernig hundar gætu bætt lífsgæði manna. Hundarnir heimsækja nú einkaheimili, hjúkrunarheimili, spítala og sambyli meðal annars ásamt eigendum sínum. Hundarnir þurfa að standast próf hjá Brynju til að fá að heimsækja fólk. „Þetta er ofboðslega gefandi, það sem er svo gaman við þetta er að allir njóta góðs af. Þeir sem fá hundana í heimsókn hafa yfirleitt gaman að því að umgangast dýr.“

Fríða Björnsdóttir á þrjá hunda og fékk nýlega leyfi fyrir þá alla. Hún hefur farið í nokkur skipti með hundinn Möndlu á Hrafnistu í Kópavogi og hefur haft gaman af því.

- þeb



ANÆGJA Á HRAFNISTU Lára Herbjörnsdóttir kann greinilega vel við Möndlu, sem Fríða Björnsdóttir hefur komið með í heimsókn á Hrafnistu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Danskir dagar



Ekta dönsk
Lifrakæfa



Tulip kæfur
2 tegundir



Tulip kjötbollur

Tulip álegg í úrvali



TULIP ÁLEGG

Hamborgarhryggur
Rúllupylsa
Reykt rúllupylsa
Steiktur kambur
Roastbeef
Nautabringa
Dönsk salami
Hvítlauksspægipylsa



GOTT VERÐ
899 kr/kg

Svínasiða
ribbensteg að dönskum sið



GOTT VERÐ
1.799 kr/kg

Fylltar svínalundir
með gráðaosti



GOTT VERÐ
1.198 kr/kg

Hamborgarhryggur
að dönskum sið



GOTT VERÐ
899 kr/kg

Svínabuff
að dönskum sið



Hreinn djús
3 tegundir



Danskir goddrykkir
Squash og Cola



Hot dog pylsur, pylsubrauð og dressing
allt sem þú þarft í danska Pølse



Sambakossar
2 tegundir



Spunk og Ga-Jol
nammi nammi



Wonderful Copenhagen kex
algjört sælgæti



Haribo hlaup



Toms súkkulaði álegg
algjört sælgæti



Birkibrauð



Kims snakk
nýtt og spennandi

GOTT VERÐ
289 kr/stk

Gildir til 18. mars á meðan birgðir endast.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - dagur 5



Forseti Landsdóms krafði Össur um nöfn

Báðir bankastjórnar Landsbankans fullyrtu við seðlabankastjóra að yfirtaka ríkisins á Glitni hefði engin áhrif á hina bankana. Þetta kom fram í vitnisburði Össurar Skarphéðinssonar fyrir Landsdómi. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra telur forvera sinn hafa gert allt sem hann gat til að afstýra bankahruni árið 2008.

„Mér kom aldrei til huga að einhver banki myndi rúlla, svo ég upplýsi fávísi mína,“ sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fyrir Landsdómi í gær, spurður um hvernig hann hafi metið stöðuna í kringum páskana 2008.

Össur, sem var iðnaðarráðherra þegar bankakerfið hrundi, sagði að síðar hafi runnið á hann tvær grímur. Hann hafi þess vegna spurt á fundi í Seðlabankanum 28. september hvaða áhrif yfirtaka ríkisins á 75 prósentu hlut í Glitni kynni að hafa. Þar hafi hann verið fullvissadur um að hinir bankarnir myndu ekki fara í þrot í kjölfar þeirrar aðgerðar.

Markús Sigurbjörnsson, forseti Landsdóms, spurði Össur nánar út í þetta atvik, og vildi fá að vita hver eða hverjir það hafi verið sem hafi fullvissað Össur um að hinir bankarnir myndu ekki falla.

Össur sagðist hafa spurt þessarar spurningar þrisvar. Í fyrsta skiptið á fundinum í Seðlabankanum. Þar hafi hann verið upplýstur um að Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, hafi fullyrt þetta daginn áður.

Trúði ekki Davíð Oddssyni

„Ég held að það hafi verið þáverandi seðlabankastjóri [Davíð Oddsson] sem sagði þetta. Ég var ekki alveg viss um að hann hafi sagt mér satt,“ sagði Össur. Hann hafi því spurt annan starfsmann Seðlabankans sem setið hafi fundinn með Sigurjóni í einrúmi þegar þeir brugðu sér á sama tíma á salernið, en fengið sömu svör.

Síðar sama kvöld segist Össur hafa spurt Davíð aftur. Davíð hafi þá rætt í síma við Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra Landsbankans, og hafi hann svarað á sama veg og Sigurjón.

„Ég held að Geir [H. Haarde] hafi gert allt sem í hans valdi stóð [...] til að taka á þessum vanda,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í vitnisburði hennar fyrir Landsdómi í gær.

Hún sagði Geir, sem er ákærður fyrir Landsdómi fyrir vanrækslu í

aðdraganda bankahrunsins, meðal annars hafa beitt sér fyrir því að styrkja gjaldeyrisvarasjóð Íslands með gjaldmiðlaskiptasamningum við Danmörku, Svíþjóð og Noreg. Auk þess hafi hann og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra reynt að leysa lausafjáranda bankanna, meðal annars með því að vinna gegn neikvæðri ímynd íslensku bankanna.

Rætt var innan ríkisstjórnarinnar árið 2008 til að viðskiptabankarnir þrír væru of stórir, en Jóhanna sagði ekki hægt að saka Geir um að hafa ekki brugðist við þeirri stöðu. Enginn hafi bent á þær aðgerðir sem hægt hefði verið að grípa til árið 2008 til að minnka efnahagsreikning bankanna. Andrúmsloftið hafi verið afar viðkvæmt, og allt sem sagt hafi verið hafi getað haft áhrif á bankana. Þetta er svipað viðhorf og heyrst hefur frá öðrum stjórnmaláttum og embættismönnum sem borið hafa vitni.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, sem bar vitni á undan Jóhönnu í gær, var sömu skoðunar. Hann sagðist enn ekki hafa hitt þann mann sem hafi geta bent á hvernig hefði verið hægt að framkvæma það á árinu 2008.

Glæpir sem jaðra við landráð

Jóhanna var harðorð í garð Seðlabankans, og sagðist eins og aðrir hafa tekið mark á skýrslum sem frá bankanum komu árið 2008. Í skýrslu sem kom út í maí hafi komið fram að staða bankanna væri góð, og það hafi róað hana. Eftir á að hyggja hafi verið afar sérkennilegt að bankinn hafi látið slík plögg frá sér á þessum tíma.

Mikið uppnám varð á ríkisstjórnarfundum þann 30. september 2008 þegar Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, kom óvænt á fundinn, sagði Jóhanna. Hún sagði í gær að Davíð hafi greint ríkisstjórninni frá því að bankakerfið væri að hrynja, og hafi nánast talið að loka þyrfti landinu.

Þá segir hún Davíð hafa viljað að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem þá sat viki, og þjóðstjórn tæki við völdum. Jóhanna orðaði það þannig í gær að ekki hafi allir verið ánægðir með þá hugmynd Davíðs, enda varð hún ekki að veruleika.

Össur lýsti fundinum með Davíð í meiri smáatriðum. Hann sagði ríkisstjórnarfundinn hafa verið byrjadan þegar Geir hafi verið kallaður af fundi, sem sé í sjálfu sér mjög óvenjulegt. Davíð hafi svo fylgt Geir inn á fundinn.

Á fundinum greindi Davíð ríkisstjórninni frá því að ekki hafi tekið að bjarga málinum með því að leggja Glitni til hlutafé frá ríkinu tveimur dögum fyrr, sagði Össur.



VITNAR UM FORVERANN Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra bar vitni um störf forvera síns á stóli forsætisráðherra fyrir Landsdómi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það hafi verið gert að undirlagi Davíðs. Viðbrögð markaðarins voru ekki eins og reiknað hafði verið með, lánshæfismat bankanna féllu og lánaáhrif þornuðu.

Þá sagði Össur að Davíð hafi notað „nokkur vel valin orð“ yfir eigendur tveggja „tilgreindra“ banka. Hann sagði að rétt væri að stórefla efnahagsbrotadeild ríkislögrelustjóra því eigendur bankanna tveggja hafi framið glæpa- verk sem jaðraði við landráð.

Össur nefndi bankana ekki á nafn. Í skýrslu Seðlabankans um fjármálaástandið frá því í maí þá sama ár fengu Kaupþing og Glitni mun lakari umsögn en Landsbankinn.

Mismæðvitnið um samráðshóp

Össur sagði að Davíð hafi ekki fyrr varað við alvarlegri stöðu íslenska fjármálakerfisins í sín eyru. Eins og Jóhanna sagðist hann hafa treyst skýrslu Seðlabankans sem út kom í maí 2008 þar sem bankarnir voru sagðir standa traustum fótum. „Skýrslan frá Seðlabankanum í maí var túlkað þannig af fjölmiðlum og stjórnmaláttum að staða bankanna væri í lagi,“ sagði Össur.

Jóhanna sagðist fyrst hafa heyrt af starfi samráðshóps um fjármálaástandið árið 2006. Í hópnum sátu fulltrúar forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka. Geir er meðal annars sakaður um að hafa ekki beitt sér fyrir því að vinna hópsins væri markvissari.

Jóhanna sagðist hafa heyrt af samráðshópnum í svari þáverandi viðskiptaráðherra við fyrirspurn hennar á Alþingi árið 2006.

Össur virðist ekki hafa fylgst með þeirri fyrirspurn samflokkskonu sinnar því hann sagði fyrir Landsdómi í gær að hann hafi fyrst heyrt af tilvist samráðshópsins á ríkisstjórnarfundum í mars 2008. Hann sagðist eftir það hafa talið að hópurinn ætti að vinna að einhvers konar viðbragðsáætlun vegna fjármálaáfalls og fylgjast grannt með stöðu mála.

Össur ekki rétti maðurinn

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi formaður Samfylkingarinnar, vildi ekki að Björgvin G. Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, yrði látinn vita af fundi æðstu ráða-

manna um yfirtöku á 75 prósentu hlut í Glitni haustið 2008, sagði Össur.

Hann segir Ingibjörgu, sem var þá stödd í Bandaríkjunum, hafa hringt í sig klukkan 18 á sunnudegi og beðið sig að vera fulltrúa sinn og Samfylkingarinnar á fundi með forsætisráðherra, seðlabankastjóra og fleirum.

Össur sagðist ekki hafa haft mikinn áhuga á því, hann hafi ekki talið sjálfan sig rétta manninn til að sitja slíkan fund, enda bankamál fjarri hans sérsviði. Ingibjörg hafi talið hann á að fara, og sent með honum Jón Þór Sturluson, aðstoðarmann Björgvins.

Össur sagðist hafa viljað hringja í Björgvin, en Ingibjörg hafi ekki viljað það. Þegar leið á fundinn hringdu Össur og Jón Þór í aðra ráðherra Samfylkingarinnar til að fá umboð þeirra til að taka ákvarðanir í nafni flokksins.

Brjann Jónsson

brjann@frettabladid.is



30 daga hreinsun á mataræði!

Námskeið með **DAVÍÐ KRISTINSSYNI** næringar- og lífsstílsþjálfara

Fimmtudagurinn 15. mars

Námskeiðið er haldið í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5, kl. 20 - 22.

Innifalið er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðill.

Námskeiðsgjald aðeins kr. 5.500,-

Nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Hefði tekið 2-3 ár að flytja Kaupþing



JÓHANNES RÚNAR JÓHANNSON

Verjandi Geirs H. Haarde, Andri Árnason, kallaði fjölmarga fyrrverandi starfsmenn íslensku bankanna og menn sem sátu í skilaneftum þeirra í vitnastöku í gær til að lýsa hvers konar ástand var fyrir eignasölu á árinu 2008. Einn ákæruliðurinn á hendur Geir snýr að því að hann hafi ekki beitt sér nægjanlega gagnvart því að minnka íslenska bankakerfið í aðdraganda hrunsins.

Vitnin voru öll á einu máli um að eignasala hefði verið erfið og myndi að öllum líkindum hafa mjög neikvæð áhrif á eigið fé bankanna. Þess utan myndu þau senda skilaboð út á markaðinn að bankarnir væru í vandræðum. Því hefði eignasala í raun getað haft þau áhrif að fella bankana, frekar en að bjarga þeim.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, sem situr í slitastjórn Kaupþings og starfaði hjá bankanum fyrir hrun, var spurður út í „Project Hans“ og „Project Einar“, endurskipulagningarhugmyndir sem Hreiðar Már Sigurðsson sagði á fimmtudag að hefðu verið á teiknaborðinu hjá Kaupþingi. Jóhannes Rúnar sagði endurskipulagningar vanalega taka tvo til átján mánuði. Í tilvik Kaupþings hafi verið um fjármálaáhrif tæki að ræða sem hefði verið með hlutabréf skráð í tveimur löndum (Íslandi og Svíþjóð), með mjög flókna fjármögnun og ytri aðstæður á árinu 2008 hafi verið mjög vandar. „Flækjustigið í þessu tilvik var margfalt.“

Auk þess snerist „Project Einar“ um að flytja höfuðstöðvar bankans til Bretlands, en erlendur banki hafði aldrei gert slíkt áður. Að mati Jóhannesar myndi svona flutningur, væri hann gerlegur, því taka tvö til þrjú ár hið minnsta. Hann taldi „Project Hans“, sem snerist um að flytja hluta af starfsemi bankans frá Íslandi til Danmerkur annars vegar og Bretlands hins vegar, hefði í raun ekki breytt neinu til skamms tíma fyrir Kaupþing.

Kringlan

Ferming

– Hvergi meira úrval!

Dagskrá laugardaginn 10. mars

Kl. 14 **Fermingartíkusýning**


Kl. 15 **Ari Eldjárn** með uppstand

Friðrik Dór tekur lagið

Gestir geta gætt sér á gómsætu konfektum frá Nóa Siríus og Glacéau Vitamin Water frá Vífilfelli.



Gjöf sem hentar öllum!



Friðrik Dór



Ari Eldjárn



Mán – mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi - dagur 5

Treystu ekki Kaupþingi

Framkvæmdastjóri alþjóðamarkaðssviðs Seðlabanka Íslands íslensku bankana hafa verið mjög meðvitaða um þann vanda sem vofði yfir þeim á árinu 2008.

Sigurður Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóðamarkaðssviðs Seðlabanka Íslands, eða Sturla eins og hann er kallaður, sat í viðlagahópi innan Seðlabankans. Sá hópur útbjó meðal annars viðlagahandbók, sem kölluð var svarta bókin, og átti að vera uppflöttirit ef allt færi á versta veg. Meðal verkefna sem hann vissi til að bankarnir voru að vinna að var sala eigna. Sturla bar vitni fyrir Landsdómi í gær.

Það var þó ekki létt verk. Ráðgjafar frá JP Morgan, sem störfuðu fyrir Seðlabankann, sögðu til að mynda að verðmat á norska tryggingafélaginu Storebrand, sem var að hluta til í eigu Exista og Kaupþings, hafi verið 30 til 35% lægra en það átti að vera einungis vegna aðkomu íslenskra aðila að því. Í alþjóðlegu umhverfi hafi menn verið meðvitadír um að íslensku bankarnir voru í vandræðum og að þeir hafi verið „lægstir í fæðukeðjunni“.

Sturla sagði að erlendum aðilum hafi fundist íslenskir athafnamenn hafa keypt þau fyrirtæki erlendis allt of dýru verði. Ef þeir myndu selja þau, eða bankarnir sem fjármögnuðu kaupin á þeim selja lánin þeirra, þá myndu þeir þurfa að selja með afslætti frá bókfærðu verði. Það myndi lækka eigið fé bankanna og það myndu þeir ekki þola.

Sturla fór með Davíð Oddssyni til



VANDAMÁL Sturla sagði að íslenskt eignarhald á erlendum fyrirtækjum lækkaði eitt og sér virði þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ.GVA

London í febrúar 2008. Þar funduðu þeir með fulltrúum ýmissa banka. Skilaboðin sem þeir fengu voru skýr: Íslenskir bankar nutu ekki trausts. Ef aðstæður til fjármögnunar á markaði myndu ekki lagast, gætu íslensku bankarnir ekki búist við því að geta fjármagnað sig með skuldabréfaútgáfu.

Icesave hélt lífi í bönkunum

Fulltrúar tveggja banka sögðu að Kaupþing væri „alveg rúíð trausti“. Þeir treystu ekki því sem stjórnendur Kaupþings sögðu þegar þeir voru að kynna uppgjör sín, sagði Sturla.

Traustið á hinum bönkunum var líka lítið og menn virtust almennt mjög meðvitaðir um að krosseignatengsl í íslenska fjármálakerfinu væru þannig að ef einn banki félli myndi það hafa gríðarleg áhrif á þann næsta. Skilaboðin sem föruneytið hafi tekið með sér heim úr þessari heimsókn hafi verið sú að staðan á Íslandi væri grafalvarleg.

Að sögn Sturlu var það eina sem hélt lífi í bönkunum á árinu 2008 Icesave-innlánasöfnunin. Ef það hefði verið gripið til aðgerða til að stöðva hana, eða „kippa því úr sambandi“ eins og Sturla orðaði það, þá hefði það haft áhrif á alla bankana. Þeir hefðu allir fallið.

Aðspurður um töluvert útstreymi sem varð út af Icesave-reikningunum í mars 2008 sagði Sturla að Landsbankinn hefði staðið það af sér. Hann sagði að menn hefðu hrósað happi yfir því að Icesave væri að minnsta kosti ekki í venjulegum útibúi, heldur netreikningar. Þá gætu fjölmiðlar ekki tekið myndir af biðröðum þegar viðskiptavinir voru að taka úr peninga í gegnum internetið heima hjá sér.

Bórður Snær Júlíusson

thorur@frettabladid.is



Styrkir úr Pokasjóði

Stjórn Pokasjóðs hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2012.

Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 18. mars nk.

Umsóknir skulu fylltar út á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.

Í ár hefur verið ákveðið að ein-skorða styrki við tvö málefni, mannúðarmál og umhverfismál.

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

UMSÓKNARFRESTUR
RENNUR ÚT 18. MARS



Velkomin á ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands:

Samfélagsleg nýsköpun

Hilton Reykjavík Nordica | Fimmtudaginn 15. mars | Kl. 08:30-11:00

Vinsamlegast skráið þátttöku á www.nmi.is


Dagskrá ársfundar

Formleg dagskrá stendur yfir frá kl. 08:30 - 11:00. Húsið opnar með morgunverði kl. 08:00

- ▶ Ávarp ráðherra
- ▶ Græni hringurinn
Þorsteinn I. Sigfússon
- ▶ Áskoranir í nýsköpun
Hugmyndir sem auka velferð og lífsgæði
- ▶ Græn korn frá fyrirmyndum í atvinnulífinu
- ▶ Ný sýn á sviði mannvirkja
Óskar Örn Jónsson
- ▶ Endurnýting auðlinda
Guðbjörg H. Óskarsdóttir
- ▶ Fótspor og sprungur
Ólafur H. Wallevik
- ▶ Frumkvöðlar - fyrirtæki framtíðar
Sigríður Ingvarsdóttir
- ▶ Samfélagsleg hönnun - alþjóðleg reynsla
Giulio Vinaccia
- ▶ Samfélagsleg ábyrgð - uppspretta nýjunga
Regína Ásvaldsdóttir
- ▶ Nýju fötin Nýsköpunarmiðstöðvar
Árdís Ármannsdóttir

Fundarstjóri: Hundur í óskilum

Nánari upplýsingar er að finna á www.nmi.is eða með því að skanna inn QR-kóðann:



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Keldnaholt, 112 Reykjavík | Sími: 522 9000 | Netfang: nmi@nmi.is | www.nmi.is



Efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde taldi að með því að taka yfir Glitni myndi ríkið fella alla bankana

Tryggvi Þór Herbertsson, sem var efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde frá ágúst og fram í miðjan október 2008, var mjög á móti Glitnisleiðinni svokölluðu og ræddi tillögur um endurskipulagningu og sölu eigna við bankana í ágúst 2008. Þetta kom fram fyrir Landsdómi í gær.

Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarsaksóknari spurði Tryggva um Glitnishelgina svokölluðu í lok september 2008, þegar ákveðið var að ríkið tæki 75% hlut í Glitni og legði honum til 800 milljónir evra. Aðspurður um hvernig honum hafi hugnast þessi leið sagði Tryggvi: „mér hugnaðist hún illa.“ Hann hafi bent á að ef þessi leið yrði farin myndu Stoðir, áður FL Group, fara á hausinn og í kjölfarið flestir bankar og stór eignarhaldsfélög á

Íslandi. „Þetta var allt svo samofið,“ sagði Tryggvi. Honum fannst þeir sem stóðu að framkvæmd Glitnisleiðarinnar ekki vera að gera sér grein fyrir afleiðingum hennar. Vegna fyrri starfs síns sem forstjóra fjárfestingabankans Aska Capital hafði Tryggvi, að eigin sögn, betri vitneskju um hversu víðtækar krossveðsetningar voru í bankakerfinu.

Tryggvi sagði að sér virtist sem menn hefðu ekki verið farnir að ræða um hvernig standa ætti að greiðslumiðlun ef bankarnir féllu fyrir en daginn fyrir neyðarlagasetningu. Seðlabankinn hafi verið búinn að undirbúa nokkuð vel speglun á innlendra greiðslumiðlun yfir til sín frá bönkunum, enda gerði sérstaða reiknistofu bankanna það mjög gerlegt. Hins vegar virtist honum sem

að það væri ekki búið að hugsa mikið um erlenda greiðslumiðlun bankanna á þessum tíma. Tryggvi hafi þá lagt til að bandaríski fjárfestingabankinn JP Morgan myndi sjá um hana fyrir Ísland til að byrja með. Sá sem fór fyrir ráðgjafahópi bankans á Íslandi fór að sögn Tryggva með bónina í hæstu hæðir. „Mér skilst að það hafi endað með því að Jamie Dimon [forstjóri JP Morgan] hafi samþykkt að þeir myndu sjá um greiðslumiðlun,“ sagði Tryggvi.

Aðgerðir til að minnka efnahagsreikning bankanna voru helsta verkefni Tryggva eftir að hann kom til starfa sem efnahagsráðgjafi Geirs, í



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

byrjun ágúst 2008. Hann sagðist hafa hitt bankastjóra og eigendur bankana til að ræða aðgerðir í þá átt. Rætt var um útfærslur á því að sameina Glitni og Landsbankann og færa starfsemi þeirra erlendis í félag í eigu Kaupþings, og selja svo eignir eins og hægt væri.

Tryggvi sagði að fyrirstaða hafi verið til staðar hjá helstu eigendum Glitnis, en að það hefði verið hægt að þvinga þá til að spila með ef Landsbankinn samþykkti. Kaupþing hafi verið tilbúin

að taka yfir allar norrænu eignirnar. Helsti eigandi Landsbankans hafi verið „kaldur“ og viljað gera þessar breytingar seinna.

Orðrétt

Ég held að Geir [H. Haarde] hafi gert allt sem í hans valdi stóð [...] til að taka á þessum vanda.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra bar Geir vel söguna úr vitnastúkunn.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því að þessi hættu vofði yfir.

Össur Skarphéðinsson var að eigin sögn grunlaus um yfirvofandi hamfarir í íslensku efnahagslífi langt fram á árið 2008.

Mér kom aldrei til huga að einhver banki myndi rúlla, svo ég upplýsi fávísi mína.

Össur sagði alvarleika bankakreppunnar hafa komið sér í opna skjöldu.

Þetta var svona eins og þegar prímadonnur ganga inn á sviðið, það gerist fyrirvaralaust.

Össur lýsti ríkisstjórnarfundum þar sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri kom óvænt sem gestur.

Þá byrjar klukkan að tifa á þá.

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóðamarkaðssviðs Seðlabankans, um versnandi aðstæður íslensku bankanna eftir fall Washington Mutual í lok september 2008.

Norðmenn eru, eins og allir vita, sennilegasta ríkasta þjóð í heimi.

Sturla um ástæður þess að mögulegt hefði verið að selja eignir í Noregi frekar en annars staðar á árinu 2008.

Það er nú spurning.

Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari þegar Markús Sigurbjörnsson, forseti Landsdóms, biður hana um að hafa spurningar afmarkaðri.

Vitni leggur ekki fram gögn fyrir dómi.

Markús við Tryggva Þór Herbertsson þegar hann tekur að veifa skýrslu sem hann hafði með sér í vitnastúku.

Þeir voru að taka við þessum heitu kartöflum frá erlendum aðilum.

Tryggvi Þór um það þegar íslensku bankarnir fluttu heim risavaxin lán upp á tugi milljarða sem höfðu verið gjaldfelld hjá bandarískum bönkum.

Við fundum ekki mikið.


Jóhannes Rúnar Jóhannsson, slitastjórn Kaupþings, um gögn sem leitað var að um „Project Hans“ og „Project Einar“.

Borg fyrir fólk Betri hverfi

Fundaröð um nýtt aðalskipulag

Dagskrá

- Markmið og leiðarljós nýs aðalskipulags
- Hugmyndir um þróun og uppbyggingu hverfisins
- Vinnuhópar: hugmyndir rýndar
- Barnasmiðja



Opið hús um framtíðarskipulag í hverfinu þínu

- 1 Vesturbær þriðjudagur 13. mars/kl. 17–18.30 Hagaskóli
- 2 Laugardalur miðvikudagur 14. mars/kl. 17–18.30 Laugardalslaug
- 3 Hlíðar fimmtudagur 15. mars/kl. 17–18.30 Háteigsskóli
- 4 Háaleiti mánudagur 19. mars/kl. 17–18.30 Réttarholtsskóli
- 5 Breiðholt miðvikudagur 21. mars/kl. 17–18.30 Gerðuberg
- 6 Grafarvogur fimmtudagur 22. mars/kl. 17–18.30 Hlaðan, Gufunesbæ
- 7 Kjalarnes mánudagur 26. mars/kl. 17–18.30 Fólkvangur, Grundarhverfi
- 8 Grafarholt-Úlfarsárdalur þriðjudagur 27. mars/kl. 17–18.30 Dalskóli
- 9 Árbær miðvikudaginn 28. mars/kl. 17–18.30 Fylkishöllin
- 10 Miðborg fimmtudagur 26. apríl/kl. 17–18.30 Ráðhús Reykjavíkur

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030
adalskipulag.is
reykjavik.is



Reykjavíkurborg

Langt er síðan fleiri hafa leitað til Stígamóta en í fyrra:

Slæmar fréttir eða góðar?

Leita þarf aftur til upphafsára Stígamóta til að finna samþærilegar tölur og í fyrra um komur til samtakanna. Ný mál á árinu voru 313 en fleiri hafa ekki leitað til til Stígamóta síðan 1994.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í fróðlegri árskýrslu Stígamóta en í fyrra urðu þau tímamót hjá samtökunum að á þeirra vegum var opnað sólarhringsathvarf eða heimili sem sérstaklega er ætlað konum sem eru á leið úr vændi eða hafa verið seldar mansali. Opnun Kristínarhúss, en svo nefnist athvarf Stígamóta, er mikil og þörf viðbót við þá þjónustu sem þolendum kynferðisofbeldis hefur staðið til boða á vegum Stígamóta.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Eftir því sem árin hafa liðið hefur komið fram vaxandi þörf

á að sinna þessum hópi því þrátt fyrir að fyrsta ástæða þess að fólk leiti til Stígamóta sé oftast sífjaspell eða nauðgun þá hafa skjólstaðingar með vaxandi trausti farið að greina ráðgjöfum sínum frá því að hafa stundað vændi.

Þetta er í fyrsta sinn sem konum í þessum aðstæðum stendur til boða búsetuúrræði og langtímameðferð sem sniðin er að þörfum þeirra. Fram til þessa áttu þær þess kost að dvelja í Kvennaathvarfinu en þjónustan þar er sniðin að öðrum hópi þolenda ofbeldis, þ.e. þolendum ofbeldis í nánum samböndum. Sömuleiðis höfðu Stígamót stundum milligöngu um að konur leituðu sér þjónustu erlendis en ekki þarf að fjölyrða um hversu miklu máli það skiptir að geta nú boðið konum á leið úr mansali og vændi samhæfða þjónustu með bæði húsaskjól og sérhæfðri meðferð á vegum sömu samtaka.

Sem fyrr er þorri þeirra sem leita til Stígamóta konur. Hlutar karla sem kemur í Stígamót vex þó hægt og sígandi og í fyrra voru 11,5 prósent þeirra sem leituðu til samtakanna karlar. Tæp 94 prósent þeirra sem höfðu beitt skjólstaðinga Stígamóta ofbeldi voru karlar og helst sú tala nokkuð stöðug. Þótt mikill meirihluti þolenda kynferðislegs ofbeldis séu konur er ljóst að nokkur hópur drengja verður fyrir slíku ofbeldi og að ofbeldi gagnvart drengjum liggur jafnvel í enn meira þagnargildi en kynferðislegt ofbeldi gagnvart stúlkum og konum. Þjónusta Stígamóta er því einstaklega mikilvæg drengjum og karlmönnum sem hafa verið í vændi eða orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Hvorki meira né minna en 5.946 einstaklingar hafa leitað aðstoðar Stígamóta á 22 starfsárum samtakanna. Sumir þeirra hafa væntanlega staðið stutt við meðan aðrir hafa jafnvel árum saman unnið að því að byggja upp sjálfsmynd sína undir leiðsögn Stígamótakvenna. Þannig hafa samtökin stutt konur og karla í gegnum erfiðari vinnu og uppbyggingu á lífi sínu en flestir ganga nokkru sinni í gegnum.

Samtök sem stutt hafa slíkan fjölda fólks til betra lífs skipta samfélagið miklu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFASTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Árshátíð FEB

Árshátíð Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldin í félagsheimilinu Stangarhyl 4, laugardaginn 17. mars næstkomandi kl. 19.

Sigurður Sigurðarson, dýralæknir skemmtir, „Öðlingarnir“, Blásarasveit FÍH, leika létt lög o.fl. verður til skemmtunar. Vinabandið leikur síðan fyrir dansi.

Hátíðarmatseðill er á boðstólum og miðaverð er 5.500 krónur. Allir félagsmenn og gestir þeirra eru velkomnir.

Miðapantanir og nánari upplýsingar í síma 588 21 11 og á skrifstofu félagsins að Stangarhyl 4.

Skemmtinefnd FEB



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Tveggja áfanga stjórnarskrárbreyting

Það væri skaði ef örlög stjórnarskrármálsins yrðu endaslepp. Af hinu myndi þó hljóta enn meira tjón ef hugmyndir að breytingum fengju ekki fullnægjandi fræðilega skoðun og umræðu.

Í þessu ljósi er eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort einhver ráð séu til að draga málið upp úr keldunni. Forsætisráðherra hefur notað stjórnarskrármálið til að magna pólitísk átök. Það gleður suma en skilar litlu. Vilji menn ná árangri væri vænlegra að leita eftir samstöðu á Alþingi þegar málið kemur



ÞORSTEINN PÁLSSON

til kasta þess á ný.

Við skipan í stjórnarskrárnefndina 2005 kröfðust fulltrúar Samfylkingarinnar og VG neitunarvalds. Formaðurinn, Jón Kristjánsson þáverandi heilbrigðisráðherra, brást vel og hyggilega við þeirri ósk. Með engu móti er unnt að segja að fulltrúar minnihlutans hafi misnot-

að þá stöðu. En hún skýrir samt hvers vegna nefndin þurfti lítið eitt lengri tíma.

Ef brugðið yrði á þetta ráð nú væri það ekki meira stílbrot en svo að stjórnarflokkarnir gætu með sanni sagt að þeir væru samkvæmir sjálfum sér.

Annað úrræði gæti verið að skipta heildarendurskoðuninni í tvo áfanga. Þannig mætti afgreiða fyrir næstu alþingiskosningar þau álitaeftni sem pólitískt eru brýnust og hafa fengið nægjanlega umræðu og fræðilega skoðun á undanförunum árum.

Stærsta álitaeftnið þrautrætt

Auðlindamálin eru pólitískasta viðfangsefnið við endurskoðunina. Að því leyti er rétt að hafa það sem forgangsverkefni. Þá spyrja menn: Er það ekki pólitískt óleysanlegt mál? Þegar skyggnst er undir yfirborð umræðunnar fer því fjarri. Það er sennilega mest rædda álitaeftnið.

Í áliti auðlindanefndar undir forystu Jóhannesar Nordal voru fyrir áratug settar fram hugmyndir um stjórnarskrárbindingu auðlindaákvæðis. Á bak við þær var samstaða allra þáverandi þingflokka. Undirnefnd stjórnarskrárnefndarinnar frá 2005 undir forystu Bjarna Benediktssonar ræddi svipaða lausn. Fyrir kosningarnar 2007

varð samkomulag um texta að auðlindaákvæði milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þó að óráð hafi þótt að afgreiða hann í skyndi.

Annað mikilvægt og ítarlega skoðað viðfangsefni er að setja stjórnarskrárákvæði um málsmeðferð og þjóðaratkvæðagreiðslu, komi til þess að taka þurfi ákvörðun um aðild Íslands að alþjóðasamtökum þar sem fullveldisákvörðun um er að ákveðnu marki deilt með öðrum þjóðum. Um þetta hefur verið góð samstaða alveg óháð því hvort menn eru fylgjandi eða andvígir því að slíkt skref verði stigið.

Mikilvægt er að ákveða leikreglurnar um mál af þessu tagi áður en tekist er á um efnisatriði hugs-

anlegs samkomulags. Í því sambandi má nefna spurninguna um hvort gera á kröfu til þess að ákveðinn hundradshluti kosningabærra manna þurfi að samþykkja slíka samninga auk meirihluta þeirra sem greiða atkvæði.

Þá mætti breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipan og kosningar á þann veg að heimilt yrði að skipa þeim málum með almennum lögum enda fengju þau staðfestingu þjóðarinnar í allsherjaratkvæðagreiðslu. Eins má stjórnarskrárbinda ákvæði um hvernig standi skuli að breytingum á stjórnarskránni í samræmi við samkomulag allra flokka í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá 2007.

Oki létt af Bessastöðum

Hér hafa verið nefnd mikilvæg pólitísk viðfangsefni sem auðveldlega má setja í forgang. Með vísan í forsöguna má ætla að unnt verði að ná um þau breiðri samstöðu á Alþingi. Það væri betra að draga þessi afmörkuðu viðfangsefni upp úr keldunni en að taka áhættuna af því að málið sökkvi í heild.

Álitaeftni varðandi þingræðisregluna, aðgreiningu valdþátta og forsetaembættið gætu komið til endurskoðunar á næsta kjörtímabili.

Allt eru það spurningar sem þarfnaast meiri fræðilegrar umfjöllun og dýpri almennrar umræðu en kostur hefur verið á. Stutt er síðan veigamiklar breytingar voru gerðar á köflunum um Alþingi og mannréttindi. Engin brýn þörf er því á að hraða endurskoðun þeirra svo að hætta sé á að hlutir komi mönnum í opna skjöldu eftir á.

Með skiptingu af þessu tagi gæti niðurstaða síðari áfanga legið fyrir í góðum tíma fyrir forsetakosningar árið 2016. Samtímis áfangaskipt-

ingu stjórnarskrárvinnunnar má einnig semja um að jafnhliða næstu alþingiskosningum verði sérstakt þjóðaratkvæði um framhald aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið.

Samstaða um slíka málsmeðferð þessara tveggja stóru mála gæti gjörbreytt pólitísku andrúmslofti í landinu. Það sem meira er: Þungu oki yrði létt af væntanlegum húsbónda eða húsfreyju á Bessastöðum; jafnvel svo að enginn þyrfti að sitja þar af einskærri skyldurækni gegn vilja sínum.



GRÆDDU Á GULLI

CenterHotel Klöpp, Klapparstíg 26

**AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!
UPPRUNALEGA GULL OG SILFUR KAUPSTEFNAN.**

Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.

AÐEINS ÞESSA ÞRJÁ DAGA:

Mánudaginn **12. mars**, þriðjudaginn **13. mars** og
miðvikudaginn **14. mars** frá kl. 11 til 18.

Gullpottur finnst hjá P&H Jewellers

Ungt par fór út með fulla vasa fjár eftir að hafa selt skargripi og gull sem það átti í fórum sínum en hafði ekki not fyrir á farandsýningu á Englandi. Það unga ákvað að láta líta á munina á farandsýningunni Jewellery & Gem Stone og fékk fyrir þá dágóða summu. Nú gefst Íslendingum samskonar tækifæri.

Það átti, eins og algengt er á mörgum heimilum, fulla skúffu með gömlum ónotuðum munum. Þar var meðal annars að finna gamla skartgripi, brotna gullhringi og gamalt herraúr frá því fyrir miðja síðustu öld.

„Þau báðu mig um að nefna ekki nákvæma upphæð en ég get staðfest að þetta voru hundruðir þúsunda. Þau eru himinlifandi,“ segir skartgripasalinn og matsmaðurinn Paul Franks.

Falinn fjársjóður?

Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsanlega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynist fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrínnum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?

Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:

- Gömlu gulli: skartgripum, sígarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna,“ segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraúr aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

„Ekki missa af þínum eigin gullpotti.“

Einkaviðtal við verðmat.

Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.

Nánari upplýsingar á www.pandhjewellers.com

Ný Volkswagen Bjalla



Taktu þátt í ljósmyndakeppni
Bjöllunnar á Facebooksíðu HEKLU

Ást við fyrstu sýn

Ný Volkswagen Bjalla verður frumsýnd hjá HEKLU í dag. Hér er komin nýjasta kynslóð af einum vinsælasta bíl sögunnar en Bjallan kom fyrst á markað fyrir rúmum 70 árum. Ný Volkswagen Bjalla sameinar allt í senn nútíma hönnun, frábæra aksturseiginleika og einstaka sparneytni. Komdu við í HEKLU í dag milli klukkan 11-16 og kynntu þér hina glæsilegu Volkswagen Bjöllu, bílinn sem allir elska.... að elska.

Volkswagen Bjalla kostar aðeins frá
3.290.000 kr.



Das Auto.

Opið í dag
frá kl. 11-16



Das Auto.



Þeir sem reynsluaka
nýjum bíl frá HEKLU
geta unnið flugmiða
fyrir tvo til Evrópu

ŠKODA



SIMPLY CLEVER



Audi

Kaffi, gos, meðlæti
og glaðningur fyrir
börnin



Bílasýning HEKLU

Bílasýning verður haldin í HEKLU milli kl. 11 og 16 í dag, laugardag. Komdu og taktu þátt í skemmtilegum viðburði og kynntu þér hið fjölbreytta úrval bíla sem HEKLA hefur í boði. Frumsýnd verður ný glæsileg Volkswagen Bjalla, veltibíllinn verður á staðnum og einng geta þeir sem reynsluaka nýjum bíl hjá HEKLU skráð sig í happdrætti og eiga möguleika á að vinna flug fyrir tvo til Evrópu. **Sjáumst í HEKLU í dag.**

Er einhver óvissa?

Forsetaembættið

Guðrún Nordal

prófessor og forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar



andi óvissu varðandi stjórnskipan landsins og stöðu forseta í stjórnarskrá, umróts á vettvangi þjóðmála og flokkakerfis sem og átaka um fullveldi Íslands.

Það er vissulega rétt að mörg veigamikil mál eru óútkljáð, en engin óvissa er uppi um hvernig fjalla skuli um þau mál né hvernig komast eigi að niðurstöðu. Samkvæmt stjórnarskrá verður fjallað um stjórnarskrárbreytingar á Alþingi og þær síðan bornar í tvígang undir atkvæði þjóðarinnar, og þegar niðurstaða fæst í umsókn um aðild að Evrópusambandinu verður hún sömuleiðis sett í dóm

þjóðarinnar og að lokum til lykta leidd á Alþingi. Við þurfum því ekki að hafa áhyggjur af umróti á vettvangi þjóðmála í tengslum við kjör forseta Íslands.

Miklu fremur þarf að ræða um hvernig forseta við viljum áður en við nefnum ákveðin nöfn til sögunnar. Í viðkvæmu fámenninu er sú krafa eðlileg að forseti blandi sér ekki með beinum hætti inn í flokkspólítísk álitamál, en við kjósum heldur ekki að hann sitji þegjandalega á skoðunum sínum eða tjái sig ekki um helstu mál samtímans eða framtíðarviðfangsefni þjóðarinnar. Brýn-

ustu álitamál samtímans snúast ekki um hvar við sitjum á stóli í söllum alþingis né verða þau sett niður með sleggjudómum. Þau

fjalla um misskiptingu auðs og tækifæra barna í heiminum, þau fjalla um matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu á lífsnauðsynlegum gæðum, þau fjalla um aðgang eða skort á vatni, þau fjalla um þær miklu loftslagsbreytingar sem breyta ekki aðeins náttúrulegum skilyrðum okkar heldur félagslegum og menningarlegum aðstæðum, þau fjalla um róttæk áhrif tæknibyltingar síðustu ára á samskipti manna, persónulegt öryggi og félagslega líðan, þau fjalla um átök menningarheima og trúarhópa. Og þessi mál skipta Íslendinga jafnmiklu máli og aðra.

Við viljum ekki sitja hjá í umræðu samtímans. Lausnirnar eru ekki einfaldar, en þær hljóta að byggja á samstilltu átaki sem hvílir á vís-

indalegri þekkingu, sköpunarkrafti einstaklinga, víðsýni og siðferðilegu þreki, og þar hefur hvert okkar eitthvað til mála að



leggja. Þær krefjast þess að við látum ekki fámennið spilla umræðunni og að við leggjum kraftana saman. Hlutverk forseta Íslands er skilgreint í stjórnarskrá. Hann er þjóðkjörinn og er því í einstakri stöðu sem trúnaðarmaður þjóðarinnar. Á þessum tímamótum tel ég að sá sem verður kjörinn forseti á næsta sumri hafi sérstöku hlutverki að gegna einmitt með því að leiða fólk saman og hvetja okkur til uppbyggilegrar og vandaðrar samræðu þvert á þær gamalkunnu átakalínur sem þreyta þorra landsmanna. Við þurfum á slíkum sameiginlegum vettvangi að

halda. Mín hugsjón er því sú að forsetinn sameini okkur í samræðunni sjálfri; og að hann gangi þar fram fyrir skjöldu.

Gallerí Fold í 20 ár 1992–2012

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 12. mars, kl. 18, í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Karl Kvarn

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd

laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Eflum menninguna, burt með niðurgreiðslur

Menning

Guðmundur Edgarsson

málmenntafræðingur



Væri menningarlíf hér á landi fábrotið ef engar væru niðurgreiðslur? Væri miði í leikhúsi þá einungis á færi ríkra? Og ef menningin nyti ekki ríkisaðstoðar, hvað þá með önnur svið, t.d. jarðgöng?

Allt eru þetta eðlilegar spurningar í ljósi greinar minnar um vanhugsaðar niðurgreiðslur ríkisins í menningar- og afþreyingargeiranum. Greinin birtist í Fréttablaðinu 21. febrúar sl. Hjálmtýr Heiðdal kvikmyndagerðarmaður er einn þeirra sem bregst við á prentvælinum í svargrein sem birtist þann 1. mars sl. í sama

á ferðast til útlanda nú en áður. Þá er ekkert slæmt við það að ein tegund rekstrar, t.d. ríkisrekinn leikhúsa, veikist, því að jafnaði styrkjast önnur svið á móti. Eitthvert fara jú peningarnir. Skattar ættu að lækka og ráðstöfunarfé fólks þar með að hækka. Þannig fær fólk meira svigrúm til að njóta annarra hluta. Stína fer oftast í líkamsrækt og Jón kaupir sér gítar. Í tilfelli Stínu mætti segja að heilsurækt í landinu eflist á kostnað menningarstafsemi, en í tilfelli Jóns styrktist einn geiri menningar, þ.e. tónlistarlíf, á kostnað annars konar menningar, t.d. leiklistar.

Varðandi þau sjónarmið Hjálmtýs að niðurgreiða beri tiltekna starfsemi vegna afleiddra verðmæta sem nýtist öðrum en viðskiptavininum sjálfum, er sá hængur á að nota má slíkar rök-



Ef engir væru ríkisstyrkirnar þyrftu veitendur menningarþjónustunnar nefnilega að lúta aðhaldi markaðarins...

blaði. Vil ég nú svara gagnrökum Hjálmtýs.

Fyrst ber að nefna að miði í Þjóðleikhúsið kostar mun meira fyrir einstaklinginn heldur en uppgefið verð í miðasölu því hann niðurgreiðir með sköttum sínum keypta og ókeypta miða alla ævina á enda. Raunkostnaður hans kynnir því að vera margfaldur á hvern keyptan miða hvort sem er.

Mikilvægara er þó að gera sér grein fyrir að við vitum ekkert um hvort menningarstarfsemi yrði öflugri eða veikari án niðurgreiðslna frá ríkinu. Ef engir væru ríkisstyrkirnar þyrftu veitendur menningarþjónustunnar nefnilega að lúta aðhaldi markaðarins og væru þar með líklegri til að leggja sig meira fram um að gera list og menningu meira aðlaðandi fyrir hinn almenna borgara.

Fyrirtæki á frjálsum samkeppnismarkaði þurfa auk þess sífellt að bjóða vörur sínar eða þjónustu á eins lágu verði og hægt er. Af þeim sökum hafa margfalt fleiri efni á ýmsum vörum í dag sem einungis efnameira fólk hafði ráð á áður. Venjulegur farsími kostar nú einungis brotabrot af því sem hann kostaði áður fyrr. Mun fleiri hafa ráð

semdir um hvaða starfsemi sem er. Lítið færi fyrir sköpunargleði fatahönnuðu ef engar væru fataverlanir. Eitthvað væri matargerðarlist fátæklegri ef engin væru veitingahúsin. Samt dettur engum í hug að niðurgreiða rekstur veitingahúsa eða fataverslana.

Áð auki er ekkert óeðlilegt við það að stundum ber tiltekinn rekstur sig einfaldlega ekki. Ef loka þarf fyrirtæki er það iðulega skýrt merki um að ekki sé nægur áhugi á meðal fólks á viðkomandi þjónustu eða vöru. Þá er heildarlegra að hætta rekstrinum heldur en að þvinga fé af saklausu fólki til að bera hann uppi.

Varðandi samanburðinn við gangagerð bendi ég á að vaxandi skilningur er á því að fjármagna slík verkefni með veggjöldum, þ.e. að þeir borgi sem noti. Nefni ég Hvalfjarðargöng í því sambandi. Einnig er rætt um að fjármagna fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng með sama hætti svo og endurbættan Suðurlandsveg. Einkaframtakið hefur því að einhverju leyti rutt sér til rúms í vegagerð og vonandi sér bætt tækni svo til þess að aðrar vegaframkvæmdir í framtíðinni verði fjármagnaðar þannig.



Back Roller classic: 23.900,- (parið)



Front Roller classic: 19.900,- (parið)



Back Roller city: 17.900,- (parið)



Bike Shopper: 14.900,-



Ultimate 5 stýristaska: 15.900,-



Down Town: 24.900,-



Messenger Bag: 20.900,-

Sölustaðir:
Kría Hólmaslóð 4 Reykjavík
Útilíf Holtagörðum Reykjavík

Framleitt í Þýskalandi

Hirzlan
Smíðsbúð 6 Garðabæ sími 564 5040
www.hirzlan.com

Áskorun til forseta Íslands

Forsetaembættið

Stefán Jón Hafstein

starfsmaður
Próunarsamvinnu-
stofnunar Íslands í
Malaví



Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú ákveðið að gefa kost á sér til forseta fimmta kjörtímabilið. Til þess hefur hann fullan rétt og þarf ekki að rökstyðja með neinu nema því að hann langi til að vinna áfram í þeim anda sem hann hefur gert. En rökstuðningur Ólafs sætir tíðindum.

Hann er eftirfarandi:

- 1) ...vísað er til vaxandi óvissu um stjórnskipan landsins og stöðu forseta í stjórnarskrá,
- 2) ... umróts á vettvangi þjóðmála og flokkakerfis,
- 3) ... sem og átaka um fullveldi Íslands.
- 4) ... Þá er einnig áréttað mikilvægi þess að standa vörð um málstað þjóðarinnar á alþjóða-vettvangi.

„Vaxandi óvissa varðandi stjórnskipan og stöðu forseta“? Ef vísað er til þeirrar skapandi og frjóu umræðu sem nú á sér stað um stjórnarskrá og stöðu forseta, sem birtist í umræðum þjóðfundar, tillögum stjórnlagaráðs, almennri umræðu og á hinu háa Alþingi þá ætti forseti að fagna þeirri „vegferð“. Hvetja til framsækni, þátttöku og nýsköpunar til að skapa Nýja Ísland. „Óvissan“ er kjarni í lýðræðislegu ferli.

Hvað er hættulegt við að endurskoða stjórnarskrána eftir lýðræðislegum leiðum og hvað kallar sérstaklega á endurkjör núverandi forseta í því samhengi?

Í sömu hendingu er vísað í umrót á vettvangi „þjóðmála og flokkakerfis“. Umrótið verður varla meira en það sem kallast Hrun og varð fyrir þremur árum. Og umrót í flokkakerfi höfum við upplifað áður án þess að forsetaembættið ætti þar hlut að máli. Þegar Ólafur Ragnar Grímsson var formaður Alþýðubandalagsins studdi hann ekki eigin flokk heldur Nýjan vettvang í borgarstjórnarkosningum. Áður hafði hann sannarlega sjálfur tekið þátt í „umróti“ í ýmsum flokkum. Kvinnalístin kom og fór án atbeina forseta Íslands. Samfylkingin var stofnuð án aðkomu forseta, upp úr umróti þriggja flokka. Borgaraflokkur Alberts, Bandalag Vilmandar, Frjálslyndi flokkurinn...

Hvað kallar á sitjandi forseta til að valda reiti í umróti flokkakerfisins einmitt núna?

Átök um fullveldi

Mestum tíðindum sætir fullyrðing Ólafs Ragnars að nú standi átök um fullveldi landsins. Fróðlegt væri að sjá nánari skýringar á því. Taki maður þessa yfirlýsingu alvarlega er hún ekkert annað en stórtíðindi. Forseta Íslands ber skylda til að rökstyðja með skýrum hætti slíka yfirlýsingu, annað sæmir ekki. Ef nú standa sérstök átök um sjálft fullveldi landsins ber að upplýsa um alla þætti þeirrar hættu og hvernig forseti hyggst bregðast við henni nái hann endurkjöri. Sé átt við aðildarviðræður að Evrópusambandinu hefur aldrei staðið annað til en að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram að þeim loknum án þess að forseti komi þar sérstaklega að málum.

Lítill fyrirhöfn

Þegar slíkt stórmál eru nefnd sérstaklega (fullveldi Íslands, vaxandi óvissa um stjórnskipan landsins) kann ýmsum að þykja úr vöndu að ráða. En Ólafur Ragnar virðist telja fullveldið og stjórnskipan landsins og sjálfan málstað þjóðarinnar vera skammtímaverkefni sem hann geti leyst á tveimur árum: „Það er einlæg ósk mín að þjóðin muni sýna því skilning þegar stöðugleiki hefur skapast í stjórnskipan landsins og stjórnarfari og staða okkar í samfélagi þjóðanna hefur skýrst, ákveði ég að hverfa til annarra verkefna áður en kjörtímabilið er á enda.“ Allt þetta á einu eða tveimur árum?

Ög þarf þá ekki eftir það að „...standa vörð um málstað Íslands

á alþjóðavettvangi?“ Ég skora á forseta að gera skýra grein fyrir öllum þessum atriðum.

Ástæðan fyrir því að ég skoraði ekki á forseta að halda áfram

Ólafur Ragnar hefur ýmislegt gert vel í embætti. Ég samgladdist honum þegar hann sagði í áramóta-ávarpi sínu að hann væri hættur og hygðist finna kröftum sínum nýjan vettvang laus úr embættishlekkjum. Því nú er krafa tímans að við veljum forseta Nýja Íslands. Forsetakosningarnar í sumar eru fyrsta tækifæri þjóðarinnar eftir Hrun að segja skýrt og milliliðalaust að nú verði endurreisn, siðbót, bætt lýðræði,

raunverulegar breytingar á kerfinu sem leiddi lýðveldið unga fram af brún hengiflugs haustið 2008.

Við þurfum að segja skilið við sögu og arfleifð sem Ólafur Ragnar Grímsson er hluti af.

Vegna þess að...
Í fyrsta lagi varð honum illilega á með ákøfum stuðningi sínum við útrásargengið og söluræður hans víða í útlöndum um íslensku þjóðina voru ekki samboðnar henni eða virðingu embættisins. Þótt finna megi því stað að forsetinn hafi beðist afsökunar með einum eða öðrum hætti, stendur óhaggað það sem hann sagði sjálfur, að embættið var misnotað meðan hann var á vakt

og hann sýndi dómgreindarskort gagnvart auðmönnum. Þetta grefur undan trausti.

Í öðru lagi hefur Ólafi Ragnari mistekist að gera raunverulega yfribót þegar tækifæri gafst. Hann hafnaði algjörlega gagnrýni á framgöngu sína í Rannsóknarskýrslu Alþingis og féllst ekki á nauðsyn þess að forsetaembættinu yrðu settar siðareglur. Hann átti að taka forystu þegar ákall um siðbót í samfélaginu heyrðist úr öllum áttum, en brást. Þetta grefur undan siðbót.

Í þriðja lagi vinnur forseti ógagn þegar hann skapar óþarfan ótta og spilar á strengi „óvissu“. Þetta grefur undan tiltrú og vöngleiði.

Hvernig forseta viljum við?

Það jafngildir uppgjöf að kjósa forseta Gamla Íslands enn á ný eftir sextán ára setu á þeim valdastóli. Þjóðin þarf sárlega á nýjum forseta að halda sem getur orðið sameinandi afl en ekki sundrungartákn.

Á næstu misserum reynir á þjóðina, stjórn málin og stjórnkerfið að bæta lýðræði og vinnubrögð við stjórn landsins. Það þarf að endurvinna traust, setja leikreglur sem halda, bæta umræðumenningu, sýna heilindi; taka vöngleið skref til betri hátta og segja skilið við spillingu, gerræði og fúsk. Þá skiptir máli að forseti landsins sé með í för.

Allar nánari upplýsingar á www.vita.is/golflif

Golffferðir vor 2012

Síðustu sætin!

Islantilla og El Rompido í einni ferð

Ný ferð!

14 nætur, 8.-22. maí, vika á hvorum stað

Verð frá **279.800 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

*Á mann í tvíþýli (almenn verð 289.800 kr.)
Innifalið: Flug, gisting í 14 nætur, ótakmarkað golf á golfbil, hálf fæði og fararstjórn.

Draumaeyjan Madeira ****

Lúxus golfferð 10.-20. apríl – 6 sæti laus

Verð frá **279.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

*Á mann í tvíþýli (almenn verð 289.900 kr.)

2 frábærir golfstaðir suður af Alicante

Mar Menor **** og Valle del Este ***

4.-11. apríl	Páskaferð - laust!
11.-18. apríl	Örfá sæti laus
18.-25. apríl	4 sæti laus á Valle del Este
25. apríl-2. maí	Örfá sæti laus
2.-9. maí	Laus sæti á Valle del Este

Verðdæmi:

Valle del Este ****

7 nætur, 11.-18. apríl

Verð frá **179.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

*Á mann í tvíþýli (almenn verð 189.900 kr.)
Innifalið: Flug, gisting, akstur milli hótels og flugvallar, fullt fæði, ótakmarkað golf með golfbil.

Írland – páskaferð 5.-9. apríl

4 nætur og 5 golfhringir á Portmarnock

Verð frá **139.900 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

*Á mann í tvíþýli (almenn verð 149.900 kr.)

Sló í gegn í fyrri

Köben „Golf and the City“

Stórkostlegur nýr golfvöllur. Þriggja náttu helgarferðir frá 26. apríl til 25. maí

Verð frá **137.400 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

*Á mann í tvíþýli (almenn verð 147.400 kr.)

Allar ferðir eru í beinu flugi með Icelandair.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið

Heillandi möguleikar

Biskupssembættið

Sigurður Árni Þórðarson
prestur í Nes Kirkju



Boðskapur kristinnar varðar gleði og von. Guð kallar fram líf úr deyfð og dauða. Í þeim anda getum við séð og skilið, að kirkjan er farvegur möguleikanna. Hlutverk biskups er að ganga erinda Guðs með því að boða trú, efla fólk og beina sjónum að tækifærunum sem Guð gefur. Framundan er tími páska og uppris. Ég hvet til vorverka kirkjustarfs. Ég vil þjóna kirkju vonar og gleði og býð fram krafta mína til biskupsþjónustu.

Fjölþætt reynsla í kirkjustarfi

Ég hef þjónað sem prestur í sveit og borg og starfað við kirkjulega stjórnsýslu. Ég var rektor Skálholtsskóla og breytti starfi hans í menningarmiðstöð kirkjunnar. Eftir fræðslustarf á Þingvöllum stýrði ég átaki þjóðkirkjunnar í safnaðaruppbyggingu og var verkefnisstjóri guðfræði og þjóðmála á Biskupsstofu. Þá mótaði ég og leiddi samkirkjustarf á Íslandi og erlendis. Ég sit á kirkjubingum og er varafulltrúi í kirkjuráði. Síðustu átta ár hef ég þjónað sem prestur í stórum og líflegum Nessöfnuði í Reykjavík. Ég hef verið virkur í umræðu um samfélags- og kirkjumál og unnið í hljóðvarpi. Ég hef áhuga á nútímamiðlun, skrifa reglulega um trú og menningarmál í tíma-

rit og blöð og birtu ræður mínar og greinar gjarnan á vefnum.

Ég er hamingjumaður í einkalífi, á fimm börn á aldrinum 6-27 ára. Kona mín er Elín Sigrún Jónsdóttir, lögfræðingur. Ég er fjárhagslega, pólitískt og félagslega óháður.

Ég lærði guðfræði á Íslandi, í Noregi og í Bandaríkjunum, er cand. theol. frá HÍ og lauk meistara- og doktorsnámi frá Vanderbiltháskóla í Bandaríkjunum. Doktorsritgerð mín, Limits and

trúarinnar á að vera til upplifunar, til trúar á Guð og þjónustu við menn.

Fyrstu verkefni mín í biskupsstarfi yrðu þrjú:

- Í fyrsta lagi að kalla barnafræðara kirkjunnar til átaks í þágu barna og barnafjölskyldna. Börnin eru dýrmæti og einnig framtíð kirkjunnar.
- Í annan stað að beita mér fyrir að söfnuðir þjóðkirkjunnar fái sóknargjöld sín

Ég tel að ást mín á kirkjunni, mannvirðing, menntun, persónueigindir og staðfesta geri mér fært að vinna vel að verkefnum þjóðkirkju á tímamótum. Ég býð mig fram til að þjóna, sætta og hvetja þjóðkirkjufólk til sóknar.

Life, fjallar um myndmál í trúarhefð Íslendinga og sýnir tvær ólíkar víddir íslenskrar trúarsögu. Menn geta brugðist við kreppum með ábyrgð eða lagt á flóttu. Íslensk trúarhefð hvetur til ábyrgðar, sem ég axla, prédika og túlka.

Í þágu fólks í kirkju, á götum og torgum

Ég virði en hræðist hvorki andóf gegn kirkju né trúargagnrýni. Askoranir vekja, ögra trú og kalla á frjóa guðfræði. Kirkjan á ekki að einangrast, heldur vera og tala frjáls á götum og torgum mannlífs, miðla gildum og beita sér til góðs í réttlætismálum. Ræða

með góðum skilum. Þau ættu að hækka meira en þriðjung.

- Í þriðja lagi að hefja græðarstarf innan kirkjunnar með því að hafa sem nánast samstarf við presta, djákna og sóknarnefndarfólk um land allt. Þetta forystufólk kirkjunnar þarf að næra og hlúa að. Glatt fólk þjónar vel.

Ég tel að ást mín á kirkjunni, mannvirðing, menntun, persónueigindir og staðfesta geri mér fært að vinna vel að verkefnum þjóðkirkju á tímamótum. Ég býð mig fram til að þjóna, sætta og hvetja þjóðkirkjufólk til sóknar. Möguleikar kirkjunnar eru miklir og heillandi.

Ungt fólk í fókus hjá Samfylkingunni

Stjórnsmál

Jóhanna Sigurðardóttir
formaður



Dagur B. Eggertsson
varaformaður



Guðrún Jóna Jónsdóttir
formaður UJ



Ásbjörn Sævar Ásbjörnsson
varaformaður UJ



Samfylkingin leggur áherslu á að samfélagið fjárfesti í ungu fólk...

félag sem býður því fjölbreytt tækifæri til menntunar og þroska, spennandi atvinnutækifæri og almennt góð lífskjör. Það á að vera spennandi að búa á Íslandi – en lífskjörin verða einnig að vera samþærileg við nágrannaríkin þannig að ungt fólk sjái fram á að geta séð sér farborða, eignast heimili og fjölskyldu og tekið virkan þátt í samfélaginu.

Samfylkingin leggur áherslu á að samfélagið fjárfesti í ungu fólk og að allir hafi aðgang að menntun í hæsta gæðaflokki. Samfylkingin vinnur jafnframt að tillögum til að tryggja betur hagfellt umhverfi fyrir barnafólk. Samfylkingin vill vinna að því að atvinnutækifæri verði næg og spennandi til að svara kröfum nýrrar kynslóðar og jafnframt þurfi húsnæðismarkaðurinn að vera fjölbreytilegri og bjóða upp á öruggar lausnir og leigumarkað fyrir þá sem vilja leigja. Aðgerðaáætluninni er ætlað að varða leiðina að þessum markmiðum.

Það er von okkar að sem flest ungt fólk þekkist boðið og sláist í hóp jafnaðarmanna af öllu landinu í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, í dag, laugardag, og taki þátt í að finna bestu leiðirnar fyrir Ísland og leggja grunn að framtíðinni með okkur.

Þremur árum eftir hrun telur enn stór hluti ungs fólks á Íslandi að tækifærin séu fleiri og betri utan Íslands. Þeirri stöðu þurfum við að snúa við. Samfylkingin lítur á það sem lykilverkefni að setja fram skýra framtíðarsýn um heilbriggt og gott samfélag. Á nýafstöðum landsfundi flokksins var því samþykkt aðgerðaáætlun um málefni ungs fólks þar sem hagsmunir og tækifæri komandi kynslóðar eru í brennidepli. Um helgina býður flokkurinn fulltrúum ungs fólks alls staðar af landinu til hugmynda-smíðu og samræðna um þær hugmyndir og lausnir sem brýnt er að vinna að í náinni framtíð.

Það hefur verið sýn ungs Samfylkingarfólks og flokksins í heild að til að ungt fólk öðlist trú á framtíðinni þurfum við að skapa sam-



Ári eftir hamfarirnar í Japan - þakkir fyrir veittan stuðning -

Brátt er ár liðið frá jarðskjálftanum mikla, sem reið yfir norðausturhluta Japans þann 11. mars í fyrra. Á þessum tímamótum minnumst við þeirra sem létu lífið í hamförunum og hugsum með hlýhug til þeirra sem hafa átt um sárt að binda. Um leið viljum við þakka íslensku þjóðinni innilega fyrir þann ómetanlega stuðning sem hún hefur sýnt í verki í kjölfar hamfaranna.

Íslendingar voru á meðal þeirra fyrstu sem buðu fram rausnarlega aðstoð til þeirra sem þjádust eftir þessar miklu hörmungar. Framlag ríkisstjórnarinnar var 10 milljónir króna og íslenska þjóðin gaf 16 milljónir króna í gegnum Rauða kross Íslands og Barnaheill. Ýmsir hópar og fyrirtæki tóku sig saman og lögðu söfnuninni lið en þar má nefna "Vini Japans", hóp ungmenna á Landsmóti Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, nemendur í Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur og hóp kvenna, nemenda grunnskóla og menntaskóla sem stofnuðu til þjónaáttaks. Öll framlög hafa runnið til þeirra sem mest þurftu á að halda á þeim svæðum sem verst urðu úti í hamförunum.

Mikið og gott uppbyggingarstarf hefur verið unnið í Japan með hjálp alþjóðasamfélagsins. Innviðir efnahagslífsins á svæðunum, sem illa urðu úti í hamförunum, eru að ná sér á strik og daglegt líf hefur færst í sama horf og fyrir jarðskjálftann. Mikil áhersla er

lögð á að bjóða ferðamenn, skiptinema og aðra þá sem eiga erindi til Japans velkomna.

Eftir miklar þjáningar hamfaranna er tækifæri fyrir Japani að rækta nánari samskipti við alþjóðasamfélagið, sem hefur veitt þjóðinni styrk til enduruppbyggingar.

Í þakkarskyni fyrir allan hlýhug og styrk munu Japanir halda áfram að veita framlög til alþjóðasamfélagsins í gegnum opinbera þróunaraðstoð. Einnig verður leitast við að deila hinni erfiðu reynslu og þekkingu, sem hlotist hefur í gegnum hamfarirnar, á sem fjölbreyttastan hátt. Markmið Japana er að verða leiðandi fyrir aðrar þjóðir í innleiðingu græns hagkerfis, efnahagslegri samvinnu á háu stigi og ábyrgðarfullum viðbúnaðarráðstöfunum.

Fyrir hönd japönsku þjóðarinnar og ríkisstjórnar Japans sendi ég Íslendingum hugheilar þakkir. Samstaða Íslendinga með japönsku þjóðinni og auðsýndur einhugur í verki mun sannarlega verða varðveittur í hugum Japana.

Masayuki Takashima
Sendiherra
Sendiráð Japans á Íslandi

Öfgamaskúlínismi

Samfélagsmál

Hermann Stefánsson
ríthöfundur



Fyrir nokkrum árum, nokkuð mörgum reyndar, fór ég að skoða skipulega ákveðna tegund karlamenningar sem mér þótti vera að mótast á Íslandi. Annars vegar var þetta fyrirtækjamenningin, sem ég þóttist sjá að markaði sterkt rof í íslensku menningu og íslensku mentalíteti, hins vegar nokkuð sem virtist þá vera jafnarfyrirbær og við getum kallað öfgamaskúlínisma. Ég lagðist í síður eins og kallarnir.is og seinni síður og skoðaði tungutak, birtingarmyndir ákveðinna viðhorfa og samskiptamáta og ekki síst hugmyndalegan grunn. Hvaða hugmyndir höfðu þessir strákar eins og Kallarnir sem síðan urðu sumir hverjir vinsælir í fjölmiðlum? Því er ekki auðvelt að lýsa í fáum orðum svo vel sé en ríkur þáttur í þeim er ákveðin tegund húmors sem einkennist af því að vera ekki myndin. Um það þarf ekki að hafa mörg orð að nauðgunarhótanir eru ekki myndnar.

Þetta rifjaðist upp fyrir mér þegar ég las texta eftir kunningja minn þar sem fyrir kemur góð spurning: Hvernig fara menn að því að bera upp tillöguna um að fremja hópnaudgun? Svárið við spurningunni er algerlega handan seilingar ef ég miða við þá meira og minna sívísiseruðu menn sem ég umgengst alla jafna. Það er ekki hægt að gera sér í hugarlund hvernig hægt væri að ýja að slíku innan hóps þótt hægt sé að reyna að sjá það fyrir sér hvernig nauðgunarórar grassera í einum stökum kalli ofbeldismanns.

Það er að segja: Jú, það er hægt að ímynda sér hvernig þetta gerist ef þessi ákveðna tegund öfgamaskúlínisma er ríkjandi í þröngum hópi og það er auðveldara að sjá það fyrir sér að slíkt sé meira en fræðilegur möguleiki þegar þessi sama tegund af herskáum öfgamaskúlínisma er einnig ríkjandi í nærumhverfi tiltekna hóps, hvað þá ef hún er útbreidd í samfélaginu.

Og öfgamaskúlínisminn hefur ótvírætt breiðst út. Við getum líkt þessu við leikritið Nashyrningana eftir Eugène Ionesco: Einn af öðrum breytast íbúar bæjar í nashyrninga sem hlaupa út um allt og ryðja öllu úr vegi sem fyrir verður. Þeir skynsömstu þrjúkast lengst við, halda í vitið, síðmenninguna, mennskuna, sjálfstæða hugsun sína, en um síðir verða allir nashyrningar.

Er ekki reyndar eitthvert nashyrningssyndrómi nokkuð víða í íslensku samfélagi þessa dagana? Manni finnst stundum að samfélagsumræðan einkennist af því að tala með einu horni á nefinu fremur en beinlínis tveimur hrúthornum svo að næsta skref sé að hlaupa rymjandi um götur og skeyta hvorki um kvíkt né dautt. Of sjaldan er minnt á hugsjónir, of sjaldan er reynt að sjá framtíðina fyrir sér eins og hún ætti að vera, of oft er einblínt með einþykkju á nýjasta smotteri dagsins í stað þess að taka slaginn við stóru málin, hnattræna hlýnun, jarðveginn sem skapast hefur í íslensku samfélagi fyrir öfgahreyfingar. Okkur hættir til að kveikja á auðveldustu hugsunum og ryðjast áfram í réttmætri reiði okkar án þess að skoða málin. Ef nashyrningssyndrómið smeygir sér inn í fleiri anga samfélagsins, hvern krók og kima, er hætt við að illa fari. Ekki síst skulum við passa okkur sjálf, að breytast ekki í nashyrninga. Ekki eina einustu tegund nashyrninga.

Í þessu grúski mínu þarna um árið fannst mér sem ég hefði komist nærri einhverjum hugmyndalegum kjarna öfgamaskúlínismans. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og nú er að sjá sem barn-

ungir drengir geti smitast af þessari menningu, menningu öfgamaskúlínismans. Svo er að sjá sem hetjur hennar geti náð til þeirra með sinni ófyndnu fyndni og lagt grunn að andrúmslofti þar sem allra verstu uppástungur eru félagslega samþykkjanlegar.

Höldum okkur við líkingar úr bókmenntum. Rísnákurinn Hýdra með höfuðin nú varð ekki unninn því fyrir hvert höfuð sem höggvið var af spruttu tvö ný. Einvörðinn þannig koma hetjur öfgamaskúlínismans manni fyrir sjónir, hverfi einn koma tveir nýir. Og það er enginn Herkúles í sjón-

máli til að taka kvikindið. Fyrir mína parta hef ég ekkert sérstaklega mikla trú á því að höggva burt höfuðin. Bæði er að ég er ekki Herkúles og svo hefur mér fundist síðustu ár einhvern veginn frjór og eðlilegra að menntamenn eins og ég sjálfur grunuðu sjálfa sig um græsku, tækju gagnrýni femínismans til sín og skoðuðu jafnrétti í eigin hópi í stað þess að framvísa gagnrýninni



Öfgamaskúlínismann má brjóta á bak aftur með því að ráðast að sjálfri hugmyndalegri rót hans.

takk fyrir á Jón Jónsson verkamann og lýsa sjálfa sig femíniskan Herkúles.

En hvernig er í alvöru hægt að ráðast gegn menningu sem gerir alvondar uppástungur segjanlegar? Með herskáum hætti, til dæmis. Með aktívism. Með gjörningum, með skrifum, í gegnum stjórnmál, í gegnum bókmenntir, með því að grafa undan maskúlínistamenningunni

sjálfri, með því að öðlast skilning á henni, með því að ráðast gegn lygð, hræsni, hálfvelgju, tvískinnungi. Með því að karlmenn sjáist sem mest gera eitthvað annað á opinberum vettvangi en fara með vonda fyndni: Lesa bækur, tefla, fara með fyndna fyndni, spila tónlist, leggja stund á gegnumbrot skáldskaparins, ástunda sannar ögranir, fíflast, láta öllum illum látum, ganga gegn skinhelginni, hrista upp í hlutunum, vera næs, gera það kúl að vera næs. Öfgamaskúlínismann má brjóta á bak aftur með því að ráðast að sjálfri hugmyndalegri rót hans.



Skattamál á mannamáli

Þér er boðið á fræðslufund

Þriðjudaginn 13. mars verður haldinn fræðslufundur um skattaskil einstaklinga þar sem Guðrún Björg Bragadóttir, viðskiptafræðingur á skatta- og lögfræðisviði KPMG fer yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga við gerð skattframtals.

- Samsköttun maka og foreldra og barna
- Meðferð frádráttar vegna styrkja, viðhalds og/eða endurbóta á húsnæði
- Reglur um barnabætur og vaxtabætur

Fundurinn verður í Arion banka, Borgartúni 19 og hefst kl. 17.30. Spurningum um skattamál verður svarað í lok fundar.

Léttar veitingar í boði og allir velkomnir.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is

arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki

KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

40% afsláttur



2298 kr. kg

Verð áður ~~3349~~ kr. kg
Ungnautapiparsteik, erlend



50% afsláttur



2449 kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg
Ungnauta entrecode, erlend

NAUTAVEISLA! FRÁB.

20% afsláttur



2698 kr. kg

Verð áður ~~3398~~ kr. kg
Lambaprime



1498 kr. kg

Lambalæri m/hvítlauk og rósmarín

33% afsláttur



998 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur

50% afsláttur af nammibarnum á föstudögum og laugardögum

Pepsi eða Pepsi Max 33 cl

Fylgir öllum nammipokum af nammibarnum ef verslað er 250 g eða meira!

*Meðanbirgðir endast





4x2 lítrar



799 kr. pk.

Coca Cola, 4x2 l



Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

NAUTAKJÖT

- fyrir þig og þína!



30%
afsláttur



30%
afsláttur

1698 kr. kg

Verð áður ~~2498~~ kr. kg
Ungnautagúllas

1998 kr. kg

Verð áður ~~2897~~ kr. kg
Ungnautasnitset

AERT VERÐ!



749 kr. kg

ÍM ferskur kjúklingur



389 kr. pk.

Ungnauta hamborgari, 120 g,
2 í pk.



579 kr. stk.

Krónu bragðarefur, 1,33 l




2
fyrir
1

Myllu jólakaka

ávaxta-
markaður
Krónunnar

Veldu einhverja tíu ávexti
á ávaxtamarkaði Krónunnar



og þú borgar...

AÐEINS

39 kr.

STYKKIÐ



KÍKTU Á
kronan.is
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

Félagsleg réttindi og fíknisjúklingar

Heilbrigðismál

Björn M. Sigurjónsson

stjórnarmaður í framkvæmdastjórn SÁÁ



þeim afarkostum að þar með eigi sjúklingurinn að hafa náð varanlegum bata.

Oftar en ekki þróast mál með þeim hætti að fíknisjúklingur leynir ástandi sínu af ótta við fordóma, uns mál eru komin í óefni og sjúkdómurinn hefur alvarleg áhrif á hæfni starfsmanns. Þá eru viðbrögðin oft þau að setja starfsmanninum afarkosti eða segja honum upp.

Til þess að leiðrétta þessa mismun þarf að ganga út frá réttum skilningi sjúkdómshugtaksins, sem er að fíknisjúkdómur er langvinnur, ólæknandi sjúkdómur. Fíknisjúklingar hafa ekki val um hvort

„Fíknisjúkdómar eru ekki merki um veiklyndi, leti eða lesti frekar en aðrir sjúkdómar. Nú er tímabært að jafna rétt fíknisjúklinga til meðferðar...“

þeir þróa með sér fíkn en með réttum viðhorfum og stuðningi er hægt að skapa þann valkost að sækja sér meðferð og ná bata og stöðva þannig framgang sjúkdómsins.

Eftir því sem fyrr er gripið inn í sjúkdómsferlið, þeim mun betri eru batahorfur. Það er því ótækt að fela ástand sitt af ótta við fordóma eða skilningsleysi. Þessu þarf að breyta til dæmis með því að hætta að taka fíknisjúkdóma út fyrir sviga í kjarasamningsbundnum réttind-

um til veikindalauna og viðurkenna sjúkdómshugtakið þannig í verki.

Í sumum tilvikum vísa kjarasamningsákvæði í niðurstöðu dómstóla í vinnurétti þegar kemur að kjarasamningsbundnum réttindum fíknisjúklinga. Þangað er þó lítið að sækja þegar kemur að réttarþót fyrir fíknisjúklinga. Í Hæstaréttardómi frá 2007 eru til dæmis ekki gerðar athugasemdir við það að yfirmaður leggi mat á bata sjúklings, gang sjúkdóms og árangur af meðferð. Samningur sem yfirmaður gerir við starfsmann um að hann fái veikindalaun fyrir eina meðferð og skuli svo ná varanlegum bata þaðan í frá, er ekki sérstök réttarþót heldur afarkostir sem fíknisjúklingur verður að sætta sig við.

Fíknisjúkdómar eru þess eðlis að vera langvinnir og ólæknandi. Gangur sjúkdómsins einkennist af falli eða föllum, stundum skömmu eftir fyrstu meðferð og stundum eftir löng tímabil án neyslu vímuefna. Sú tíðkun að „leyfa“ mönnum að fara í eina meðferð og setja það skilyrði að ná varanlegum bata ferur ómannlegar byrðar á herðar sjúklingi sem gengur með sjúkdóm sem einkennist af föllum. Aðrir sjúklingahópar mæta ekki sams konar viðhorfum.

Enn eimir eftir af þeim viðhorfum að fíknisjúkdómar séu lesti eða stafi af röngu vali sjúklingsins. Fíknisjúklingar velja sér ekki fíknina heldur er það með þennan sjúkdóm, eins og aðra, að hann leggst á fólk af mismunandi þunga. Fíknisjúkdómar eru ekki merki um veiklyndi, leti eða lesti frekar en aðrir sjúkdómar. Nú er tímabært að jafna rétt fíknisjúklinga til meðferðar og eyða kerfisbundinni mismunun gagnvart þessum stóra hópi fólks.

„Mamma, ég held að þú sért með krabbamein“

Samfélagstúlkun

Sabine Leskopf

stjórnarmaður í Samtökum kvenna af erlendum uppruna



Samfélagstúlkun er túlkun fyrir einstaklinga sem ekki geta tjáð sig nægilega vel á íslensku í viðtölum þar sem mikið er í húfi, eins og í heilbrigðiskerfinu, í félagsþjónustunni, í foreldraviðtali eða við skilnað. Starf þessara túlka er mjög krefjandi, það er ekki nóg að geta talað tvö tungumál sæmilega til að vera túlkur.

Samtölin geta verið einföld og skemmtileg, eins og í foreldraviðtölum í leikskólum, en líka af allt öðru tagi, túlkar sjá fólk deyja eftir bílslys og eru beðnir um að hringja í ættingja erlendis, túlkar þurfa að vera hlutlausir þegar þeir túlka fyrir kynferðisafbrotamann jafnt sem fórnarlamb hans. Ábyrgð túlks er mikil, hlutir eins og röng sjúkdómshugmyndir, trúnaðarrestur eða vanlíðan barns vega þungt. Einnig eru sum samfélög innflytjenda mjög lítil og allir þekkjast sem getur gert tilveru túlks mjög erfiða og hafa margir góðir túlkar gefist upp eða þurft að fórn sínu eigin félagslífi.

Samt er þessu starfi sýnd mjög lítil virðing; launin eru lægri en á kassanum í Bónus og það er undir viðkomandi túlkabjónustu komið hvort einhver fræðsla túlka fer fram. Rammasamningar Ríkiskaupa eða sveitarfélaga gera engar formlegar kröfur til menntunar túlka. Nám við HÍ í samfélagstúlkun liggur niðri vegna fjáskorts.

Þó að yfirvöld borgi túlki minna

en helming þess sem þau borga viðgerðarmanni sem kemur til að líta á kaffivélina finnst þeim þjónustan dýr og á tímum sem þessum þarf að spara. Þess vegna taka flestir innan kerfisins því fegins hendi ef fólk kemur með sinn eigin túlk. Stundum eru það vinir og vandamenn en mjög oft er það fólk sem ætti ekki undir neinum kringumstæðum að vera yfirleitt viðstatt erfið viðtöl, hvað þá að bera ábyrgð á þeim og það eru börn þeirra sem í hlut eiga. Börn eru yfirleitt fljóttari að tileinka sér nýtt tungumál og eftir hrúð hefur þetta viðgengist æ meir.

Til eru dæmi um að barn hefur verið tekið úr eigin kennslustundum til að túlka fyrir starfsfólk í eldhúsi skólans, hjá félagsþjónustunni hefur barn verið látið miðla samtali um að fjölskyldan ætti að missa húsnæði sitt og börn allt niður að 10 ára aldri hafa túlkað í lækni viðtölum þar sem meira að segja er til staðar lögbundinn réttur á túlkun.

Svo eru vátýngd börn ekki alltaf góðir túlkar – barn pólskra foreldra sem elst upp hér á landi getur kannski haldið uppi almennum samræðum á pólsku en það hefur aldrei farið til læknis, hvað þá til sýslumanns í Póllandi. En aðallega getur þetta verið skelfilega þung byrði sem ekkert barn ætti að þurfa að bera. Í staðinn eiga börn rétt á vernd sem foreldrar og stjórnvöld eiga að veita. Í nýju lagafrumvarpi um málefni innflytjenda er einungis tekið fram að æskilegt sé að móta heildarstefnu um túlkabjónustu. Hluti af þessari stefnu ætti að fela í sér að brjóta ekki lengur á mannréttindum barna af erlendum uppruna með þessum hætti.

Mottumars og krabbamein

Heilbrigðismál

Ragnheiður Haraldsdóttir

forstjóri Krabbameinsfélags Íslands



Ígrein fyrir skemmstu í Fréttablaðinu eftir Teit Guðmundsson lækni undir fyrirsögninni „Misskilin motta!“ og í viðtali við hann á Bylgjunni komu fram sjónarmið sem þarft er að leiðrétta. Þar gæti nokkurs misskilnings.

Það er ekki rétt að Krabbameinsfélagið einblíni á blöðruhálskirtilskrabbamein og eistnakrabbamein í átaks- og fjárfundaráttaki sínu Mottumars, karlmenn og krabbamein. Þvert á móti hefur frá upphafi verið lögd áhersla á almenn heilsuþöðrd til karla og að menn þekki fyrstu einkenni margvíslegra krabbameina. Áhersla var lögd á blöðruhálskirtilskrabbamein í fyrri og í hitteðfyrri, en það er algengasta krabbamein karla. Að mati okkar var mikilvægt að opna umræðuna um það krabbamein til að auðvelda körlum að bregðast við fyrstu einkennum. Þetta hefur tekist mjög vel. Nú í ár er aukin áhersla á önnur krabbamein jafnhliða.

Það er heldur ekki rétt að ganga út því frá að Krabbameinsfélagið hvetji alla karlmenn til þess að fara í mælingu á PSA í blóði. Hið rétta er að eitt aðildarfélag Krabbameinsfélagsins, Framför, sendi fimmtugum körlum bréf og hvatti til slíkra mælinga. Sjónarmið þeirra og rök hafa komið fram í fjölmiðlum. Í yfirlýsingu landlæknis af því tilefni er vísað

í fræðsluefni Krabbameinsfélagsins, sem mælir með einstaklingsbundinni nálgun í þessu efni. Þetta fræðsluefni er að finna m.a. á heimasíðu félagsins (www.krabb.is) og panta má fræðslubæklinga beint frá okkur.

Teitur hvetur til aðgerða til að sporna við ristilkrabbameini, og þar er Krabbameinsfélagið honum sammála. Þess vegna hafa Krabbameinsfélag Íslands og ýmis aðildarfélög þess á undanförunum árum staðið fyrir ráðstefnum um ristilkrabbamein (ein slík er nú í mars), gefið út fræðsluefni og hvatt til skimunar. Í fræðslumyndinni „Þetta er svo lúmskt“ (útg. 2011) er fjallað um ýmsa þætti er varða krabbamein í ristli og endaparmi. Þar eru viðtöl við einstaklinga sem hafa greinst með þennan sjúkdóm og við fagfólk sem vinnur að greiningu og meðferð hans. Einnig er lögd áhersla á að kynna hvað hver einstaklingur getur gert til að draga úr hættunni á að fá sjúkdóminn og hvað hægt er að gera til að greina hann á forstigi, þegar mestur möguleiki er á lækningu.

Flestum er ljóst að nú er sannarlega kominn tími til að stíga stærrí og fleiri skref til að fækka ristilkrabbameinum hér á landi, og beita til þess öllum tiltækum ráðum. Þar liggja mikil sóknarfæri, því krabbamein í ristli má greina á forstigi og frumstigi, og því fyrr sem þá getur greinist, þeim mun betri er árangur meðferðar.

Krabbameinsfélag Íslands mun áfram láta mikið til sín taka og með hjálp og stuðningi almennings í landinu munum við setja markíð hátt og ná árangri í baráttunni við margs konar krabbamein.

13 og 20. mars

frá kr. 29.900*

Kanarí Tenerife

Heimsferðir bjóða flug á frábæru verði til Kanarí eða Tenerife 13. og 20. mars. Heimflug eingöngu frá Kanarí 20., 28. eða 29. mars.

Fjölbreytt gisting í boði.

Kr. 3.600 í tvíbýli á dag í íbúð á Tisalaya Park.

Kr. 8.400 í tvíbýli á dag með allt innifalið á Beverly Park.

* Flug á mann aðra leið með sköttum kr. 29.900
Flug á mann fram og til baka með sköttum kr. 59.800

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

BÍLAKAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG



HVAÐ FÆST FYRIR GAMLA BÍLINN?

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um hvernig það getur litið út.

Hyundai ix35



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



Hyundai Santa Fe




ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



RENAULT MEGANE  DÍSil

3,7 L/100 KM **SJÁLFSKIPTUR**
Í FJÖLSKYLDUBÍLL SEM FER HRINGINN Á EINUM TANKI!

1428 km* *Míðað við blandaðan akstur

 FRÍTT Í STÆÐI Á
MIÐBORGARSVÆÐINU

KAFFI OG BLÖÐRUR

Við fengum frábærar viðtökur frá þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína til okkar til að fagna með okkur nýju nafni. Á laugardögum er tilvalið að kíkja við í kaffi og finna rétta bílinn til að reynsluaka.



NÝR QASHQAI DÍSil

Ný dísilvél eyðir aðeins frá **4,6 l/100 km** sem er með því allra lægsta sem þekkt í fjórhjóladrifnum sportjeppum.



TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Littu inn í kaffi, spjall og reynsluakstur. Við tökum höfðinglega á móti þér.



AÐSTOÐARÞJÁLFARI Willum Þór og Björgvin hafa farið saman á flestar æfingar hjá KR, Val, Keflavík og Leikni síðasta áratuginn. Willum segir mikilvægt að hafa Björgvin með sér á línunni, enda gefi hann góð ráð og áhugi hans smíti út frá sér.



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Lætur heyra í sér á línunni

Björgvin Björgvinsson hefur verið aðstoðarmaður Willums Þórs Þórssonar knattspyrnuþjálfara í áratug og hjá fjórum félögum, en þeir starfa nú saman hjá Leikni í Breiðholti. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Björgvin, sem er forfallinn fótboltaáhugamaður, um starfið og tímamann sem er vel varið.

Nei,“ svarar Björgvin Björgvinsson ákveðinn þegar hann er spurður að því hvort hann eigi sér nokkur önnur áhugamál en fótbolta. Það eru orð að sönnu því frá unga aldri hefur líf hans snúist um knattspyrnu, framan af í gegnum áhuga og áhorf á leiki, en síðasta áratuginn hefur hann einnig gegnt stöðu aðstoðarmanns Willums Þórs Þórssonar knattspyrnuþjálfara.

Á þessum tíu árum hafa Björgvin og Willum starfað saman hjá fjórum félögum: KR, Val, Keflavík og Leikni. Í dag þjálfar þeir Breiðholtið síðastnefnda sem leikur í 1. deild í í sumar og Björgvin segir markmiðið fyrir mót skýrt. „Þegar Willum skrifaði undir samning við Leikni sagði hann að markmiðið væri að koma Leikni upp í Úrvalsdeildina og það ætlum við að gera, með öllum tiltækum ráðum. Spennigurinn eykst eftir því sem mótið nálgast og það er góð stemning í hópnum,“ segir aðstoðarþjálfarinn sem fagnaði 34 ára afmæli sínu á þriðjudaginn. „Ég fékk köku og það voru hamborgarar í matinn í tilefni dagsins. Hamborgarar eru þó ekki í neinu sérstöku uppáhaldi hjá mér enda borða ég nánast allt. Nema súrmat, hann er alls ekki góður,“ segir Björgvin og hlær, en hann hefur verið í hjólastól nánast frá fæðingu, býr á sambýlinu Bleikargróf og starfar hjá Bjarkarási milli þess sem hann sækir æfingar og horfir á fótbolta.

Grjótharður Púllari

Björgvin fæddist í Keflavík en fluttist í Kópavoginn um þrjú ára aldur. Hann fékk snemma áhuga á fótbolta og rifjar upp að sigurleikur Liverpool gegn Newcastle hafi kveikt neistann. „Liverpool

vann stórsigur og þá vaknaði knattspyrnuáhuginn fyrir alvöru. Ég hef verið grjótharður Liverpool-maður æ síðan og herbergið mitt er troðfullt af Liverpool-dóti. Ég fer líka í pílgrímsferðir á heimavöll liðsins, Anfield, á tveggja til þrjú ára fresti og hef alls séð fimm leiki þar, þrjú sigra, eitt jafntefli og eitt tap. Þá fer ég alltaf í skoðunarferðir um leikvanginn og heimsæki Liverpool-verslanirnar sem mér þykir mjög gaman,“ útskýrir Björgvin, en fyrirliðinn Steven Gerrard er í mestu uppáhaldi hjá honum af leikmönnum Liverpool. „Ég held líka mikið upp á danska varnarmanninn Daniel Agger, sérstaklega vegna þess að þegar íslenska landsliðið lék við Danmörku fyrir nokkrum árum gaf Agger mér treyjuna sem hann spilaði í eftir leikinn. Treyjan hangir uppi á vegg hjá mér.“

Segi mína skoðun á málunum

Samstarf Björgvins og Willums Þórs hófst fyrir tíu árum þegar Björgvin vandi komur sínar á leiki KR-liðsins í Vesturbænum, en Willum var þá þjálfari liðsins.

„Ætli ég hafi ekki byrjað að fara á KR-völlinn vegna þess að ég var orðinn hungurinn í titla,“ segir Björgvin og hlær. „Willum fór að spjalla við mig og spurði hvort ég væri til í að aðstoða hann við þjálfunina og við höfum unnið saman síðan. Þetta hefur verið afar skemmtilegur tími. Ég hjálpa honum við að stýra æfingunum og gef ráð þegar það á við. Svo mæti ég auðvitað á alla leiki og læt heyra vel í mér á línunni. Willum hvetur mig alltaf til að segja mína skoðun á málunum og mér leiðist það ekki,“ bætir hann við, en Willum sækir Björgvin og þeir keyra saman á bíl þess síðarnefnda, sem er sérhannaður fyrir hjólastól, á allar æfingar. „Það fer mikill tími í þetta, sérstaklega þegar við vorum hjá



HARÐUR PÚLLARI Heimili Björgvins á sambýlinu Bleikargróf er skreytt munum tengdum eftirlæti enska liðinu, Liverpool, í hólf og gólf. Í baksýn sést danska landsliðsþreya Daniels Agger sem varnarmaður Liverpool færði Björgvini að gjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



Willum hvetur mig alltaf til að segja mína skoðun á málunum og mér leiðist það ekki.

Keflavík og keyrðum Reykjanbrautina fram og til baka á hverjum degi, en þeim tíma var vel varið.“

Ekki aftur snúið

Björgvin segir mikið og gott vináttusamband hafa myndast milli sín og Willums á þessum árum sem þeir hafa starfað saman, en viðurkennir jafnframt að báðir eigi þeir til að vera nokkuð ákveðnir. „Við pössum vel saman og samstarfið gengur eins og í sögu. Við erum ekki alltaf sammála um allt, en greiðum fljótt úr öllum ágreiningsefnum. Ég hef líka kynnst öllum þeim leikmönnum sem við höfum unnið með

mjög vel og þeir eru rosalega flottir strákar,“ segir Björgvin og tiltekur Andra Stein Birgisson, sem lék undir stjórn Willums og Björgvins hjá Keflavík og nú hjá Leikni, og fyrrum Valsmennina Pálma Rafn Pálmason og Birki Má Sævarsson, sem báðir eru atvinnumenn í Skandinavíu, sem leikmenn sem hann hefur sérlega mikið álit á af þeim sem hann hefur unnið með.

Aðspurður segist Björgvin harðákvæðinn í að halda áfram að vinna með Willum eins lengi og hugsast getur. „Það er ekki aftur snúið þegar maður byrjar á þessu,“ segir hann að lokum.

BJÖRGVIN ER HÁVÆRARI EN ÉG

„Fyrst og fremst hefur Björgvi gríðarlegan áhuga og ástríðu fyrir knattspyrnu. Slíkt smitar út frá sér og er svo mikilvægt í öllum íþróttum, sama hvort um ræðir þjálfara, leikmenn, stjórnarmenn eða áhorfendur. Hann er líka grjótharður og er mættur út á völl í tíu stiga gaddi. En Björgvi hefur líka góða sýn á leikinn. Hann hefur farið á þjálfaranámskeið hjá KSÍ, gefur góð ráð í sambandi við æfingar og hefur áunnið sér virðingu leikmanna í gegnum þetta allt. Það er mikill stuðningur af honum,“ segir Willum Þór Þórsson knattspyrnuþjálfari og samstarfsmaður Björgvins.

Willum sækir Björgvin á allar æfingar og segir góða vináttu hafa þróast milli þeirra. „Það er smá aukasúningur að sækja Björgva en ekkert til að tala um, enda er hann virkilegur skemmtilegur, mikill húmoristi og líffgar upp á þessar ferðir á æfingar, til dæmis þegar við vorum hjá Keflavík og keyrðum suður með sjó. Svo er Björgvi líka afar traustur og tryggur sínu fólki. Þótt við séum Leiknismenn í dag fer hann einu sinni í viku í Valsheimilið og fylgist vel með KR-ingum og Keflvíkingum. Hann stendur með sínum.“

Willum er Chelsea-maður en Björgvin stuðningsmaður Liverpool. Aðspurður segir Willum Björgvin eitt sinn hafa verið fremur viðkvæman fyrir neikvæðum skotum á Liverpool en það hafi breyst með tímanum. „Við hlæjum að þessum rígi í enska boltanum, enda er nóg fyrir okkur að taka ábyrgð á liðinu okkar. Undanfarin ár hef ég, sem Chelsea-maður, verið í þeirri aðstöðu að geta skotið harkalega á Liverpool en nú er hann farinn að geta bombað harkalega á móti. Þetta er bara skemmtilegt.“

Hann segir samstarfið ganga mjög vel. „Það er oft talað um að ég geti verið hvass og farið mikinn á línunni í leikjum, en ég held að það sé misskilningur því Björgvi ber ábyrgðina á mestu af þessu. Ef ég kalla eitthvað inn á völlinn, til dæmis áhersluatriði sem þarf að minna á, tónar Björgvi það margfalt. Ég held að Björgvi sé orðinn miklu meira vandamál fyrir dómara heldur en ég nokkurn tíma,“ segir Willum og hlær.



DVD MARKAÐUR Í NETTÓ

899 KR STK



SKELLTU ÞÉR
Í HEIMABIÓ MEÐ
VINUNUM



nettó

KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

OPNUM KLUKKAN 10 LAUGARDAGUR OPNUM KLUKKAN 10

SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJADMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞÚ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!



1459
KR. KG

FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI

SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJADMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞÚ ER MEIRA KJÖT OG MINNA BEIN Á LÆRINU!



1495
KR. KG

FERSKT SÉRSKORIÐ KRYDDAÐ LAMBALÆRI

SÉRSKORIÐ FERSKT EÐA FORKRYDDAÐ ÍSLANDS-LAMBALÆRI



3598
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBAFILLET



1359
KR. KG

KS FROSID LAMBALÆRI



779
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID SÚPUKJÖT I. FL.

FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR *GOTT VERÐ*



1995
KR. KG

KJÚKLINGABRINGUR



695
KR. KG

KJÚKLINGALEGGIR



595
KR. KG

KJÚKLINGABITAR



295
KR. KG

KJÚKLINGAÆNGIR



1798
KR. KG

KF FROSNAR
LAMBALÆRISSNEIÐAR

598
KR. KG

KF FROSID
LAMB-HJARTASNITSEL



698
KR. KG

ALI GRÍSAKJÖT
FERSKUR GRÍSAÞÓGUR



179
KR. 1 LTR.

BÓNUS FLORIDA I LTR.
FERSKUR APPELSÍNUSAFI



359
KR. RÚLLAN


KJARNAFÆÐI FROSID
SPARHAKK 620G



98
KR. 125 G

KJARNAFÆÐI
PIZZU-SKINKA 125G

HEILSUÁTAKIÐ ÞITT BYRJAR Í BÓNUS



HIMNESKUR RAUÐRÓFUSAFI EPLA OG MANGÓSAFI



HIMNESKUR 330 ML ENGIFERDRYKKUR



LÍFRÆNT 500 ML KÓKOSVATN



RICE DREAM 1 LTR. RÍSMJÓLK + KALCIUM



600G FERSKAR DÖÐLUR



HEIMA MÖNDLUR



FROOSH SMOOTHIE 250 ML. ÓSVIKINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR



BÓNUS SPÍNAT FERSKT FRÁ SPÁNI



LÁRPERA AVOCADO 750 GR 495 KR.PK



498 KR. 1.2 KG



498 KR. 1 KG



359 KR. 10 STK. BOOSTGLÖS M/LOKI 10 STK.



FERSK VÍNBER RAUÐ OG GRÆN STEINALAUS



195 KR. KG APPELSÍNUR



195 KR. KG PERUR Í LAUSU



195 KR. KG GUL EPLI

		3	8						
	6	4							1
1	2							3	
	8	3	9	1	5				
3	7		8	1				9	
	9	4	7	5				8	
	3							5	7
9							8	1	
					2	9			

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 52

Verkefni og fólk til fyrirmyndar

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt næstkomandi miðvikudag. Tilgangur verðlaunanna er að draga fram í dagsljósið einstaklinga og verkefni sem geta verið öðrum til fyrirmyndar. Sem fyrr var leitað til lesenda eftir tilnefningum til verðlaunanna í fjórum flokkum. Dómnefnd vann úr tilnefningunum og kynnir nú þrjár útnefningar í hverjum flokki.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

■ HVUNNDAGSHETJUR



ÁRNI STEFÁN ÁRNASON

Árni Stefán er lögfræðingur og hefur dýrarétt að sérviði. Hann hefur undanfarin misseri verið virkur í dýraverndunarumræðu hér á landi og meðal annars bent á að aðbúnaður svína, hænsna og loðdýra á Íslandi sé ekki í samræmi við dýraverndarlög. Einnig hefur hann beitt sér vegna heimilisdýra og vinnur sjálfböðastarf fyrir Kattavinafélag Íslands.



GRÓA GUNNARSDÓTTIR

Gróa er leikskólakennari og starfar á leikstofu Barnaspítala Hringins. Þar hefur hún vakið athygli fyrir það hversu vel hún tengist börnunum og aðstandendum þeirra. Gróa vinnur með veikustu börnum í landinu. Engu að síður tekst henni með nærfærni iðulega að galdra fram gleðibros á andlit þeirra. Gróa er einn þeirra starfsmanna sem leggur mun meira fram en það sem starfslýsing hennar kveður á um.



PAULINE MCCARTHY

Pauline er búsett á Akranesi og er þar ötull sjálfböðaliði bæði í Rauða krossinum og Mæðrastyrksnefnd, auk þess sem hún er jafnan tilbúin til að leggja góðum málefnum lið. Meðal þess sem Pauline hefur staðið sjálf fyrir er að opna heimili sitt þeim sem eru einir á jólum. Þeim býður hún í mat og sér til þess að allir fái pakka. Pauline er í forsvari fyrir Samtök nýrra Íslendinga á Vesturlandi og hefur um árabil haldið utan um skipulagningu Þjóðahátíðar á Akranesi.

■ FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA

Skátastarf á Íslandi hefur á þessu ári staðið í heila öld. Leiðarljós skátastarfs er að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir samfélagsþegnar. Skátahreyfingin hefur gegnum árin gegnt afar mikilvægu hlutverki sem valkostur í frístundastarfi barna og ungmenna. Auk þess að vera vettvangur til félagslegs þroska meðal jafningja hefur skátahreyfingin leitt marga inn í veröld útivistar og náttúraskoðunar.



STEFÁN ÞORLEIFSSON

Stefán Þorleifsson er 96. aldursári. Hann ákvað ungur að hann ætlaði að gera gagn í heimabyggð sinni, Neskaupstað, og valdi að gerast íþróttakennari vegna þess að honum fannst þörf á að kveikja áhuga fólks á íþróttum. Í gegnum íþróttakennsluna hafði hann tækifæri til að kenna ungu fólki reglusemi og að hugsa vel um líkama sinn. Stefán er enn virkur borgari í heimabyggð sinni og stundar enn fjölbreytta hreyfingu sem hann telur lykilinn að góðri heilsu og langlífi.



MYND/EMIL THORARENSEN

TÖLVUFÆRNINÁMSKEIÐ Í HÆÐARGARÐI

Í félagsmiðstöðinni í Hæðargarði, sem Ásdís Skúladóttir stýrir, eru haldin tölvufærninámskeið þar sem 12 ára nemendur Magneu Jóhannsdóttur kennara í Breiðdagerðisskóla miðla eldri borgurum af þekkingu sinni og reynslu af tölvupósti, Skype, Facebook og margháttaðri þekkingarleit á netinu. Verkefnið hefur staðið í Hæðargarði frá 2006 en hefur nú verið tekið upp í fleiri félagsmiðstöðvun aldraðra.



■ TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM



KAFFI, KÖKUR & ROKK & RÓL

Kaffi, kökur & rokk & ról er tónleikaröð sem staðið hefur í Edruhöllinni, húsi SÁÁ, síðan í haust. Dagskrárstjóri tónleikaraðarinnar er Arnar Eggert Thoroddsen, blaðamaður og poppfræðingur. Það sem af er vetri hafa helstu hljómsveitir Íslands leikið á þessum þriðjudags-tónleikum sem hafa að markmiði að bjóða fólki að njóta fyrsta flokks tónlistar utan hins hefðbundna tónleikamhverfis sem einkennist af áfengisneyslu.



MEÐ OKKAR AUGUM – SJÓNVARPSPÁTTUR

Í sjónvarpsþáttunum Með okkar augum er fólk með þroskahömlun bæði fyrir framan og aftan myndavélarnar. Þættirnir eru afrakstur námskeiðs í sjónvarpsþáttagerð sem efnt var til vorið 2010 og þau Andri Freyr, Bjarni, Eiður, Katrín Guðrún, Richard, Skúli Steinar og Steinunn

Ása tóku þátt í. Í þáttunum skoða þau málefni líðandi stundar með sínum augum og spyrja sinna spurninga. Sjónvarpsþættirnir Með okkar augum eru lóð á vogarskál- ar þess að breyta þeirri ímynd sem þorri fólks hefur af einstaklingum með þroskahömlun.



SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR

Í haust sem leið kom út bók Sigríður Víðis Jónsdóttur Ríkisfang: Ekkert. Þar er rakin saga nokkurra flóttakvenna af palestínskum uppruna sem komu hingað til lands, ásamt börnum sínum, haustið 2008. Konurnar höfðu misserin á undan dvalið við hörmulegar aðstæður í Al Waleed-flóttamannabúðunum og settust að og byggðu upp heimili sín á Akranesi. Bókin vakti mikla athygli og er mikilsvært framlag til að auka skilning okkar Íslendinga á aðstæðum landlauss fólks.

■ SAMFÉLAGSVERÐLAUN

DYNGJAN ÁFANGAHEIMILI

Áfangaheimilið Dyngjan hefur starfað síðan 1988. Hlutverk þess er að veita konum sem koma úr áfengis- og vímuefnamedferð samastað meðan þær koma undir sig fótum í nýju lífi. Dyngjan hefur reynst mörgum konum mikilvægur áfangastaður en á dvalartíma sínum fá þær svigrúm til að breyta og byggja upp allsgáðan ábyrgan lífsstíl. Að jafnaði dvelja um 14 konur í Dyngjunni og sumar þeirra með börn. Edda Guðmundsdóttir veitir Dyngjunni forstöðu.



FRÚ RAGNHEIÐUR

Tilgangur verkefnisins Frú Ragnheiður er að að ná til jafnaðra samfélagsins, svo sem úti-gangsfólks, heimilisláusra og fíkla, og bjóða þeim skadaminnkandi þjónustu og almenna heilsuvernd á þeirra forsendum. Með því að auðvelda aðgengi að sárameðferð og hreinum nálum og sprautum er þess freistað að draga úr skaðsemi lífnaðarháttanna jafnaðra, bæði sýkingum og útbreiðslu smitandi sjúkdóma. Starfsemin byggir á hugmyndafræði skadaminnkunar (Harm Reduction) sem beitt er í mörgum stórborgum í vinnu með fíklum.



VINAFJÖLSKYLDUR Í VESTURBÆ

Verkefnið Vinafjölskyldur í Vesturbæ varð til að frumkvæði nokkurra mæðra barna í Vesturbæjarskóla í Reykjavík, þeirra Sesseljú Th. Ólafsdóttur, Margrétar Gylfadóttur og Mariu Helenu Sarabía. Verkefnið felst í því að mynda tengsl milli íslenskra fjölskyldna og erlendra í því skyni að auðvelda erlendu fjölskyldunni að skilja og aðlagast íslenskum venjum. Verkefnið er unnið í samstarfi við skólann. Stefnt er að því að fjölskylda hvers erlends barns í skólanum eigi fjölskyldu bekkjarsystkinis að vinafjölskyldu.



OUTLET


Frábært verð

Miðhrauni 2, Garðabæ

Mikið úrval Gerðu frábær kaup


Nokkur dæmi um vöruflokka:

- Leikföng
- Parket
- Flísar
- Verkfæri
- Handlaugar
- Innréttingar
- Heimilisvörur
- Gardínur
- Ritföng
- Og margt fleira



Opnunartímar Miðhrauni 2

ÞRI.-FÖS.: 12:00 - 18:00 > LAU.-SUN.: 11:00 - 17:00



Á FÖRUM? Geir H. Haarde fylgist íbygginn með vitninu Ingimundi Friðrikssyni úttala sig um aðdraganda bankahrunsins. Verjandinn Andri Árnason nagar gleraugnasþöngina – ekki í fyrsta skipti og ekki hið síðasta – og Ingimundur styður höndinni á stólarinn ein og hann geti ekki beðið eftir því að standa upp og fara. Þannig sat hann drjúgan hluta skýrslutökunnar.

Fyrstu myndir úr Landsdómi

Eftir að dómþing er sett í Landsdómi er bannað að taka myndir. Fréttablaðið sendi þess vegna teiknarann **Halldór Baldursson** á vettvang til að fanga andrúmsloftið. Hér gefur að líta afrakstur heimsóknarinnar með skýringartexta *Stígs Helgasonar*.

Fyrsta vika réttarhaldanna fyrir Landsdómi hefur runnið sitt skeið. Ólíkt því sem sumir höfðu vonað er þetta engin skemmtidagskrá – í sem stystu máli má segja að þarna hópist miðaldra fólk og ræði efnahagsmál klukkustundum saman. Þetta á heldur ekki að vera skemmtilegt. Það er jú verið að sækja mann til saka.


Engu að síður er jafnan þéttsetið í salnum. Fjölmíðlar senda heilu teymin svo að ekkert fari nú forgörðum þegar menn tapa óhjákvæmilega athyglinni í örskotsstund. Næst Geir situr hans nánasta fjölskylda og missir ekki af neinu. Víðar um salinn má sjá fólk sem augljóslega er komið til að styðja sakborninginn; fyrrverandi aðstoðarmenn hans hlusta, taka glósur og þrjóna, gamlir framkvæmdastjórar Sjálfstæðisflokksins koma og fara og annar þeirra hristir hausinn þegar talið berst að Landsbankanum. Hann sat einmitt í bankaráðinu. Fyrrverandi aðstoðarkona Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur er meðal þaulsætnustu gesta og spjallar við Geir í flestum kaffipásam.

En þarna eru líka fleiri – laganemar í hrönnum, listamenn og hin og þessi þekkt andlit úr stéttum fræðimanna, útvarpsmanna og vörubílstjóra sem hafa ekki legið á skoðunum sínum frá hrúni.

Og þótt réttarhöldin séu ekki færð þjóðinni heim í stofu millilíðalaust blasir við að þeir sem setjast í vitnastólinn í miðjum salnum eru fullmeðvitadur um að á þeim hvíla ótal augu og eyru og að orð þeirra – ef þeim tekst sérstaklega vel upp (nú, eða illa) – kunna að verða lengi á allra vörum. Að því leyti er þinghaldið býsna ólíkt því sem tíðkast í þröngum söllum héraðsdóms þar sem iðulega er verið að takast á um afmarkaðri mál en hrun heils efnahagskerfis. Í stað þess að ógæfuleg vitni tuldri hortugheit í barminn og fyrstist við spurningum setja bisperrt fínimennin í vitnastóku Landsdóms gjarnan á langar og hástemmdar einræður, sem snúast fyrst og fremst um að þau hafi haft rétt fyrir sér en aðrir sjaldnast. Það er nefnilega ýmislegt sem þarf að koma á framfæri við fólkið í landinu. Og var það ekki einmitt það sem við vildum?

Kannski – en hinn ofurfirvegaði dómsforseti Markús Sigurbjörnsson er samt óþreytandi við að benda fólki á að tíminn sé að hlaupa frá þeim, spurningarnar þurfi að vera hnitmiðaðri og svörin ekki síður. Ef maður vissi ekki hvílíku þölgæði þessi virti spekingur býr yfir mætti halda að honum væri farið að leiðast þófið – að hann sé að verða of seinn eitthvert. Það er hins vegar vika eftir og margir eiga eftir að láta ljós sitt skína.

FRAMHALD Á SÍÐU 32



ADALMAÐURINN „Nú blasir við hlutfallsvandi gagnvart klukkunni,“ sagði dómsformaðurinn Markús Sigurbjörnsson hæðinn, þegar hann lét það í ljós í eitt af fjölmörgum skiptum að tíminn væri ekki endalaus. Þá hló salurinn. Það þurfti ekki meira til. Yfirvaraskeggið gefur Markúsi fógætalegt yfirbragð. Hann kveður sér stundum hljóðs í vitnaleiðslunum og spyr meitlaðra spurninga, rétt stundarhátt, svo salurinn allur hlustar á í andakt. Enginn er beinskýttari í spurningum en hann.

Við bjóðum kökur í Netbankanum



ENNEW / SA / IN05142

Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka



Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.



Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Í ELDLÍNUNNI Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, mætti landsdómurum og gerði hvað hann gat til að svara öllum spurningum skilmerkilega. Fjármálaeftirlit hans hafði sætt umtalsverðri gagnrýni dagana á undan.



SAKBORNINGUR Fæstar spurningarnar til vitna í máli Geirs H. Haarde snúast um Geir H. Haarde. Það er athyglisvert.

Ólíkir síðir dómanna

Á fremri bekk Landsdóms sitja sex Hæstaréttardómarar. Lengst til hægri er Benedikt Bogason, sem er þarna sem fulltrúi Háskóla Íslands. Kannski er það þess vegna sem hann er áberandi slakur í sætinu, hallar sér gjarnan makindalega aftur og virðist nokkuð áhyggjulaus. Aftan við hann situr Eiríkur Tómasson, röggssamur og spurull fyrrverandi prófessor. Sá næsti, Garðar Gíslason, er sem myndastytta. Einbeitingin skín úr augunum. Handan Garðars er svo Víðar Már Matthíasson, sem skrifar mikla minnisþunkta. Á þriðjudeginum skartaði hann athyglisverðu bindi. Það var dökkt niður að miðju, þar sem við tók rauður litur. Ingibjörg Benediktsdóttir situr við hlið Víðars og hallar undir flatt. Hún var forseti Landsdóms áður en Markús tók við – og er kannski fegin að vera laus við það?



BÓK Í SMÍÐUM? Það er engu líkara en að Geir sé að vinna að bók um málaferlin, sem eigi að koma út í næstu viku. Svo mikið og hratt handskrifar hann hjá sér á meðan á öllu stendur.

Þessir hafa látid sjá sig í dómnum

Eiríkur Stefánsson, útvarpsmaður á Sögu ■ Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitunnar ■ Ólafur Arnarson, hagfræðingur og pistlahöfundur ■ Árni Páll Árnason, fyrrverandi ráðherra ■ Hannes Hólmsteinn Gissurason, prófessor ■ Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur ■ Sturla Jónsson, vörubílstjóri ■ Andri Óttarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins ■ Ágúst Guðmundsson, leikstjóri ■ Jón Magnússon, lögmaður og faðir Jónasar Fr. Jónssonar ■ Hallur Hallsson, fyrrverandi fréttamaður ■ Grétar Mar Jónsson, fyrrverandi þingmaður Frjálslynda flokksins ■ Hrannar Björn Arnarsson, aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur ■ Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður ■ Stefán Jóhann Stefánsson, upplýsingafulltrúi Seðlabankans ■ Bergur Ebbi Benediktsson, lögfræðingur og grínisti ■ Kristín Edwald, formaður lögfræðingafélagsins.



SÓKNIN Saksóknaramir Sigríður Friðjónsdóttir (í miðid) og Helgi Magnús Gunnarsson (til hægri – hann tyggur tyggjó nánast látlaust) spyrja oft of vítt og breitt að mati dómara. Það er hins vegar lítið upp á aðstoðarmann þeirra að klaga. Hann vérlitir allt samvirkisamlega.



Sparaðu með Miele

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum meðal annars í Þýskalandi.

Verð frá kr.: 25.900



Care Collection ryksugupokar og ofnæmissiur eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

Farðu alla leið með Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Allar
pottaplöntur
30%
afsláttur

BRJÁLUD TILBOÐ Í Blómavali



25%
afsláttur
af öllum kryddjurtafræjum!



Vorlaukar
Daliur
25%
afsláttur



tílbod
Tet a tet 1 stk.
199kr
takmarkað magn

pottur fylgir ekki.

tílbod
Blandaðir vendir
og rósabúnt
999kr



FERMING
Fermingskraut, fermingarblóm,
merktar sálmabækur,
áprentun á servíettur,
skrautskrifuð kerti,
hanskar og margt fleira.
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.



blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Hafnarfirði - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær



RUTH Í FÁTÆKRAHVERFINU MBEKWENI „Rödd Enza hefur fengið góðan hljómgrunn víða um heim. Stjórnvöld hér í Suður-Afríku hafa líka tekið þeim afar vel. Á síðasta ári veittu þau okkur viðurkenninguna Mayoral Awards sem er mikill heiður,” segir hún.

MYND/BERGLIND BALDRSDÓTTIR

Lífið hefur gefið mér tækifæri

Hjálparamtökin Enza í útjaðri Höfðaborgar vinna að því að koma konum sem búa við sára fátækt á braut sjálfstæðis og sjálfbjargar. Stofnandi þeirra, **Ruth Snædalh Gylfadóttir**, sagði *Gunnþóru Gunnarsdóttur* sitt lítið af hverju um samtökin.

Við tókum á móti konum sem búa við mikla fátækt en vilja auka tækifæri sín. Þær koma hingað mismikið niðurbrotnar en margar þeirra hafa þurft að gefa frá sér börn til ættleiðingar vegna bágborinna aðstæðna. Sumar þeirra eldri eru hér að læra að lesa og skrifa, aðrar koma á námskeið í lífsleikni, heilbrigði og tölvunotkun og við aðstoðum líka 10-18 ára stúlkur úr hverfinu við heimanám. Stærsta áskorunin til þessa er þó tólf mánaða prógramm sem veitir Enza-konum brautargengi í rekstri smáfyrirtækja. „Svona byrjar Ruth Snædalh Gylfadóttir að lýsa hlutverki fræðslumiðstöðvar samtakanna Enza í fátækrahverfinu Mbekweni í Höfðaborg í Suður-Afríku. Ruth hlaut fyrir skemmstu sæmdartitilinn Embla ársins af samnefndum félagsskap hér á landi.

Hagvön í Afríku

Ruth hefur búið í Höfðaborg síðustu sex ár ásamt manni sínum, Kolbeini Kristinsyni, og tveimur sonum. Hún var reyndar hagvön í Afríku því sem barn var hún í Simbabwe, sem hét Ródesía þá, og dvaldi í Höfðaborg á miklum umbrotatímum frá 1990 til 1995. „Ég er búin að vera hér í Afríku einn þriðja af ævinni,” segir Ruth sem frá haustdögum 2008 hefur sinnt sjálfbodastarfi fyrir Enza.

„Lífið hefur gefið mér tækifæri til að láta gott af mér leiða,” segir hún. „Ég hafði um langt skeið alið þann draum í brjósti að stofna hjálparamtök fyrir konur í Suður-Afríku og byggja þannig

brú á milli íslenskra og suður-afrískra kvenna með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Í ágúst 2008 fékk ég sex íslenskar konur, sem hafa fjölbreyttan bakgrunn og mikla reynslu úr íslensku og erlendu atvinnulífi, til að starfa með mér í stjórn Enza og sjá um fjáröflun á Íslandi. Fimm þeirra eru enn í stjórninni og hafa staðið eins og klettur við hlið mér í þessu verkefni.“

Yfir 200 konur og stúlkur fóru í gegnum fræðslumiðstöð Enza á síðasta ári og brottfall af námskeiðum þar er innan við 2%, að sögn Ruthar. „Af þeim 80 sem luku lífsleikinámsskeiði hafa 37 fengið fast starf á almennum vinnumarkaði og allar voru enn í starfi sex mánuðum síðar,” segir hún. „Við erum með virkt utanumhald um alla nemendur sem hafa útskrifast af námskeiðum hjá Enza og fylgjum öllum eftir með markvissum hætti.“

Fengu afmælispening frá einni

Eitt af því sem Enza leggur áherslu á er að útvega atvinnuskapandi verkefni fyrir konurnar sínar og eftir þær liggja lykklappur, töskur og leikföng svo nokkuð sé nefnt. „Við fengum að gjöf sjö iðnaðarsaumavélar frá Rótarý International og góð kona í Svíþjóð gaf okkur rúmlega tvær milljónir íslenskar sem hún fékk í tilefni fimmtugsafmælis. Gjöfin frá henni var eyrnamerkt starfsmenntun og sautján konur taka þátt í slíku verkefni núna. Þær luku allar lífsleikni og tölvunámi á síðasta ári og dreymdi um að reka eigið smáfyrirtæki til að sjá sér og sínum farborða. Enza hefur lagt inn umsókn



FIÖLSKYLDAN Kolbeinn, Kristinn Albert, Ruth og Marteinn með heimilishundana Kóko og Kát.

um að starfsnámið fái faggildingu hjá stjórnvöldum,” lýsir Ruth. Hún getur þess að Guðbjörg í fyrirtækinu Aurum sé að hanna armbönd, hálsfestar, töskur og fleira fyrir Enza sem ætlunin sé að framleiða til styrktar verkefninu og konunum. Allt úr afrískum efnum, leðri og steinum.

Einn fastráðinn starfsmaður er við vinnu daglega hjá Enza, að sögn Ruthar, en einstök verkefni eins og lestrarkennsla eldri kvenna og starfsmenntakennsla eru í höndum fagaðila. Kennsla á tölvu er svo unnin í sjálfbodavinnu. Enza-konurnar sem búa í nálægð við fræðslumiðstöðina skiptast á að vakna á nóttinni og vakta húsið og aldrei hefur verið gerð tilraun til innbrots þar, þrátt fyrir öll verðmætin sem þar eru.

Góður hljómgrunnur

Í dag er Enza skráð í þremur löndum, Íslandi, Suður-Afríku og Bretlandi. Ruth segir það forsendu þess að hægt sé að afla fjár á þessum stöðum. „Fjölmargir hafa gefið fé til samtakanna,” segir hún og tekur sem dæmi að góðgerðasjóður Auðar Capital hafi veitt þeim 1,5 milljóna króna styrk árið 2009 og á góðgerðadegi Hagskóla á síðasta ári hafi safnast 700 þúsund krónur. „Svo hefur rödd Enza fengið góðan hljómgrunn víða um heim,” segir hún. „Stjórnvöld hér hafa líka tekið þeim afar vel. Á síðasta ári veittu þau okkur viðurkenninguna Mayoral Awards sem er mikill heiður, enda einungis veitt þeim samtökum sem skara fram úr á sviði samfélagsábyrgðar og aðstoðar.“

■ UM ENZA

- **Orðið Enza** er úr Zulu-tungumálinu. Það hefur jákvæða skírskotun og þýðir að gera eða framkvæma.
- **Í stjórn Enza** á Íslandi eru auk Ruthar Snædalh þær Erna Bryndís Halldórsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Guðrún Sesselja Arnardóttir hæstaréttarlögmaður, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir viðskiptafræðingur, Jóhanna Waagfjörð hagfræðingur og Unnur Steinsson, markaðs- og sölustjóri Lyfju.
- **Í heilbrigðisfræðslu** Enza er áhersla lögð á HIV-fræðslu, berklavarnir, kynheilbrigði, hreinlæti og mataræði.
- Sex konur útskrifuðust úr lífsleikni- og tölvunámi 8. mars og haldin var útskriftarveisla. Einnig var stofnaður kvinnakór í samvinnu við tónlistarskóla.
- Meira um samtökin á www.enza.is





TÖFRAÐU FRAM MILLJÓNIR!

Fjórfoldur Lottópottur stefnir í 28 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

Obama loks fram í kastljósið

Frambjóðendur í forvali Repúblíkanaflokksins hafa átt sviðið að miklu leyti síðustu mánuði, en **Barack Obama** forseti hefur nú hafið endurkjörherferð sína. **Porgils Jónsson** kynnti sér komandi kosningabaráttu sem mun verða hörð og strembin. Obama þarf nú að standa með verkum sínum á kjörtímabilinu, en sagan er jafnan hliðholl sitjandi forseta þegar kemur fram á kjördag.

Meðan repúblíkanar hafa borist á banaspjótum í forvali flokksins fyrir forsetakosningar í haust, hefur Barack Obama Bandaríkjaforseti verið í nokkurs konar aukahlutverki. Athygli almennings og fjölmiðla hefur beinst að Mitt Romney, Newt Gingrich, Rick Santorum og Ron Paul, auk hinna mörgu sem hafa gengið úr skaftinu frá því að baráttan fyrir útnefningunni hófst fyrir alvöru síðasta haust. Síðustu vikur hefur Obama þó lagt sífellt meiri áherslu á baráttuna fyrir endurkjöri eftir þrjú stormasöm og erfið ár.

Verkefnið sem bíður Obama er erfitt, en margt þykir þó benda til þess að hann muni á endanum tryggja sér fjögur ár til viðbótar í húsbóndastóli Hvíta hússins með sigri í kosningunum í nóvember.

Von eða vonbrigði

Sá Barack Obama sem nú leggur sín verk fyrir dóm kjósenda er ekki sami frambjóðandinn og hreif milljónir manna með sér á vængjum vona og umbóta í aðdraganda hinna sögulegu kosninga árið 2008.

Víst er að Obama hefur valdið stórum hluta stuðningsmanna sinna vissum vonbrigðum þar sem hann hefur meðal annars verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki lokað fangelsinu í Guantanamo og verið of hallur undir risafyrirtækin á Wall Street í aðgerðum sínum. Í stað fyrirheita munu verk hans og mat bandarískis almennings á stöðu mála ráða hvernig fer.

Lengi vel blés ekki byrlega fyrir forsetanum þar sem umbætur hans á heilbrigðiskerfi landsins ærðu repúblíkana og fólk lengst til hægri, auk þess sem efnahagsbatinn var hægur og fátt sem benti til þess að staðan færi að skána mikið.

Það hefur hins vegar breyst að undanförunu en efnahagsmál verða í forgrunni þegar kemur að kosningunum í nóvember.

Lykilmálin

Þrátt fyrir að hátt sé gálað um eldfim mál eins og fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og þess háttar sýna niðurstöður skoðanakannana bersýnilega að Bandaríkjamenn munu horfa til efnahagsmála þegar komið er í kjörklefann. Fyrir utan áhyggjur af atvinnu-

leysi (sem mælist rúm átta prósent), húsnæðismarkaði og skuldum heimilanna er fjárlagahallinn og skuldafélagun ríkissjóðs fólki einnig ofarlega í huga.

Heildarskuldir ríkissjóðs eru nú rúmlega 15.000 milljarðar dala og munu aukast enn þar sem fyrirsjáanlegt er að halli verði í ríkisrekstri næstu árin.

Lausn þess vanda er svo annað deilumálið því að á meðan vinstri menn vilja hækka skatta, taka repúblíkanar algerlega fyrir slíkt og vilja fremur skera niður í útgjöldum hins opinbera. Obama lagði til að farið yrði bil beggja, en þingmenn hafa ekki fundið sátt í þeim efnum.

Þá stendur Obama frammi fyrir erfiðum málum á utanríkisviðinu, meðal annars tengdum stríðunum í Írak og Afganistan, kjarnorkuvopnaeign Írans auk hinnar hefðbundnu pattstöðu í málefnum Ísraels, að ógleymdum samskiptum við Kína sem eru vandkvæðum bundin á flestan máta, meðal annars þar sem Kína er stærsti einstaki handhafi bandarískra ríkisskuldabréfa.

Drápið á Osama Bin Laden mun hins vegar telja drjúgt með Obama í þessum málaflokki.

Fábreyttir valkostir

Það sem vinnur einna helst með Obama þessa stundina eru einmitt andstæðingar hans. Þó að ekki sé almenn ánægja með störf hans sem forseta höfða valkostirnir sem Repúblíkanaflokkurinn býður upp á svo sannarlega ekki til kjósenda.

Hin langa baráttu repúblíkana um útnefningu flokksins hefur snúist upp í keppni um að höfða til hægri jaðarsins, mestu íhaldsmannanna. Til dæmis saka þeir Gingrich og Santorum Mitt Romney um að vera hentistefnuhaldsmaður sem hafi fyrr á ferlinum verið annarrar skoðunar en nú um hin sigildu baráttumál sem minnst var á hér að ofan.

Þessi stöðutaka utarlega á hægri kantinum, eins mikilvæg og hún er í forvalsferlinu, er hins vegar vart til þess fallin að tryggja fylgi óákveðinna og óháðra sem nauðsynlegt er til að sigra í forsetakosningum.

Romney er sigurstranglegastur repúblíkana sem stendur og kemur best út í skoðanakönnunum gegn Obama. Hann á þó enn töluvert í land með að ná forsetanum og fylgi þess síðarnefnda hefur verið að aukast jafnt og þétt að undanförunu.



OBAMA Forsetinn stendur frammi fyrir erfiðum málum á utanríkisviðinu, meðal annars þeim sem tengjast stríðunum í Írak og Afganistan, kjarnorkuvopnaeign Írans og málefnum Ísraels.

NORDICPHOTOS/AFP

● ● ● Þegar allt kemur til alls verður það þó eflaust þróun mála í efnahagsmálum og atvinnulífi sem mun ráða úrslitum.

Þá hefur Romney átt í ímyndarvandvæðum að undanförunu, sökum gríðarlegra auðæfa sinna, en lífsstíll hans og ýmis klaufaleg ummæli um fátækt fólk, uppsagnir og ágæti stórfyrirtækja eru talin þess valdandi að almenningur nær ekki að tengja sig við hann.

Þá varð mikið fjaðrafok þegar í ljós kom fyrir stuttu að hann greiðir aðeins um fimmtán prósent skatt af tekjum sínum á meðan meðallaunamaðurinn greiðir um þrjátíu prósent.

Línurnar eru farnar að skýrast þar sem Romney hefur talsvert forskot, en flokkurinn útnefnið frambjóðanda sinn opinberlega í lok ágúst.

Fjármálin stóra málið

Það sem skiptir einna mestu máli í langri og harðri kosningabaráttu

um gervöll Bandaríkin er fjármagn og þar hefur Obama mikla yfirburði. Talið er að hann muni hafa úr milljarði dala að spila þegar baráttan kemst á fullt, meira en nokkur frambjóðandi fyrr og síðar. Ekki einu sinni Romney kemst nálægt honum í þeim málum.

Í undanförunum kosningum hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á harðar árásir á andstæðinga í sjónvarpsauglýsingum, sem eru afar dýrar, og ef marka má baráttu milli repúblíkana verður það sama upp á teningnum í haust.

Veltur á endurreisninni

Þegar allt kemur til alls verður það þó eflaust þróun mála í efnahagsmálum og atvinnulífi sem mun ráða úrslitum. Ef Obama getur sannfært kjósendur um að hann geti stýrt landinu aftur á braut hagvaxtar og

til forystu í heimsmálum ætti hann að eiga sigur vísan.

Staðan sem stendur er bæri-leg þar sem atvinnulausum hefur fækkað stöðugt síðustu mánuði og spár gera ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði um 2,5%. Batinn er hins vegar enn tiltölulega lítill í ljósi áfalla síðustu missera og atvinnuleysistölnar er mun hærrí en ásettannlegt þykir.

Stjórnmalasaga Bandaríkjanna er afar hliðholl þeim sem sækist eftir endurkjöri. Í þeim undantekningartilfellum sem sitjandi forseti hefur tapað kosningum hefur það þó jafnan verið vegna efnahagsvandamála og vantrúar kjósenda á að viðkomandi hafi sannfærandi lausnir fram að færa.

Obama er því í lykilstöðu, en verður að sannfæra landa sína um að hans leið sé sú rétta.

■ EKKI Á VÍSAN AÐ RÓA FYRIR SITJANDI FORSETA

BANDARÍSKA STJÓRNARSKRÁIN kveður á um að forseti sitji ekki lengur en tvö kjörtímabil. Það var tryggt með stjórnarskrárbreytingu árið 1951, í forsetatíð Harry S. Truman, en forveri hans í embætti, Franklin D. Roosevelt var kjörinn fjórum sinnum. Síðan þá hafa þrír sitjandi forsetar verið felldir í kosningum:



GERALD FORD tapaði fyrir demókratanum Jimmy Carter í kosningunum árið 1976. Ford var í afar erfiðri stöðu eftir að hafa tekið við af Richard Nixon sem hrökklaðist úr embætti tveimur árum áður. Raunar er Ford eini maðurinn sem hefur gegnt embættinu án þess að vera kjörinn forseti eða varforseti því að hann var áður skipaður varforseti eftir að Spiro Agnew hætti vegna spillingarmála.



JIMMY CARTER tapaði fyrir Ronald Reagan árið 1980, en vandræði Carters voru að miklu leyti tengd utanaðkomandi vandamálum, til dæmis olíukrisunni og byltingunni í Íran þar sem tugir Bandaríkjamanna voru teknir í gíslingu. Þá var það ekki til að bæta stöðu Carters að efnahagslífið var staðnað auk þess sem leiðtogahefuleikar hans voru takmarkaðir og átti hann því í erfiðleikum með að hvetja flokksmenn og almenning til fylgis við málstað sinn.



GEORGE H. W. BUSH var gríðarlega vinsæll forseti lengst af ferils síns, sérstaklega í kringum Flóabardagann 1990 til 1991, en vandamál heima fyrir, sérstaklega í efnahagsmálum voru mikill dragbitur á Bush. Atvinnuleysi, stöðnun og gjaldþrot fyrirtækja voru þjóðinni þungbær og skattahækkanir, þvert á fyrri kosningaloforð kostuðu hann fylgi meðal flokksbræðra sinna. Allt þetta varð til þess að sá í akur Ross Perots sem tók mikið af fylgi Bush í kosningunum árið 1992 og varð það til að tryggja Bill Clinton sigur.



Einstök endurkoma Grovers Cleveland

Demókratinn Grover Cleveland er eini forsetinn sem hefur verið kjörinn aftur eftir að hafa tapað kosningum.

Cleveland var fyrst kosinn forseti árið 1884 og sat sín fjögur ár. Hann tapaði fyrir repúblíkananum Benjamin Harrison í næstu kosningum, árið 1888, þrátt fyrir að hafa fengið fleiri atkvæði, þar sem Harrison fékk fleiri kjörmenn, líkt og gerðist þegar George W. Bush náði kjöri árið 2000. Fjórum árum síðar sneri Cleveland aftur og sigraði í kosningunum og er þar með bæði 22. og 24. forseti Bandaríkjanna. Hann féll hins vegar í ónáð meðal eigin flokksmanna sem tilnefndu William Jennings Bryan árið 1896.

GÆÐA MÁLNING



Deka Meistaralakk 70
Akryllakk, hvítt, 1 liter
1.595



Aqua 25 innimálning á bóa
4 litrar
3.995



Hágæða sænsk málning
10% gljástig, verð 10L
allir ljósir litir
5.290



Deka Gólfmálning grá 3 litrar
3.795



Bakki, grind og
2 stk 12cm
málningarrúllur
395



Mako pensill 50mm
195



Deka Sparti LH, 3litrar
1.595

Kletthálsi Reykjav.
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð? –
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

HEILSA

&NÆRING

Kynningarblað Te og virkni þess, matardagbók, smáréttir og smurbrauð, uppskriftir og fróðleikur.



Piparmyntute er hressandi og hjálpar til við meltingu. Það þykir einnig losa um kvef og stíflað nef.



Kamillute er talið róandi og slakandi og er fólk gjarnan ráðlagt að drekka það fyrir svefninn og til að slá á streitu og kvíða. Það er einnig talið styrkjandi fyrir meltinguna og þykir gott eftir saðsaman kvöldverð.



Kanilte er nokkuð útbreitt. Það er einstaklega bragðgott og talið örva blóðrásina, draga úr kvefeinkennum og óþægindum í maga.



Jurtate hafa ýmsa virkni. Fennelte er meðal annars talið hjálpa til við meltinguna eftir þunga máltíð. Það er auk þess talið hafa þvagræsandi áhrif og er konum með blöðrubólgu ráðlagt að drekka það.

Virknir í kroppinn

Te er sá drykkur sem hvað mest er drukkið af í heiminum á eftir vatni. Til eru fjórar megintegundir af tei en vinnsla telaufanna ákvarðar flokkunina. Telaufin innihalda koffín en magnið er mismikið eftir vinnsluáferðum. Jurtate inniheldur ekki koffín. Jurtirnar eru þó margar hverjar taldar hafa ákveðna virkni.

Hvít te er minnst unnið. Það þykir hafa mikla yfirburði yfir önnur te en tínsla laufanna fer fram á vorin áður en þau hafa náð fullum þroska. Óþroskuð laufin eru þakin örfínnum hvítum þráðum. Eftir tínslu eru þau gufusoðin og þurrkuð. Hvít te er dýrara en önnur te enda talið allt að þrisvar sinnum virkara en grænt te. Bragðið er sætt en hefur samt sem áður mildan kryddkeim og eru matreiðslumenn víða um heim farnir að nota það í matargerð, bragðsins vegna.

Grænt te er unnið þannig að telaufin eru gufusoðin og þurrkuð fljótlega eftir tínslu. Það hefur verið mjög vinsælt á Vesturlöndum síðustu ár en Kínverjar hafa drukkið það frá fornu fari. Grænt te er ríkt af andoxunarefnum og er talið styrkja ónæmiskerfið. Rannsóknir gefa til kynna að með neyslu á grænu tei megi draga úr hættunni á krabbameini og hjarta- og æðasjúkdómum. Grænt te inniheldur mun meira koffín en svart.

Svart te er unnið þannig að telaufin eru látin gerjast og dökkna áður en þau eru þurrkuð. Það er söluhæsta teið á Vesturlöndum.


Oolong-te er lítið þekkt í Evrópu. Neysla þess er hins vegar umtalsverð í Kína og Taívan. Telaufin eru einungis látin hálfgerjast áður en þau eru þurrkuð.

Jurtate eru unnin úr jurtum og innihalda ekkert koffín enda koma telaufin hvergi við sögu. Jurtirnar eru þó taldar hafa mismunandi virkni. Jurtate er oft merkt með orðinu „infusion“ til aðgreiningar frá tei úr telaufum. Algeng jurtate hér eru kamillute, engiferte, piparmyntute og fennelte. Jurtum er oft blandað saman við hefðbundið te en þá er ekki um eiginlegt jurtate að ræða. Te er gjarnan bragðbætt með sítrusávöxtum og ýmsum berjum.

Heimildir: naturan.is, heilsubankinn.is, lyfja.is



Engiferte er talið róa meltinguna. Það hitar líkamann og losar um ógleði, en engifer hefur löngum verið notað gegn ógleði og ferðaveiki. Það er einnig notað til að lina kvefeinkenni eins og hófuðverk og hálsbólgu.



Ólíkar vinnsluáferðir telaufanna ákvarða hvernig te er flokkað.



Margir drekka te þegar kvef og aðrar pestir sækja að enda gott að fá eitthvað heitt í hálsinn og hita í kroppinn. Algengt er að kreista sítrónusneið út í alls kyns te. Þannig má næla sér í auka vítamínkammt auk þess sem sítrónan er frískandi. Eins finnst mörgum gott að bragðbæta tebollann með hunangi og sumir hella mjólkurslettu út í til að gefa því meiri fyllingu.

ZUMBA

ÓKEYPIS ZUMBA TÍMAR Á 7 STÖÐUM FYRIR VIÐSKIPTAVINI WORLD CLASS



Laugar Ögurhvarf
Spöngin Mosfellsbær
Kringlan
Egilshöll Seltjarnarnes

HOT YOGA

ÓKEYPIS HOT YOGA TÍMAR Á 3 STÖÐUM FYRIR VIÐSKIPTAVINI WORLD CLASS



Laugar Egilshöll
Seltjarnarnes



Kynntu þér glæsilegt úrval opinna hóptíma á worldclass.is





Marentza Poulsen kennir gerð hefðbundins smurbrauds og smárétta á námskeiði í Hótel- og matvælskólunum í mars.



MYNDIR/STEFÁN

Ljúffeng listaverk

Marentza Poulsen smurbraudsjómfrú er annáluð fyrir matargerð sína. Hún miðlar af reynslu sinni á námskeiði í Hótel- og matvælskólunum í Kópavogi 19.–22. mars.

Hugmyndin er að þátttakendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og læri að setja saman veislu með tiltölulega litlum tillitkostnaði og fyrirhöfn,“ segir Marentza Poulsen smurbraudsjómfrú létt í bragði. Þar á hún við fyrirhugað matreiðslunámskeið á vegum Sæmundar Fróða, Lærðu listina við smurbraudsgerð, sem haldið verður í húsnæði Hótel- og matvælskólans í Menntaskólanum í Kópavogi dagana 19. til 22. mars.

Á námskeiðinu kennir Marentza hvernig búa á til hefðbundin smurbraud og smárétti á ódýran og tiltölulega einfaldan hátt þar sem hollustan er aldrei langt undan. „Fólk þjálfar leikni sína í að velja og áætla hráefni í rétti. Hvernig ná

á réttum handtökum við að smyrja braud, snittur, tapas, canapé og pinnamat, velja skraut og vinna að skrautgerð, vinna með eggja- og kjöthlaup, braudtertugerð, samlokugerð og að smyrja hefðbundin smurbraud,“ nefnir Marentza sem dæmi.

Þá segist hún ætla að fjalla um hvernig halda á fyrirhafnarlitla veislu við mismunandi tækifæri og nefnir fermingarveislur sem dæmi. „Reynslan hefur kennt mér að þægilegt getur verið að halda veislur sem eru bæði sitjandi og standandi. Þá er ekki nauðsynlegt að fara út af heimilinu, þó að rýmið sé ekki mikið og þarf þá ekki að fá lánaða fleiri stóla eða borð fyrir utan húsgögnin á heimilinu. Oft myndast

meiri stemning við þær aðstæður, gestirnir og fermingarbarnið ná að tengjast betur ef gestirnir fá ekki tækifæri til þess að hópa sig saman í grúppur eins og oft vill verða í sitjandi boðum. Allt umfang verður miklu minna fyrir foreldra sem eru að fara að ferma, eiga ekki mikið á milli handanna og vilja gera sína veislu sjálfir. Þetta minnkar álagið.“

Námskeiðið segir Marentza því vera kjörið fyrir byrjendur sem og lengra komna í matargerð hvort sem nýta á kunnáttuna heima í eldhúsi eða í atvinnuskyni. „Ávinningurinn er tvímælaust mikill.“

Upplýsingar og skráning eru á vefsíðunum www.idan.is og www.sfrod.is eða veittar í síma 590-6400 og 594-4082.

VÍTAMÍN

Því er haldið fram að líkaminn þurfi þrettán mismunandi gerðir vítamína úr fæðu til að starfa eðlilega og gegnir hvert og eitt misjöfnu hlutverki í líkamanum. Skortur á þeim eykur líkur á hörgulsjúkdómi.

Vítamínum má skipta í vatnsleysanleg vítamín og fituleysanleg vítamín. B-vítamínin, sem eru átta alls, og C-vítamín teljast til vatnsleysanlegra vítamína. A-, D-, E- og K-vítamín eru aftur á móti fituleysanleg vítamín.

Sé vatnsleysanlega vítamína neytt í of miklu magni skilar umframmagnið sér út með út með þvagi og eru afleiðingarnar að mestu skaðlausar. Fituleysanlegt magn safnast hins vegar fyrir í líkamanum, aðallega í lifrinni og getur haft ýmis hættuleg áhrif.

Heimild: visindavefur.hi.is



HEIMAEIÐAÐ Í HÁDEGISHLÉINU

Hádegismaturinn er mikilvægur í dagsins önn. Takmarkaðu því ferðirnar út í sjoppu eftir óhollum samlokum og gosi og sparaðu líka ferðirnar á veitingastaði, það er hollara fyrir veskið og þig. Eldaðu þess í stað næringarríkan og staðgóðan mat heima að morgni og taktu með þér í vinnuna. Með smá fyrirhyggju er lítið mál að malla súpu meðan þú hefur þig til og grípa með á brúsa.



Lauksúpa með grænmeti fyrir 4

- 10 sjallottlaukar smátt skornir
- 2 kartöflur afhýddar og skornar
- 2 gulrætur afhýddar og skornar
- Þá má nota lúku af frosnum grænum baunum og því grænmeti sem þú átt í ískápnum í það skiptið.
- 50 g smjör
- 1 l kjúklínga- eða grænmetissoð
- 200 ml matreiðslurjómi
- salt og pipar eftir smekk

Skerðu niður grænmetið kvöldið áður. Skelltu því svo í pott að morgni og helltu soðinu yfir og láttu það malla í 20 mínútur meðan þú hendist í sturtu. Bættu þá rjómanum út í og láttu suðuna koma upp og helltu súpunni á brúsa. Gríptu með þér braud til að hafa með.

FÆÐA SEM HÆGIR Á ÖLDRUN

Andoxunarefni vernda frumuhimnur líkamans fyrir tæringu og stundum er gengið svo langt að segja þau hægja á öldrun líkamans. Litríkir ávextir og grænmeti innihalda mikið af náttúrulegum andoxunarefnum. Dæmi um ávexti sem innihalda mikið magn andoxunarefna eru hindber, brómber, jarðarber, bláber og ananas. Úr þessum ávöxtum má einmitt búa til fyrirtaks hristing til að byrja daginn með.



„Hann ákvað að hefja jóla-“

innkaupin snemma.“

„Nú, og er það saknæmt?“

„Ja, sko, hann byrjaði áður en búðin var opnuð.“

„Rosalega var ég heppinn að fæðast ekki í Frakklandi.“

„Nú, af hverju segir þú það?“

„Ég kann ekki stakt orð í frönsku.“

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is



Júlía, Guðrún og Una eru yngstu þátttakendurnir í uppfærslu Íslensku óperunnar á La Bohème, en þær eru allar átta ára.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

SPENNTAR FYRIR FRUMSÝNINGU LA BOHÈME

Þær Guðrún Ýr Guðmundsdóttir, Júlía Helga Kristbjarnardóttir og Una Ragnarsdóttir eru allar átta ára. Þær eru þrjár yngstu meðlimir 32 barna kórs sem syngur í óperunni La Bohème, sem verður frumsýnd í Hörpu næstkomandi föstudag.

Er gaman að syngja í Hörpu?

Júlía: Já, það er mjög gaman, sérstaklega þegar við syngjum með hljómsveitinni.

Una: Það er rosalega gaman að fá tækifæri til að syngja í þessu flotta húsi.

Guðrún: Fyrst var það erfitt, en nú er það gaman.

Ertu spennt fyrir frumsýningunni?

Júlía: Ég er bæði spennt og líka þínu kvíðin!

Una: Auðvitað er ég mjög spennt!

Guðrún: Já.

Hefur þú áður tekið þátt í leiksýningu eða óperu?

Júlía: Já, með Leynileikhúsinu og svo í skólanum mínum, Laugarnesskóla. Síðan hef ég séð mjög margar óperusýningar.

Una: Þetta er fyrsta skiptið sem

ég er með hlutverk í svona sýningu en mig hefur langað til þess mjög lengi. Ég byrjaði að tala um það við foreldra mína þegar ég var þriggja ára!

Guðrún: Já, ég hef tekið þátt í leiksýningu.

Hver finnst þér skemmtilegasta persónan í La Bohème?

Júlía: Musetta, af því að hún er svo myndin. Og Lulu (hundurinn) er líka mjög sæt!

Una: Mimì er í upphaldi. Kannski bara af því hún er í aðalhlutverki.

Guðrún: Mimì.

Hvaða hlutverk myndir þú vilja fara með, ef þú værir í aðalhlutverki?

Júlía: Mimì, af því það er svo flott sem hún fær að syngja.

Una: Í La Bohème myndi ég vilja syngja bara mitt hlutverk, það er að segja vera eitt af götubörnunum. Ef ég mætti velja

hlutverk úr öðrum söngleikjum þá er hlutverk Maríu í Söngvaseið í fyrsta sæti. Ég kann það utanað.

Guðrún: Hlutverk Mimì.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

Júlía: Kannski leikari, eða óperusöngkona, eða rithöfundur.

Una: Óperusöngkona og leikona.

Guðrún: Það kemur í ljós þegar ég verð stór.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera, fyrir utan að syngja?

Júlía: Leika við vini mína, fara í sund og vera heima, þó það hafi ekki verið mikill tími til þess síðustu daga!

Una: Næstskemmtilegast á eftir því að syngja og leika finnst mér að spila á fiölu.

Guðrún: Að teikna.

Veidimaður

Sá sem dregur hæsta spil úr stokknum á að byrja. Spilin eru sett í stokkinn aftur og honum er dreift á borð með spilum á grúfu. Hver spilar dregur fimm spil til að hafa á hendi, svo byrjar veiðin.

Sá sem byrjar spyr einhvern hinna hvort hann eigi tiltekið spil, segjum ás. Ef svo er skal spilið (ásinn, ásarnir) látið af hendi. Þá má hann spyrja annan við borðið um eitt-hvert tiltekið spil. Þannig gengur þetta þar til sá sem er spurður á ekki spilið sem beðið er um. Þá segir hann „veiddu“ og sá sem spurði

dregur eitt spil úr hrúgunni. Ef hann dregur spilið sem hann bað um má hann spyrja aftur en ef spilið kemur ekki upp er röðin komin að næsta manni (rétt-sælis) að spyrja og veiða.

Þegar spilar er kominn með eina samstæðu, leggur hann hana á borðið sem slag. Ef hann klárar öll spil á hendi dregur hann eitt spil úr hrúgunni og heldur áfram. Þegar hrúgan er tæmd er haldið áfram uns allir eru búnir með spilum á hendi. Sigurvegari er sá sem hefur flesta slagi.



málaskólar

Málanám fyrir alla!

Góð kennsla, þjónusta við nemendur, íþróttir, afþreying og skemmtun eftir skóla, sem og gisting að eigin vali.

Franska, þýska, enska, spænska, ítalska o.m.fl.



NÁMSFERÐIR

EDUCATIONAL TRAVEL


Klapparstig 25 • Sími 578 9977

www.namsferdir.is

RUGL VERÐ

TOSHIBA

TOSHIBA SJÓNVÖRP Á **RUGLVERÐI**



Toshiba 32AV833N

32" HD LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision LCD, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ

74.990



Toshiba 40LV833N

40" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 50.000:1 skerpu, Active Vision LCD, háskerpu stafrænum DVB-T/C móttakara, 2x HDMI, USB, Scart, Digital Coax, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ

114.990



Toshiba 42HL833N

42" LCD LED EDGE sjónvarp með 1920x1080p upplausn, 3.000.000:1 skerpu, 8ms svartíma, DVB-T/C móttakara, Digital Noise Reduction, 3D Digital Comb Filter, USB, 2x HDMI, Scart, VGA tengi ofl.

RUGL VERÐ

129.990



Toshiba 42SL863N

42" FHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 4.000.000:1 skerpu, 200 Active Motion Rate Processing, 24P Mode, DVB-T2 C2/S2 stafrænn móttakari, Gervihnattamóttakari, Smart TV, Wi-Fi Ready, Auto Backlight Control og Ambient Light Sensor, 4x HDMI, LAN, Scart, Ci, VGA, 2x USB og heymatölstengi o.fl.

RUGL VERÐ

149.990



Sjónvarpsmiðstöðin

TOSHIBA
Leading Innovation >>>

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ:** Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND:** Hjólsmýn, Akranesi, Hagkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, Hranarbúðin Grunðarfirði, Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR:** Verzlunin Ranglatur, Tálkafirði, Fjölval, Patreksfirði, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND:** KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Smárabær, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkróki, Valberg, Ólafsfirði, SR Byggingavörur, Siglufirði, Hagkaup, Akureyri, Heimilistæki, Akureyri, Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND:** Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kaupún, Vopnafirði, Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND:** Mosfell, Hellu, Fossvík, Selfossi, Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES:** Tölvubjónusta Benna, Grindavík, Heimilistæki, Reykjanesbæ, Hagkaup, Njarðvík.

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sæti, 6. hvort, 8. töf, 9. umrót, 11. bókstafur, 12. harmur, 14. safna saman, 16. kaupstað, 17. kviksyndi, 18. mjög, 20. þys, 21. steintegund.

LÓÐRÉTT

1. gá, 3. eftir hádegi, 4. eyja, 5. hallandi, 7. skuggi, 10. er, 13. gifti, 15. svara, 16. hryggur, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sess, 6. ef, 8. hik, 9. los, 11. ka, 12. tegi, 14. smala, 16. bæ, 17. fen, 18. all, 20. ys, 21. kalk.
LÓÐRÉTT: 1. gelt, 3. eh, 4. sikiley, 5. ská, 7. forsæla, 10. sem, 13. gaf, 15. ansa, 16. bak, 19. ll.



Stóra bensínsamsærið

BAKÞANKAR Atla Fannars Bjarkasonar

Því neyðst til að reida mig á velviljaða samstarfsfélagi til að koma mér í og úr vinnu. Í einni af þessum ferðum trúði vinnufélagi minn mér fyrir því að hann brysti í grát í hvert skipti sem hann tæki bensín. Titrandi röddin og tárbot augun gáfu til kynna að honum var alvara, en mér tókst því miður ekki að hughreysta hann vegna þess að ég veit að bensínverð lækkar aldrei.



BENSÍNBRANSINN er eini bransi heims þar sem allir smásalar sitja við sama borð. Enginn getur samið um betra verð en samkeppnisaðilinn, sem gerir smásölu á bensíni þínlega fyrirsjáanlega. Heimsmarkaðsverð hækkar og í kjölfarið hækkar verðið á næstu bensínstöð. Ef heimsmarkaðsverð lækkar gerist hins vegar lítið.

MÖGULEGA eru eðlilegar skýringar að baki, en ég held að þetta sé risastórt samsæri. Samsæri sem helst í hendur við minni samsæri — dælnar ganga til dæmis allt of hægt svo við teljum okkur fá fullt fyrir peninginn. Í dag er maður jafnlengi að dæla fyrir 3.000 kall og áður þó maður fái helmingi minna

bensín. Og af hverju virka tittirnir sem halda dælnum gangandi aldrei á sjálfsafgreiðslustöðvunum?

EINHVERJIR telja sig geta breytt þessu og nú hefur hópur bláeygra þingmanna Sjálfstæðisflokksins lagt til að dregið verði úr álögum á bensín svo hægt verði að lækka lítraverðið niður í 200 kall. Þessi vaski hópur telur sem sagt að businessmenn, sem vita að fólk er reiðubúið að borga tæpar 260 krónur fyrir lítra af bensíni, lækki verðið um tæpan fjórðung si svona.

ÞAD ER myndið. Rosalega myndið. Það er svo myndið að ég rak upp tryllingslega hláturroku þegar ég las ofangreinda málsgrein yfir skömmu eftir að ég skrifaði hana. Ég hló ekki vegna þess að ég er svo myndinn gaur með framúrskarandi vald á íslenskri tungu og óskekula þekkingu á húmor. Nei, ég hló vegna þess að það er með ólíkindum að hópur kapitalista þekki aðra kapitalista jafn sorglega illa og raun ber vitni.

AÐ MINNI álögur lækki bensínverð til lengri tíma er jafn ólíklegt og að hópurinn sem lagði tillöguna fram smíði tímafél, smali allri þjóðinni um borð og flytji hana til ársins 2005. Þá kostaði bensínlítrinn 102 krónur. Góða ferð, asnar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Einstök örlagasaga

Um vináttu, leyndarmál og ástríður



NÝ KILJA

Metsölubók sem lætur engan ósnortinn



www.forlagid.is – alvöru bókaúð á netinu

HÁGÆÐA DANSKUR BARNAFATNAÐUR

JEFF® MAYBEE



Bolur ▲ Náttbuxur
2.499,- 2.999,-



Bolur ▲ Náttbuxur
1.999,- 2.999,-



Bolur ▲ Náttbuxur
1.999,- 2.499,-

JEFF®
Sumarjakki
st. 128-176
vnr. 859018
7.999,-



JEFF®
Gallabuxur
st. 128-176
vnr. 859014
6.999,-



MAYBEE
Sumarjakki
st. 128-176
vnr. 858868
7.999,-

MAYBEE
Bolur
st. 128-176
vnr. 858552
2.999,-

MAYBEE
Gallabuxur
st. 128-176
vnr. 858790
6.999,-



MAYBEE
Bolur st.128-176 vnr.858547 3.999,-
Gallabuxur st.128-176 vnr.849365 4.999,-



MAYBEE
Skyrta st.128-176 vnr.858910 3.999,-
Hlírabolur st.128-176 vnr.858551 1.699,-
Pils st.128-176 vnr.858876 2.999,-
Leggings st.128-176 vnr.858898 1.699,-



JEFF®
Peysa st.128-176 vnr.859032 6.999,-
Bolur st.128-176 vnr.858973 1.699,-
Buxur st.128-176 vnr.852905 6.999,-



MAYBEE
Kjöll st.128-176 vnr.858870 5.499,-
Bolur st.128-176 vnr.858546 1.999,-



JEFF®
Skyrta st.128-176 vnr.859011 4.999,-
Bolur st.128-176 vnr.858974 1.699,-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON, doktor í íslenski stuðla-setningu, er nýr formaður Kvæðamannafélagsins Íðunnar. Steindór Andersen hefur gegnt því starfi undanfarin ár við góðan orðstír en afhenti Ragnari Inga veldissprotann á aðalfundi í gærkveldi.

Kvennaskólinn í Reykjavík - opið hús 13. mars 2012 -

Þriðjudaginn 13. mars verður opið hús í skólanum fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra frá kl. 17:00 til 19:00.

Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.kvenno.is. Verið velkomin.

Skólameistari



NEI EÐA JÁ Þórdís með pendúlinn sem sveiflast í hring yfir stöfunum ef handanveran Zurkof samþykkir þá en til hliðar ef hann vill þá ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GIACOMO PUCCINI LA BOHÈME

HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR - GISSUR PÁLL GISSURARSON / ÞÓRA EINARSDÓTTIR - GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON - HRÓLFUR SÆMUNDSSON - JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR - BERGÞÓR PÁLSSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON - LEIKSTJÓRI: JAMIE HAYES

LEIKMYND: WILL BOWEN - BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR - LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON



FÖSTUDAGINN 16. MARS KL. 20 - FRUMSÝNING
LAUGARDAGINN 17. MARS KL. 20 - 2. SÝNING
LAUGARDAGINN 31. MARS KL. 20 - 3. SÝNING
SUNNUDAGINN 1. APRÍL KL. 20 - 4. SÝNING
LAUGARDAGINN 14. APRÍL KL. 20 - 5. SÝNING
FÖSTUDAGINN 20. APRÍL KL. 20 - LOKASÝNING

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á WWW.HARPA.IS



ÍSLENSKA ÓPERAN

BÓK AÐ HANDAN

Nótur gömlu nútíðarinnar er heiti nýrrar bókar Þórdísar Björnsdóttur sem hún samdi með hjálp að handan og gaf sjálf út hjá nýstofnuðu útgáfufélagi sínu og systur sinnar.

„Útgáfufélagið ÚTÚR ÝMSU kom þannig til að ég var búin að fara með bókina Nótur gömlu nútíðarinnar á milli forlaga og fá neitun. Ég er ekki þannig gerð að ég gefist auðveldlega upp og ákvað þess vegna, ásamt systur minni, að stofna forlag. Þessi bók er fyrsta verk af mörgum sem við ætlum að gefa út,“ segir Þórdís Björnsdóttir skáld.

Ný bók hennar Nótur gömlu nútíðarinnar er ljóðabók og raunar ekki gefin út undir nafni hennar heldur er Emmalyn Bee skrifuð fyrir henni.

„Þetta er sérstök bók. Mér finnst ég eiginlega ekki vera höfundur hennar. Ég skrifaði bókina með hjálp pendúls, ég lét pendúlinn velja stafina og út úr því kom þessi texti, eða grunnurinn að þessum

texta. Ég hef verið að nota pendúl lengi og gert ýmsar tilraunir. Þessi bók byrjaði sem samtali og svo sagði sá sem var að tala við mig, það var sem sagt einhver að tala við mig í gegnum pendúlinn að handan, að hann vildi skrifa bók. Og þetta er bara byrjunin, hann vill skrifa meira og næsta verkefni forlagsins er skáldsaga í þremur bindum, sú fyrsta er tilbúin en bók númer tvö eiginlega líka,“ segir Þórdís sem upplýsir að veran í handanheimi heiti Zurkof. „Hann segist að minnsta kosti heita Zurkof, en hann lýgur rosalega mikið þannig að ég veit ekki hvort það er satt. Og höfundarnafnið á bókinni Emmanuel Bee stendur fyrir þessa samvinnu,“ segir Þórdís og bætir við að útgáfufélagið ætli líka að gefa út óvenjuleg spáspil og bækur eftir systur hennar, Brynju Dís Björnsdóttur.

„Það fylgir því mikið frelsi að vera með sitt eigið útgáfufélag sem mér þykir frábært. Ég hef mjög miklar skoðanir á hönnun og umbroti og þykir gaman að standa í þessu sjálf,“ segir Þórdís að lokum.

sigridur@frettabladid.is

NÓTUR GÖMLU NÚTÍÐARINNAR

Von okkar færir okkur þjáningar vegna nótur gæfuleusrar næturinnar.

Fyrirfram mótaðar hugsanir finna gæfu okkar næturstað. Hugsanir næra hráslagalega puðnúandi göngu okkar.

Gæfan færir okkur gæfuleysuna svo við megum verða við sjálf.



FEGRAÐU HEIMILISBÓKHALDIÐ

MEÐ SKEMMTILEGRI RITFÖNGUM FRÁ EYMUÐSSON



LEITZ Heimspekt vörumerki með gæðavörur



OXFORD minnisbækur
Vandaðar bækur með teygju.

Verð kr. 1.599

Á TILBOÐI
Í MARSMÁNUÐI
1.199
KRÓNUR



Hertz skjalabox
Margir litir í boði.

Verð kr. 699




Energel penninn er sá vinsælasti í Eymundsson. Mjúkur, þægilegur og hægt er að endurnýja fyllingu. Margir litir. Umhverfisvæn vara.

Verð kr. 519



Vönduðu áherslupennarnir sem endast betur. Margir litir í boði. Ská oddur.

Verð kr. 329



Millispyöld!
Nauðsynleg fyrir skipulagjó!

Verð kr. 589

Sjálflímandi Post-it miðar
Einfaldlega ómissandi á heiminu.

Verð kr. 459



VILDARKLÚBBUR EYMUÐSSON



5% afsláttur af öllum ritföngum!
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Opnar sýningu á afmælisdaginn

Myndlistarkonan Gunnhildur Þórðardóttir fagnar 33 ára afmæli sínu í dag með opnun sýningarinnar Losun/Emission í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu. Verk hennar eru öll unnin úr verðmætum úr hennar eigin umhverfi, sem hjá flestum öðrum hefðu lent á haugunum. „Ég nota meðal annars textíl, afskurð af ýmsum toga og matarumbúðir. Það er hægt að búa til fallega hluti úr hlutum sem fólk hendir umhugsunarlaust,“ segir Gunnhildur.

Á sýningunni eru veggverk, innsetning og skúlptúrar, en þá hefur Gunnhildur unnið ofan í timburkössum utan af vínlöskum. „Þetta eru svona vínkassar eins og hipparnir notuðu sem bókahillur í gamla daga,“ útskýrir Gunnhildur hlæjandi. „Á sýningunni eru verk úr mismunandi hráefni, en það sem sameinar þau eru grunnlitirnir og grunnformin sem ég nota. Þau gera sýninguna svolítið „happy“, því hún er svo litrík.“

Á sýningunni verður barnahorn, þar sem börnum er velkom-



SÝNIR Í HAFNARHÚSINU Gunnhildur Þórðardóttir myndlistarkona situr fyrir framan nokkur af verkum sínum sem verða á sýningunni Losun, sem opnar í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

id að sitja og gera sín eigin listaverk úr endurvinnanlegu hráefni. „Mér fannst þetta gráupplagt, enda á ég sjálf þrjú lítil börn. Ég vildi líka búa til umhverfi sem væri svolítið kunnuglegt og heimilislegt. Ég stilli til dæmis verkunum upp á húsgögn sem ég fann

á nytjamarcaði og lakkaði hvít. Þannig verður stemningin ekki alveg eins formleg, eins og oft er á listasöfnum.“

Gengið er inn í sal Íslenskrar grafíkur hafnarmegin í Hafnarhúsinu. Sýningin hefst klukkan 16.

- hhs

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 10. mars 2012

→ Tónleikar

15.00 Síðdegistónleikar verða haldnir á Draugasetrinu á Stokkseyri í tengslum við Folk Festival tónlistarhátíðina. Hljómsveitirnar Kryss frá Danmörku, Kvonn frá Færeyjum og South River Band stíga á svið. Miðaverð er kr. 1.900.

→ Listasmiðja

12.00 Þórey Mjallhvít sér um vatnslitasmiðju fyrir börn á öllum aldri í tengslum við sýninguna Sjáðu svarta rassinn minn í kjallara Þjóðmenningarhússins. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

→ Sýningar

15.00 Sýningin Rætur - íslensk samtímaskartgripahönnun verður opnuð í Hafnarborg. Sýningin er unnin í samstarfi við Gullsmíðafélag Íslands og er hluti af HönnunarMars 2012.

15.00 Ljósmyndasýning Einars Fals Ingólfssonar opnar í Listasafni ASÍ. Á sýningunni eru þrjár tengdar ljósmyndaráðir. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Sýningin Losun með verkum eftir Gunnhildi Þórðardóttir verður opnuð í sal Íslenskrar grafíkur. Verkin eru unnin úr efnivið sem annars hefði lent á Sorpu. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Víðir Myrman opnar málverka-sýningu í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30. Léttar veitingar verða í boði og

óvænt uppkoma. Allir velkomnir.

17.00 Lilja Bragadóttir opnar sýninguna Lilja - Á ferð og flugi í Listasal Mosfellsbæjar. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

→ Leikrit

14.00 Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Alli Nalli og tunglið í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er ætluð áhorfendum á aldrinum tveggja til átta ára og tekur 45 mínútur í flutningi. Miðaverð er kr. 2.000.

→ Málþing

11.00 Málþing um listir og menntum til sjálfbærni verður haldið í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg 7. Málþingið er ætluð myndlistarkennurum og öðrum áhugasömum sem vilja kynna sér verk Rúriar og tengjast náminu í skólanum. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og aðgangseyrir er enginn.

→ Tónlist

11.00 Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna verður haldin í sal FÍH við Rauðagerði. Boðið verður upp á svæðistónleika grunn- og miðdeildar-nema tónlistarskólanna í Reykjavík og að þeim loknum svæðistónleika framhaldsdeildar-nema tónlistarskólanna í Reykjavík.

20.00 Andrius Mamontovas frá Litháen syngur og spilar eigin lög á tónleikum í Salnum, Kópavogi. Andrius er einn af stofnendum Foje, sem er þekktasta rokkhljómsveit Litháens. Miðaverð er kr. 3.000.

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Kjóstu hagkvæmni. Verð frá 4.590.000 kr.



VOLVO S40 DÍSIL

Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Endurreiknaðu líf þitt. Verð frá 5.990.000 kr.



VOLVO S60 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Mættu ítrustu kröfum. Verð frá 6.290.000 kr.



VOLVO V60 DÍSIL

Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Endurskilgreindu gæði. Verð frá 6.290.000 kr.



VOLVO S80 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Upplifðu þægindi. Verð frá 6.490.000 kr.



VOLVO V70 DÍSIL

Notar aðeins 5,7 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Sláðu tvær flugur. Verð frá 9.090.000 kr.



VOLVO XC70 DÍSIL

Notar aðeins 5,6 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Lífðu í öryggi. Verð frá 8.890.000 kr.



VOLVO XC60 DÍSIL

SETTU GAMLA BÍLINN
UPPI NÝJAN VOLVO



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Volvo á Íslandi.

22.00 Ljótú hálfvitarnir halda tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Efnisskráin verður hæfileg blanda af „Hálfvitastöndörðum“ og minna spiluðum lögum af plötunum þremur auk þess sem eitt-hvað nýtt efni flýtur með. Miðaverð er kr. 2.500.

23.00 Magnús Einarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

→ Fyrirlestrar

11.30 Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri Útlendingastofnunar, verður gestur á laugardagsspjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Þorsteinn ræðir málefni stofnunarinnar og SCHENGEN samninginn. Allir velkomnir og heitt á könnunni.

Sunnudagur 11. mars 2012

→ Tónleikar

16.00 Átta kórar úr Mosfellsbænum koma fram á kóraveislu í Guðríðarkirkju. Hver kór syngur þrjú lög auk þess sem allir syngja eitt lag sameiginlega í lokin. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en ókeypis er fyrir 14 ára og yngri.

20.00 Orgeltónleikar verða haldnir í Langholtskirkju á vegum Listafélags kirkjunnar. Organisti er Guðmundur Sigurðsson, en hann er organisti í Hafnarfjarðarkirkju.

20.00 Komið er að síðustu tónleikum starfsársins í tónleikaröð Tríos Reykjavíkur og Hafnarborgar. Á tónleikunum verður meðal annars verkið Fiskur undir steini eftir hina 22ja ára gömlu Báru Gísladóttur frumflutt.

20.00 Linda Chatterton, flautuleikari, heldur tónleika í Norræna húsinu ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur pianóleikara. Aðgangseyrir er kr. 2.500, en kr. 2.000 fyrir nemendur og eldri borgara.

→ Félagsvíst

14.00 Félagsvíst verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

→ Kvikmyndir

15.00 Sovéska kvikmyndin „Moskva trúir ekki á tár“ frá 1978 verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Ensukur texti er á myndinni og aðgangur er ókeypis.

22.00 Þynnukubíó Prikisins verður á sínum stað. Allir velkomnir og popp í boði.

→ Uppákomur

14.00 Þjóðminjasafn Íslands heldur Þjóðbúningadag þar sem gestir eru hvattir til að mæta í þjóðbúningi til að sýna sig og sjá aðra. Þjóðdansafélag Reykjavíkur sýnir dans, greining verður á búningaskarti og fleira.

14.00 Spilavinir mæta í Gerðubergs-safn og kynna borðspil af öllum gerðum. Allir velkomnir.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikir Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttu danstónlist auk þess sem Sigríður Beinteinsdóttir syngur nokkur lög. Aðgangseyrir er kr. 1.500, en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

→ Leikrit

14.00 Leikfélag eldri borgara, Snúður og Snælda, sýnir leikritið Rommí eftir D. L. Colburn í Iðnó. Leikstjóri er Bjarni Ingvarsson.

→ Málþing

14.00 Málþing um róttækni og andóf í samtímanum verður haldið í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, í tengslum við hina umdeildu sýningu spænska listamannsins Santiagos Sierras, NEI! Meðal þeirra sem varpa ljósi á umræðuefnið eru þeir Jón Ólafsson heimsspekingur og Helga Katrín Tryggvadóttir, þróunarfræðingur.

→ Tónlist

15.00 Efnit er til danskra síðdegistónleika í Norræna húsinu í samvinnu við Reykjavík Folk Festival. Aðgangseyrir er kr. 2.300.

16.00 Jakob Víðar spilar af fingrum fram á vetrartónleikaröðinni á heimili söngvaskáldanna Uni og Jóns Tryggva, Merkgigli á Eyrarbakka. Búast má við einlægm tónleikum. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.

→ Leiðsögn

14.00 Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, mun ganga um sýninguna Hlutirnir okkar með safngestum í Hönnunarsafni Íslands. Þetta er síðasta sýningarhelgi sýningarinnar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.



DRDENIM JEANMAKERS
A MATTER OF LIFE AND DENIM™
LAUGAVEGI 7 & SMÁRALIND
www.facebook.com/drdenimiceland



BYLGJAN 25 ÁRA
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Notar aðeins 6,8 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Veldu yfirburðatekni. Verð frá 1.149.000 kr.



VOLVO XC90 DÍSIL



Volvo. Aðeins fyrir fólk með góða tilfinningagreind. Íhugaðu hvernig spartækni Volvo fleytir þér til framtíðar. Hugsaðu til lengri tíma. Veltu fyrir þér hag fjölskyldunnar. Veldu bíl af ábyrgð og njóttu öruggra vaxta af spartækni Volvo. Seldu okkur gamla bílinn og kaupu nýjan Volvo.

Volvo S60 er sigurvegarinn í flokki stærri fólkabíla í vali á Bíl ársins 2012

HJÓNABAND FEGURÐAR OG VERKFRÆÐI VELDU SPARTÆKNI VOLVO

Spartæknin frá Volvo er samfélagsleg. Þú getur fengið frítt í staði í 90 mínútur í Reykjavík, lágmarks losun á CO₂, start/stop tæknina og ofur hagkvæmar dísilvélar. Gegnheil og úthugsuð spartækni gefur þér vishæfni. Skoðaðu Volvo. Sjáðu hvernig hönnun Volvo dregur úr loftmótsstöðu. Svona færðu fjárhagslegt svigrúm. Veldu bíl sem er leiðandi í öryggi. Veldu bíl sem er sparsamur og hagkvæmur í heild sinni. Öryggi er lúxus. Veldu spartækni Volvo. Settu gamla bílinn uppí nýjan. Spyrðu um spartækni Volvo. Veldu Volvo.

Lifðu í lúxus. Komdu í kaffi á milli kl. 12 og 16 í dag
SETTU GAMLA BÍLINN UPPÍ NÝJAN VOLVO

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



Öruggur staður til að vera á



ÖNNUR HVER KONA PISSAR Í SIG Ef marka má nýjustu rannsóknir Karolinska sjúkrahússins í Stokkhólmi þjáist önnur hver kona af því að missa þvag er hún hlær, hóstar eða stundar líkamsrækt. Hins vegar vilja 3/4 af þeim konum sem þjáist af þessum kvilla ekki viðurkenna það fyrir sínum nánustu.

Balenciaga-hatturinn nær vinsældum

TÍSKA Á tískuvíkunni í París mátti víða sjá tískuspekulanta skarta hinum sérstaka „visor“ hatti frá tískuhúsinu Balenciaga. Höfuðfatið var hluti af vorlínu hússins sem frumsýnd var í september í fyrra.

Tískubloggarinn Hanneli Mustaparta og stílistinn Anna Dello Russo eru á meðal þeirra kvenna er skartað hafa hattinum á götum Parísarborgar. Höfuðfatið, sem minnir marga á hjálm illmennisins Darth Vader úr kvikmyndunum Star Wars, er svart og mikið og kemur í tveimur útgáfum; sem hattur og sem der.

Höfuðföt og -skraut hafa verið vinsælir fylgihlutir síðustu misseri



FRUMKVÖÐULL Ítalska tískutröllið Anna Dello Russo er óhrædd við að fara ótroðnar slóðir í klæðnaði.

NORDICPHOTOS/GETTY

en óvíst er hvort vinsældir Balenciaga-hattsins nái hingað til lands með vorinu.

KYNFÆRIN Í SVIÐSLJÓSINU

„Hvar varstu þegar ég var tólf ára?“ Þessa spurningu fæ ég á næstum því hverjum einasta kynfræðslu-fyrirlestri sem ég held í framhaldsskólum landsins. Oftast eru það nemendafélögin sem óska eftir fræðslu frá mér, sjaldnast skólafyrirvöld, þó það komi fyrir.

KYNLÍF Kynfræðslan miðar að því að svara helstu spurningum ungs fólks um kynlíf og byggir því á spurningum sem ég hef fengið á fyrirlitnum í gegnum tíðina. Fræðslan er yfirgripsmikil enda þarf margt að koma fram á skömmum tíma.

Ég eyði dágóðum tíma í kynfæri karla og kvenna. Nálgunin er myndræn og um leið er fjallað um stærð, fagurfræði, lykt og lögun. Ég brýni fyrir þeim að leggöng teygjast lárétt en lengjast ekki lóðrétt og að typpi geti ekki stækkað meira en þau gera þegar þeim stendur.

Munnmök setja kynfæri í sviðsljósið. Þrátt fyrir að vera tekin sem hversdaglegri kynhegðun þá vekja munnmök upp allskyns spurningar því kynfæravíteskja er afskaplega takmörkuð. Ég segi unga fólkinu að þú geti bragðast misjafnlega eftir sýrustigi og tíðahringnum. Ef viðkomandi hefur einhverjar áhyggjur af lyktinni eða bragðinu þá ætti sturtuferð án sápu að nægja. Vissulega er hægt að kaupa sleipi-fni með allskyns bragðefnum en mín skoðun er sú að þú á að bragðast eins og þú en ekki disætt jarðarber, en sitt sýnist hverjum. Ég fer ekki í aðferðafræðina við að stunda munnmök en bendi á að mælt sé með notkun getnaðarvarna og að báðir þurfi að veita samþykki.



MIKILVÆG FRÆÐSLA Í grunninn er kynfræðsla ekki um kynhegðun heldur líkamsvitund og sjálfsöruggi í eigin líkama.

NORDICPHOTOS/GETTY

Seinni punkturinn er mikilvægur því margar stúlkur eru mjög óöruggar með þókuna sína og geta ekki notið munnmaka sökum þess. Það sama á við um stráka.

Ég bendi á að „deep throat“ (þegar limur fer ofan í háls í munnmökum) sé vandasamt og krefjist töluverðar æfingar og yfirvegna. Það eru ósjálfráð viðbrögð líkamans að kúgast og tárast. Þetta er því ekki eitthvað sem „allir“ gera, langt í frá, þó þetta sé alls ekki rangt, að því gefnu að báðir séu samþykki. Það er ekki mitt að dæma kynhegðun sem rétta eða ranga heldur einungis að fræða. Spurningar um sæði eru tíðar og þá helst hvort eigi að gleypa eða spýta, eða yfirhöfuð að stunda munnmök fram að þeim tímamarki. Ég er með ágætis þumalputtareglu; ef þú biður kynlífsfélaga um að gleypa þitt sæði þá þarftu að hafa smakkað það sjálfur. Þú býður ekki einhverjum í heimatíluinn mat en neitar svo sjálfur að borða matinn.

Í grunninn er kynfræðsla ekki um kynhegðun heldur líkamsvitund og sjálfsöruggi í eigin líkama.

Ólíkt því sem „fullorðnir“ telja þá er unga kynslóðin ekki gegnum-sýrd af klámi og með sérstaklega óheilbrigðar hugmyndir um kynlíf. Flestir geta aðgreint klám frá raunveruleikanum. Í hjónabandsráðgjöf er oft sagt að þegar kynlíf sé í lagi þá sé það lítil hluti af hamingjunni innan sambandsins en þegar kynlíf er í ólagi þá sé það stór hluti af vandamálum innan sambandsins. Með tilliti til skilnaða og sambandslita þá á spurningin hér í upphafi kannski einnig við þig lesandi kær, hvar var opinská umræða um kynlíf þegar þú varst 12 ára?

KYNLÍF: PARFTU HJÁLPA

Sendu **Sígu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is



Fyrsta sending af vorvörðunum er komin í hús...

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934

Laugavegi 7

Opið:
laugardaga frá 11-17
sunnudaga frá 13-18

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT

Lambasalat

- MEÐ SOJARISTUÐUM SÓLBLÓMAFRÆJUM

FYRIR 4

- 8 lambalundir
- ½ poki sólblómafræ
- 1 dl sojasósa
- 1 stk paprika
- 2 msk þykkt balsamikedik
- 1 dl ólífuolia
- 1 msk sesamolía
- fersk græn salatblanda

Ristið sólblómafræ á vel heitri pönnu þar til þau eru gyllt, hellið þá sojasósunni yfir og látið malla þar til vökvinn er horfinn. Síðan eru fræin þerruð á pappír.

Setjið olíu á vel heita pönnu, steikið lundirnar 2 mín á hvorri hlið. Látið kjötið hvíla í u.p.b. 3 mín. Hitið síðan í ofni í 2 mín við 180°C og látið svo hvíla aftur í u.p.b. 3 mín.

Skolið salatið og leggið í skál með smátt skorinni papriku. Skerið lambakjötið í þunnar sneiðar og leggið ofan á salatið. Stráið að síðustu ristuðu sólblómfræjunum yfir. Sólblómafræin verða þannig kryddið á kjötið.

Blandið balsamikedik, ólífuolíu og sesamolíunni saman í skál og hellið yfir salatið.

Einfalt, hollt og gott á grænu stökku salatbeði - töfrað fram á örskotsstundu.

LAMBAKJOT.IS

Petta er ekkert stórmál!

sendu sms í
1902

Pú ræður
upphæðinni og tímanum.
Allt að **100 þúsund**
í **30 daga**



Vantar þig smá lán í bara smá tíma?
Farðu inn á **Smálán.is**, veldu upphæð
og lánstíma og þú sérð strax hvað
það kostar! Svo geturðu fengið lán
með bara einu sms-i!

Þjónustusími 800-1902 · www.smalan.is

Smálán
- ekkert stórmál

MÍÐA- SALAN HEFST Í DAG




NASA

KYNNIR

DJ PÁLL ÓSKAR
SÉRSTAKIR GESTIR
BLÁR ÓPAL
LAUGARDAGINN
17. MARS
KL. 0.00 – 4.30
FORSALA Á MIDI.IS
MÍÐAVERÐ 1500 KR.
ATH. ÓBREYTT MÍÐAVERÐ VIÐ HURÐ

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ UPPLIFA
NASA Í ALLRI SINNI DÝRÐ OG GLEYMA SÉR Á
STÆRSTA DANSGÓLFÍ REYKJAVÍKUR.
PÁLL ÓSKAR OG BLÁR ÓPAL ER BLANDA SEM
MUN SPRENGJA ÞAKIÐ AF HÚSINU.
WWW.NASA.IS



41. AFMÆLISDAGUR sjarmörsins Jóns Hamm er í dag. Hann er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Don Draper í þáttunum Mad Men.

Ömmur og sætir strákar

Tuttugu og tvö lönd keppa til úrslita í Eurovision-söngvakeppninni í Baku í lok maí og er búið að velja lög og flytjendur í öllum löndum nema sjö.

Hópur eldri kvenna sem syngur þjóðlagatónlist í þjóðlegum klæðum og gengur undir nafninu Buranovskiye Babushki, eða Buranovskí ömmurnar, hefur vakið mikla athygli síðan þær voru kosnar áfram sem framlag Rússa nú í vikunni. Dömunar sex eru allar komnar vel á efri ár og eru frá óþekktu smáþorpi í Rússlandi sem heitir Udmurt. Þær vinna þær baki brotnu á býlum sínum og hafa sitt lifibrauð af því. Ömmurnar lentu í þriðja sæti í undankeppninni í Rússlandi árið 2010 en í þetta skipti gengu hlutirnir betur og sigruðu þær meðal annars teymi Dima Bilan, sem kom Rússum í annað sætið í keppninni árið 2006, og Juliu Volkova, sem var annar helmingur t.A.T.u. teymisins sem hreppti þriðja sætið árið 2003.

Ömmurnar eru þó ekki einu elli-lífeyrisþegar keppinnar í ár, því Bretar leituðu í reynslubanka hins 75 ára gamla Engelberts Humperdinck í þeirri von að 45 ára reynsla hans úr bransanum komi til með að skila þeim árangri.

Framlag Hollendinga hefur



ÞJÓÐLEGAR ÖMMUR Ömmurnar frá Rússlandi verða þjóðlegar á sviði í Baku.

22 lönd keppa til úrslita í Eurovision-keppninni sem fer fram í Baku í Aserbaídsjan í maí.

vakið athygli þar sem flytjandinn Joan Franka klæddist indíánabúningi á sviði í undankeppninni.

Írar senda strákana í Jedward aftur til leiks, en dúettinn keppti einnig fyrir hönd landsins í fyrri og lenti þá í 8.sæti.

Austurríki sendir líka stráka-dúett til Baku, hipp hopp dúettinn

Trackshittaz, sem sigraði undankeppnina í ár eftir að hafa lent í öðru sæti í fyrra.

Sætir strákar verða vinsælir þátttakendur í ár. Fyrrum Idol-keppandi og rokkari, sem er ófeiminn við að sýna líkama sinn, keppir fyrir hönd Slóvaka og Tyrkír senda Can Bonomo sem hefur verið að slá í gegn á YouTube að undanförunu. Litháen, Eistland og Noregur eru meðal landa sem senda einnig unga og myndarlega drengi sem sinn fulltrúa.

Þann 17. mars munu Belgar kynna framlag sitt síðastir þjóða, og munu þar með allir flytjendur og öll lög liggja fyrir.

tinnaros@frettabladid.is

STYRKUR+

STYRKARÞJÁLFUN - 50+

6-vikna námskeið fyrir konur og karla 50 ára og eldri.
2x í viku - 40 mínútur í senn.

Styrktarþjálfun í hinum byltingarkenndu Strive 1,2,3 tækjum. Tækin sem koma þér í topp form!

Þrenns konar vöðvaþjálfun skilar miklum árangri. Hámark 17 manns í hóp - mikið aðhald og góðar leiðbeiningar.

Þú eykur grunnbrennslu líkamans til muna og kemst í flott form.

Innifalið:

- Lokaðir tímar 2x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiáðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Sérhönnuð brennsluáfangakerfi innifalin fyrir þátttakendur sem vilja sjá enn meiri árangur
- Árangur - fræðsluhandbók um fæðuval
- Mælingar - vigtun og fitumælingar

Allar upplýsingar um verð og tímasetningar á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | **BLUE LAGOON** ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Fær fiðrildi í magann

Leikkonan Kyra Sedgwick hefur verið gift leikaranum Kevin Bacon í 23 ár en segist enn fá fiðring í hvert sinn sem hún sér eiginmann sinn.

„Kjarninn í sambandinu hefur ekki breyst mikið öll þessi ár. Þegar hann gengur inn í herbergi fæ ég enn fiðring og hugsa: „Mikið er hann myndarlegur.“ Þið getið spurt hvern sem er, ég held að tilfinningar mínar í hans garð séu nokkuð augljósar. Ég er enn að kynnast honum og tilhugsunin um að eldast með honum finnst mér bæði spennandi og ógnvænleg,“ sagði leikkonan í nýlegu blaðaviðtali.



ÁSTFANGIN Kyra Sedgwick fær fiðring í hvert sinn sem hún sér eiginmann sinn, Kevin Bacon.

NORDICPHOTOS/GETTY



SAMSTILLTAR Ashley og Mary-Kate Olsen eru mjög samrýndar og hugsa eins.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hugsa eins

Tvíburasysturnar Ashley og Mary-Kate Olsen viðurkenna í nýju viðtali við Elle UK að þær fái gjarnan sömu hugmyndina á sama tíma.

Systurnar slógu í gegn á barnsaldri fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Full House en hafa nú alfarið snúið sér að fatakönnun og öðrum rekstri. Þær segjast mjög nánar, svo nánar að stundum virðast þær deila sama huga. „Við löðumst að ólíkum hlutum en erum þó alltaf sammála. Ég er ekki viss um að við áttum okkur á hversu samstilltar við í raun erum. Þetta er næstum eins og einn heili sem deilist á tvær manneskjur,“ sagði Ashley við blaðamann Elle.

Engin börn með Jolie

Leikarahjónin fyrrverandi Billy Bob Thornton og Angelina Jolie ákváðu að skilja vegna þess að Thornton vildi ekki eignast börn með Jolie. Þetta segir fyrrverandi eiginkona hans, Melissa deBin-Parish. Hún var gift

Thornton á árunum 1978 til 1980 og segir að lítill áhugi hans á börnum hafi fært þau í sundur. „Ég veit að hann vildi ekki hafa börn í kringum sig á þeim tíma. Skoðið bara hvað gerðist. Hún ættleiddi Maddox og hann hvarf á braut,“ sagði hún. Thornton og Jolie hittust árið 1999 og giftust eftir tveggja mánaða samband. Premur mánuðum eftir að Jolie ættleiddi Maddox skildu þau.

ENGIN BÖRN Billy Bob Thornton er sagður ekki hafa viljað eignast börn með Jolie.

Britney Spears á leið í X-Factor

Britney Spears er í þann mund að skrifa undir samning um að vera dómari í sjónvarpsþáttunum X-Factor. Talið er að hún fái í sinn hlut tíu milljónir dollara, eða um 1,2 milljarða króna, fyrir næstu þáttaröð.

Stutt er síðan maðurinn á bak við þættina, Simon Cowell, hrósaði hinni þrítugu söngkonu í útvarpsþætti. „Það að hún sé enn umtalaðasta, ekki bara poppstjarnan, heldur manneskjan í heiminum í dag þýðir að hún býr yfir einstökum hæfileikum,“ sagði hann og hélt áfram: „Hún er þrautseig. Það að hún hafi komist í gegnum alls konar hluti og er enn sjóðheit með vinsælari plötur sýnir að hún er afar sérstök.“

Áhorfið á fyrstu þáttaröðina af X-Factor var undir væntingum í fyrra og var áhorfið meira á keppinautinn American Idol. Búið er að reka dómara Paula Abdul og Nicole Sherzinger. Cowell hefur ekkert viljað segja hvaða dómara taka við af þeim en hefur staðfest að þeir verða báðir kvenkyns.

Spears er ein af mörgum sem hafa verið orðaðar við dómaraastólinn. Janet Jackson var ein þeirra en talið er að hún hafi ekki getað tekið að sér starfið vegna væntanlegrar tónleikaferðar.



Á LEIÐ Í X-FACTOR? Britney Spears er sögð ætla að taka að sér dómarahlutverk í X-Factor.

DEKURDAGAR Í DÝRARÍKINU Í HOLTAGÖRÐUM UM HELGINA!

20%

AFSLÁTTUR AF SJAMPÓÍ Í MIKLU ÚRVALI

FRÁ KLUKKAN 12 TIL 15 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

LEIÐBEINIR **STELLA SIF GÍSLADÓTTIR** FÓLKI

HVERNIG SNYRTA Á HUNDA OG KETTI OG LEIÐBEINIR MEÐ VAL Á BURSTUM, GREIÐUM OG SJAMPÓÍ

30%

AFSLÁTTUR AF BURSTUM OG GREIÐUM

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM FYRIR ÖLL DÝR

30%

AFSLÁTTUR AF HÁGÆÐA HUNDA- OG KATTAMAT

GERÐU GÓÐ KAUP UM HELGINA!

HUNDANUDD

KL. 13:00, KL. 14:00 OG KL. 15:00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

SÝNIR **NANNA ZOPHONIASDÓTTIR** FÓLKI HVERNIG SJÚKRANUDD FER FRAM OG LEIÐBEINIR FÓLKI MEÐ HUNDA SEM ÞARF AÐ NUDDA REGLULEGA

NÝKOMIN SENDING AF CHICOPEE

super premium dog and cat food

DÝRARÍKIÐ

HAGKAUPIÐ DÝRANA

SKUTUVOGUR

SÆBRAUT

EKKI MISSA AF ÞESSU - KOMIÐ OG DEKRIÐ VIÐ DÝRIN YKKAR

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68

Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

Næg bílastæði á efra plani



HEIMILI OG SKÓLI ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2012

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra verða afhent miðvikudaginn 16. maí 2012 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á heimilioskoli.is.

Síðasti skiladagur tilnefninga er 1. maí 2012.



Heimili og skóli
Landsamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík
Sími 516 0100 • www.heimilioskoli.is



ÞÉTTSETIÐ Sýning Burberry í London var vel sótt hjá fræga fólkinu en hér má meðal annars sjá Alexu Chung, rapparann will.i.am og leikarann Jeremy Irvine sitja á fremsta bekk. Ekki er vitað hvort Burberry er eitt af þeim tiskuhúsum sem borga fyrir að hafa fræga gesti.

NORDICPHOTOS/GETTY

FÁ FORMÚU FYRIR AÐ SETJAST Á FREMSTA BEKK

Stjörnurnar hafa flykkst milli borga á borð við New York, London, Milánó og París til að dást að komandi haustísku en nú hefur komið í ljós að flestar þeirra þiggja laun fyrir að setjast á hinn fræga fremsta bekk.

„Þetta er mjög ófagmannlegt. Ég hef aldrei og ætla aldrei að borga frægu fólki fyrir að mæta á sýninguna mína,“ segir fatahönnuðurinn Nicole Fahri í viðtali við tímaritið Stella, fylgiblað The Sunday Telegraph.

Fahri er sú fyrsta sem talar opinskátt um þá venju tiskuhúsanna að borga frægum gestum

fyrir það eitt að mæta á sýningar hjá þeim og sitja á fremsta bekk, en hún er allt annað en sátt við þetta fyrirkomulag. Fahri vill meina að þetta sé vond þróun í tiskuheiminum og að áherslan á stjörnurnar dragi athygli frá því sem á að skipta máli á tiskusýningunum, fatnaðinum sjálfum.

„Hvað er það sem við sjáum í blöðunum daginn eftir sýningar? Fullt af fréttum um það hverjir sátu á fremsta bekk en ekkert um sjálf fötin sem eru á sýningunni. Ég veit að margir eiga eftir að hata mig fyrir að ljósstra þessu upp en mér er sama. Þetta er vandamál.“

Í Bandaríkjunum er það mjög algengt að tiskuhúsin bjóði fræga fólkinu á sýningarnar sínar, samkvæmt heimildum The Sunday Telegraph.



ÁHUGSAMUR Tónlistarmaðurinn og nú fatahönnuðurinn Kanye West á fremsta bekk á sýningu Mark Fast í London.

Það telst góð leið til að tryggja umfjöllun enda eru stjörnurnar oftast eltar á röndum af ljósmyndurum. Tiskuhúsin eru þá að borga allt frá flugferðum upp í fullt upphald svo sem hótellkostnað, fatnaðinn sem viðkomandi klæðist á sýningunni og matarkostnað ásamt ríflegum greiðslum.

Stjörnur á borð við Michelle Williams, Aliciu Keys, P.Diddy og Kanye West, sem eru tíðir gestir á tiskuvíkunum, eru því hugsanlega að græða á því að sitja í fremstu röð. Ekki er vitað hvaða tiskuhús eða hönnuðir borga fyrir aðdáendur sína en margir beita greinilega ýmsum brögðum til að lokka til sín fræg andlit og fleiri ljósmyndara.

alfrun@frettabladid.is

HRAÐDARI SKEMMTILEGRI

EINFALDARI



FLOTTAR Ætli Michelle Williams, Elisabeth Olsen og Lana Del Rey hafi fengið borgað fyrir sitja og fylgjast með sýningu Mulberry á tiskuvikunni í London.

Pegir um einkalífið

Leikkonan Sienna Miller prýðir forsiðu næsta heftis breska Vogue og í ítarlegu viðtali við blaðið talar hún um það hvað henni sé illa við að ræða einkalíf sitt.

Miller á von á sínu fyrsta barni með leikaranum Tom Sturridge og í viðtalinu segist hún lítið vilja ræða einkahagi sína. „Ég er komin meira en þrjú mánuði á leið og má því tala um óléttuna. En mér hefur verið ráðlagt að gera það ekki þar sem það mundi stríða gegn því sem ég hef unnið að síðustu átta ár,“ segir leikkonan og á þar við það að halda einkalífi sínu utan fjölmiðla.

ÞÖGUL Sienna Miller vill ekki ræða um einkalíf sitt í nýju viðtali við Vogue.
NORDICPHOTOS/GETTY



Tæki til sölu á sölutorgi Ergo



Mercedes Benz Actros vörubíll – Árgerð 2008. Ásamt malbiksviðgerðartæki.



Veekmas veghefill – Árgerð 2008. Ekinn 1061 vinnustund.

Nánari upplýsingar á sölutorgi Ergo á ergo.is

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is



Sprengisandur BYLGJAN
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



Netið í símanum í 1 mán. fylgir. Allt að 1 GB á mán.



THE AMAZING EVERYDAY

NOKIA LUMIA 800

Hannaður til að gera lífið skemmtilegra

Nú er hann kominn til landsins. Splunkunýr og spennandi Nokia Lumia 800 með Windows 7 stýrikerfið innanborðs. Glæsileg hönnun með 3,7 tommu kúptum glerskjá og 8 megapíxla myndavél. Nokia Lumia 800 er hraðari og skemmtilegri með GPS staðsetningarbúnaði og fullkomnu leiðsögukerfi. Einnig fylgir 25 GB Skydrive-minni með.

NOKIA LUMIA 800
Einn sem getur allt

5.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 89.900 kr.

Netið í símanum í 1 mánuð fylgir. Allt að 1 GB á mánuði.

Síminn

Réttur maður í verkið

★★★★★

Wrecking Ball

Bruce Springsteen

Wrecking Ball er sautjándi plata Bruce Springsteen. Hún er ekki gerð með hljómsveitinni hans E-Street Band, heldur koma fjölmargir hljóðfæraleikarar við sögu, bæði meðlimir í E-Street bandinu og aðrir, þ.á.m. fyrrum Rage Against the Machine-gítarleikarinn Tom Morello sem spilar í tveimur lögum. Upptökum stjórnáði Ron Aniello.

Wrecking Ball er þemaplata.

Hún fjallar um hrúnið árið 2008 og efnahagskreppuna sem fylgdi í kjölfarið. Lögin hafa hvert sitt sjónarhorn á viðfangsefni; í Shackled and Drawn fá verðbréfabraskarar kaldar kveðjur, í This Depression bendir Bruce á nauðsyn þess að standa saman í þrengingum, í Jack of All Trades, sem er ósvikin ballaða í anda lagsins The River, er söguhetjan búin að missa vinnuna og í Death to My Hometown er vakin athygli á því að þeir sem lögðu bæinn í rúst hafi ekki farið um með sprengjur og riffa, og að þeir séu enn frjálssir ferða sinna... Bruce er reiður og segir hlutina beint út á plötunni,



en í titillaginu Wrecking Ball setur hann þessa efnahagskreppu í samhengi við þær fyrri, sem er auðvitað jákvæð afstaða, „Hard Times

Go and Hard Times Come“. Tónlistarlega er platan eins og óður til bandarískrar tónlistarsögu. Wrecking Ball hefur kraftmikl og rokkað yfirbragð, en hún er full af tilvísunum í aðrar tónlistarstefnur. Það er írsk þjóðlagatónlist hér, gospel, mexíkósk stemning á einum stað og meira að segja lítill rappkafl. Engar áhyggjur samt, það er ekki Bruce sjálfur sem rappar heldur gospelsöngkonan Michelle Moore. Þrátt fyrir þetta virkar tónlistin aldrei eins og einhver samsuða. Lögin eru öll góð og heildarmyndin er mjög sterk.

Tónlistarmenn hafa lítið látið í sér heyra um kreppuna. Einhverj-

ir lýstu yfir stuðningi við Occupy-hreyfinguna, en fáir hafa gert efnahagsástandið að viðfangsefni á plötum sínum. Það er kannski allt í lagi, fæstir þeirra gætu gert það af einhverju viti. Bruce Springsteen er hinsvegar rétti maðurinn í verkið. Wrecking Ball er búin til utan um stóra hugmynd sem gengur fullkomlega upp. Tónlist og textar vinna saman. Að mínu mati besta plata Springsteens allavega síðan Born in the U.S.A. kom út árið 1984.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Mikilvægasta plata Bruce Springsteen í langan tíma.



Í FELLIBYL Heidi Klum er enn að jafna sig eftir skilnaðinn við Seal.

Í miðjum fellibyl

Fyrirsætan og sjónvarpskonan Heidi Klum hefur í fyrsta sinn tjáð sig um skilnaðinn við popparann Seal. Þau skildu í janúar eftir sjö ára hjónaband.

„Mér finnst ég vera inni í miðjum fellibyl. Tilfinningarnar sem bærast inni í mér eru eins og fellibylur. Svo er algjör klikkun í gangi allt í kringum okkur með alls konar vangaveltum. Það er annars konar fellibylur,“ sagði hún og bætti við að almenningur hafi aðeins séð frábæru hliðarnar á sambandinu en neitaði að tjá sig nánar um það í samtali við tímaritið Elle. „Fólk þarf ekki að vita hver gerði hvað. Ég vil hvorki tala jákvætt né neikvætt um þær hæðir og lægðir sem við áttum.“



ÁHYGGJUR Mágkona Whitney Houston hafði miklar áhyggjur af henni.

Óttaðist um Houston

Mágkona Whitney Houston segist lengi hafa óttast að hún myndi deyja. Ástæðan er vafasamur lífsstíll hennar síðustu mánuðina áður en hún lést. Í væntanlegu viðtali við Oprah Winfrey segist Patricia Houston, sem er gift bróður Houston, hafa haft miklar áhyggjur af söngkonunni. Hún hélt reyndar að hún væri að komast á beinu brautina en allt kom fyrir ekki.

„Hlutirnir voru farnir að breytast hjá henni. Þetta snerist ekki um vímuefni heldur meira um lífsstílinn. Ég var hrædd um aðra hluti. Hún elti ákveðinn draum og leitaði að ástinni á röngum stöðum,“ sagði hún.

100 KRÓNUR
Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins Mottumars.

Mundu að það eru bláu pakkarnir frá Nicotinell sem styrkja gott málefni.

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Lesi skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Nicotinell lyfjatyggigúmmi inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínólacillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmi er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólk sem vill hætta að reykja eða hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmi eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmi. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafraeðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lífrastarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.



VIKTOR KRISTMANNSSON er ekki meðal keppenda á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum sem fram fer í Laugaból í Reykjavík í dag og á morgun. Viktor hefur orðið Íslandsmeistari í fjölþraut undanfarin níu ár en er meðdur á baki. Það er samt líklegt að titillinn haldist í fjölskyldunni því bróðir hans Róbert Kristmannsson hefur verið í öðru sætinu á eftir Viktori undanfarin þrjú ár. Thelma Rut Hermannsdóttir hefur titil að verja hjá konunum en hún hefur unnið fjölþrautina tvö ár í röð.

Dreglar og mottur á frábæru verði!

Ódýrar mottur 40x60 cm frá kr. **399**

Breidd: 1 metri Verð pr. lengdarmeter **1.795**

PVC mottur 50x80 cm **1.490**

Breidd: 66 cm Verð pr. lengdarmeter **1.495**

Margar stærðir og gerðir

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
- Afslátt eða gott verð? -
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Ólsari keppir um gullskóinn

Aleksandrs Cekulajevs, fyrrum leikmaður Víkings Ólafsvíkur, sló í gegn í Eistlandi og átti í keppni við Cristiano Ronaldo, Lionel Messi og Robin van Persie um gullskóinn í Evrópu. Cekulajevs skoraði 46 mörk í 35 leikjum í Eistlandi.

FÓTBOLTI Sjálfsgat muna ekki margir eftir Lettanum Aleksandrs Cekulajevs sem lék hér á landi sumarið 2010. Helst stuðningsmenn Víkings frá Ólafsvík og aðrir sem fylgdust vel með keppni í 2. deild karla það sumar. Cekulajevs skoraði fjórtán mörk í 22 leikjum með Ólsurum þetta eina sumar sem hann spilaði hér á landi.

Cekulajevs spilaði í JK Trans Narva í efstu deild í Eistlandi síðasta tímabil og er óhætt að fullyrða að þar hafi hann slegið í gegn – enda skoraði hann 46 mörk í 35 deildarleikjum með félaginu. Ótrúlegur árangur sem skilaði honum ofarlega á lista yfir þá sem keppa um gullskó Evrópu en hann fær markahæsti leikmaður álfunnar ár hvert.

